Fylkir

76. árg. | 3. tölublað | Jólin 2024

Fylkir óskar lesendum
sínum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

Óskum starfsfólki, viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Áramótalokun Set verður frá
21. desember til og með 5. janúar 2025.

Set ehf. stundar vöruþróun og framleiðslu og veitir tækniráðgjöf og þjónustu á sviði lagnaiðnaðar, einkum á veitusviði. Fyrirtækið rekur verksmiðjur á Selfossi og í Haltern am See í Þýskalandi og hefur ISO 9001 gæðavottun og viðurkenningu Euro Heat & Power í Evrópu.

Set ehf • Röraframleiðsla

EFNISYFIRLIT

Bls. 3 ***Birtan frá Betlehem lýsir veginn***
- Sr. Sunna Dóra Möller

Bls. 5 *Að virkja óvininn - saga hraunhita-veitunnar*
50 ár frá því fyrsta húsið var tengt hraunhitaveitunni
- Ívar Atlason

Bls. 9 *Eigendasaga Vestmannaeyja:*
Frá Herjólfi Bárðarsyni til Vestmannaeyjabæjar
- Kári Bjarnason

Bls.13 *Sjöfn Kolbrún, Bobba í Gröf:*
Lærði að róa árabát 10 ára
- Ásmundur Friðriksson

Bls. 17 *Sigurgeir í Skuld :*
Skráð sögu Vestmannaeyja í 80 ár
- Ómar Garðarsson

Bls. 23 *Sjóslysið við Eiðið 16. desember 1924*
Harmleikur við fjöruborð
- Helgi Bernódusson

Bls. 31 *Hús og fólk VIII*
Hof við Landagötu
- Eiríkur Þ. Einarsson

Bls. 34 ***Haraldur Bjarnfreðsson og árásin á Bisp 1940***
- Jón Helgason frá Seglbúðum

Bls. 37 ***Látnir kvaddir*** *- Myndir af fólki sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og lést á árinu.*

Myndir í blaðinu:
Forsíðumynd: *Sæþór Vídó.*
Aðrar myndir: Úr einkasöfnum og Ljósmyndasafn Vestmannaeyja.



Birtan frá Betlehem lýsir veginn

Það var einstök kyrrð yfir öllu daginn sem ég sigldi hingað til Vestmannaeyja til að taka við þjónustu hér við Landakirkju næstu fimm mánuðina í leyfi sr. Viðars.

Hafflöturinn var alveg spegilsléttur alla ferðina, Herjólfur haggaðist ekki, heldur leið mjúklega áfram og þar sem ég sat úti og fygldist með Eyjunum nálgast fann ég bæði fyrir örliltum kvíða yfir að mæta ein inn í nýtt samfélag þar sem ég þekkti engan en um leið tilhlökkun að takast á við þetta nýja verkefni á nýjum stað.

Það er óhætt að segja að fegurðin hér er einstök. Mér eru minnistæðir fyrstu morgnarnir er ég var að rölta upp í kirkju í einstakri veðurblíðu og gekk ég alltaf hægum skrefum til að geta notið alls þessa sem fyrir augum bar. Ég lagði mig fram um þessa fyrstu daga að labba hér um allt, skoða hraunið, kynna mér betur söguna, ganga á Eldfellið og út á Hamarinn hvar ég leit Lunda og pysju augum í fyrsta sinn á ævinni og ég upplifði stund sem ég mun alltaf geyma í minni, heilaga stund þar sem ég sat á þúfu um stund og horfði á þessa yndislegu sköpun Guðs sem Lundinn er og núið varð

SR. SUNNA DÓRA MÖLLER

áþreifanlega til í verunni minni allri.

En hér er ekki bara fegurð í náttúrunni heldur ríkir einnig fegurð í mannlífinu. Hér er einstakt samfélag og einstök hlýja í garð náungans. Það hafa verið sönn forrettindi fyrir mig að upplifa þetta hér Eyjum og finna hlýjuna sem mér hefur verið sýnd en það hefur verið mér óendanlega dýrmætt og eru gæði sem ég mun taka með mér héðan er ég kveð um áramótin.

Við lifum sannarlega jolaboðskapinn hér í Vestmannaeyjum, þar sem enginn er einn og afskiptur og allir eru tilbúnir til að gefa af sínu til að öllum líði vel. Birtan sem lýsir frá Betlehem er vegvísir að því hvernig við getum lifað fallega og vel og staðið saman þegar á reynir. Og sú birta sem yljar, huggar og styður er lífæð samfélagsins hér. Þakklætið verður alltaf mitt að hafa fengið að kynnast þessari birtu sem ríkir hér í þessu fallega sanfélagi sem Vestmannaeyabær er.

Ó, þegar sérhvert hjarta er hreint
og hefir, Drottinn, mátt þinn reynt
þá ljómar heimi lífsins sól,
vér lifum eilíf dýrðarjól.
(Valdimar V. Snævarr)

Góður Guð gefi okkur öllum góð og gleðileg jól.

Fylkir

ÚTGEFANDI:
Eyjasýn hf. fyrir hönd Sjálfstæðisfélaganna í Vestmannaeyjum

RITNEFND: Eyþór Harðarson, ábm., Arnar Sigurmundsson, ritstjóri Jarl Sigurgeirsson, Gísli Stefánsson, og Thelma Hrund Kristjánsdóttir.

UMBROT: Leturstofan / Sæþór Vídó
PRENTUN: Landsprent ehf.
UPPLAG: 2200 eintök

BLAÐINU ER DREIFT Í ÖLL HÚS Í VESTMANNAEYJUM OG AUK ÞESS SENT VÍÐA UM LAND OG SELT Í LAUSASÖLU Á KLETTI, VESTMANNAEYJUM. ÞAÐ VERÐUR EINNIG AÐGENGILEGT Á EYJAFRETTIR.IS ÚT JANÚAR 2025

ÍSFELL
Sendum okkar bestu óskir
um gleði og frið um jólin
og farsæld á komandi ári.

TOYOTA RELAX
Engin vandamál – bara lausnir
ALLT AÐ
10
ÁRA
ÁBYRGÐ
TOYOTA
RELAX
Við framlengjum ábyrgðina á Toyota-bílnum þínum um 12 mánuði* í senn
þegar þú kemur í þjónustuskoðun hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota.
Toyota Relax er í boði þar til bíllinn verður 10 ára eða
hann ekinn 200.000 kílómetra – hvort sem fyrr kemur.
Bókaðu tíma á
TOYOTA.IS
Toyota RELAX ábyrgð gildir í 12 mánuði frá og með þjónustuskoðun bifreiðar eða í 15 þúsund km akstur (20 þúsund í tilviki Proace) – hvort sem fyrr kemur. Íhlutir sem gert er athugasemd við í þjónustuskoðun og sem ekki eru lagaðir falla ekki undir Toyota RELAX ábyrgð. Bíll er gjaldgengur í Toyota RELAX ef hann er fluttur inn af Toyota á Íslandi, er keyrður minna en 200 þúsund km og er ekki orðinn 10 ára gamall. Bílar með minna en 12 mánuði eftir af núgildandi ábyrgð (5 ára eða 7 ára) eru EINNIG gjaldgengir í Toyota RELAX – að öðrum skilyrðum uppfylltum. Fyrirvari við 5 og 7 ára ábyrgð bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.

Að virkja óvininn - saga hraunhitaveitunnar

50 ár frá því fyrsta húsið var tengt hraunhitaveitunni

GREINARHÖFUNDUR:
ÍVAR ATLASON

Enginn jarðhiti er í Vestmannaeyjum og þar af leiðandi ekki hægt að hita upp hús með heitu vatni sem fæst úr iðrum jarðar. Töluverð fyrirhöfn og kostnaður hefur ætíð verið við upphitun húsa í Vestmannaeyjum. Kolakynding var algengasta (ódýrasta) aðferðin við upphitun húsa í Eyjum á fyrrihluta síðustu aldar. Eftir seinni heimstyrjöldina var olíukynding orðin algeng á Íslandi og í Eyjum. Bein rafhitun hefst í Eyjum eftir að sæstrengur var lagður milli lands og Eyja árið 1962. Flest öll hús sem byggð voru eftir 1962 voru með rafhitun. Þegar gosi lauk í Heimaey um mitt ár 1973, veltu menn því fyrir sér hvort unnt væri að nýta hitann í hrauninu til húshitunar. Hlöðver Johnsen, starfsmaður Viðlagasjóðs, gerði, ásamt Sveinbirni Jónssyni, forstjóra Ofnasmiðjunnar, tilraun til að nýta gufuna. Þeir stungu vatnsrörum niður í borholu og leiddu svo vatnið inn á miðstöðvarkerfi hússins að Helgafellsbraut 6, þetta var 20. janúar 1974. Það var fyrsta virkjunin í Eyjum.

Á næstu árum fóru fram tilraunir og rannsóknir sem enduðu með því að fjarvarmaveita var lögð í bæinn og varminn í hrauninu var nýttur til að hita upp vatn fjarvarmaveitunnar. Einstök framkvæmd og nýsköpunarverkefni sem Eyjamenn mega svo sannarlega vera stoltir af og eina hraunhitaveitan sem starfrækt hefur verið í heiminum svo vitað sé.

Frumkvöðlarnir

Páll Zóphóníasson (f. 1942)

Páll Zóphóníasson, tæknifræðingur, kom til starfa hjá Vestmannaeyjabæ í mars 1972 eða rétt fyrir Heimaeyjargosið og starfaði sem bæjartæknifræðingur til ársins 1976. Þá tók hann við sem bæjarstjóri og gegndi því starfi til ársins 1982. Páll var annar tveggja framkvæmdastjóra Viðlagasjóðs í Vestmannaeyjum, í gosinu og kom að því mikla björgunarstarfi sem fór fram á Heimaey og í framhaldinu að verkefnum sem sneru að uppbyggingu bæjarins s.s. hreinsun, skipulagsmálum og hraunhitaveitu. Á sama tíma og Páll var bæjarstjóri var hann einnig formaður veitustjórnar.

Hvenær sáu menn tækifæri í því að virkja orkuna í hrauninu?

„Það voru margir samverkandi þættir sem urðu til þess að hraunhitaveitan varð að veruleika og hraunkælingin í gosinu er kannski upphafið að þessu öllu saman. Án þess að hallað sé á nokkurn mann þá var Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor í jarðeðlisfræði upphafsmaður að hraunkælingunni og fylgdist eiginlega með henni frá fyrsta til síðasta dags. Það var að hans ráðleggingum hvernig hraunkælingin fór fram, hvar var kælt og hvernig var kælt. Það var okkar hinna að útvega tæki og tól og síðan mannskap o.s.frv. Hann hafði á gostímanum bent á hugsanlega möguleika á að nýta hitann í hrauninu."

> *Án þess að hallað sé á nokkurn mann þá var Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor í jarðeðlisfræði upphafsmaður að hraunkælingunni og fylgdist eiginlega með henni frá fyrsta til síðasta dags. Það var að hans ráðleggingum hvernig hraunkælingin fór fram, hvar var kælt og hvernig var kælt.*

Hlöðver Johnsen, Þorbjörn Sigurgeirsson og Páll Zóphóníasson.

Páll segir að Þorbjörn hafi haft áhuga á að gera tilraunir með hraunkælingu þegar gaus úti í Surtsey en gosið þar stóð í fjögur ár, frá 1963 til 1967. „Ekki höfðu allir trú á hraunkælingunni á Heimaey og eins og alltaf voru úrtöluraddir og ekki auðvelt að koma þessu áfram. Í fyrstu viku febrúar var gerð tilraun með að dæla vatni úr slökkviliðsbíl á bráðið hraun við ströndina fyrir austan, suður af hafnargarðinum. Þessi tilraun sannfærði marga efasemdamenn, enda hafði tilraunin geysileg áhrif á hraunrennslið og í hvaða átt og hvernig hraunið rann. Einnig sáu menn hversu gífurleg orka var til staðar þegar hraun sem var 1100 gráðu heitt var kælt og storknaði, vatnið hitnaði upp í yfir 100 gráður, breyttist í gufu og þá varð til óhemju orka því þegar hún þéttist aftur gaf hún frá sér varma. Það var þessi orka sem var auðveldara að vinna með en þurran hita og það var hinn þétti varmi í gufunni sem var nýttur í tilraununum sem menn fóru af stað með hérna. Þannig að þetta var rætt manna á meðal allan tímann.

Í gosinu vorum við með jarðfræðinga sem komu hingað til að gera athuganir og mælingar og þeir gáfu skýrslur frá degi til dags," segir Páll en hann og Guðmundur Karlsson voru báðir framkvæmdastjórar Viðlagasjóðs þegar þetta var.



Tilraunaveitan í Gufugili.

„Við fengum Hlöðver Johnsen til að vera jarðfræðingunum til aðstoðar og sjá um þessar mælingar með leiðbeiningum frá vísindamönnunum. Verkefni hans voru m.a. að fylgjast með hraunrennslinu, hallamæla borholu við Steypustöðina o.fl. Þetta var heilmikið starf en því lauk þegar leið á sumarið. Hlöðver var fenginn til að vera í sambandi við þá sem sáu um gróðurtilraunirnar sumarið 1973. Fyrirtækið Sáning kom hingað til þess að sprauta fræi með sellulósa bindiefni á vikurbreiðurnar til að binda fræið og athuga hvort það gæti gróið í þessum svörtu flákum, því þetta var svo hræðilega svart allt saman. Sveinbjörn Jónsson hjá Ofnasmiðjunni, stjórnarformaður Sáningar, kom hingað í því sambandi og fékk strax áhuga á því að nýta hitann eins og svo margir aðrir. Þegar Viðlagasjóður hætti afskiptum sínum haustið 1973 hélt Hlöðver áfram að fást við mælingar fyrir Vestmannaeyjabæ og var starfsmaður bæjarins á meðan tilraunirnar voru í gangi."

Páll segir að þegar kom að því að ákveða hvernig hita ætti nýja vesturbæinn, sem var byggður upp eftir gosið, var strax ákveðið að fara út í fjarhitun. „Það var ákveðið að tengja húsin saman og vera með sama hitagjafa sem hitaði öll húsin upp. Kerfið var lokað og hannað með það í huga að ef okkur tækist að nýta hitann frá hrauninu þá væri hægt að nota þetta kerfi. Það var hugsunin þegar byrjað var að hanna húsin í vesturbænum strax á árinu 1974. Auðvitað voru líka til menn sem vildu meina að við ættum að hita þessi hús upp með beinu rafmagni því það væri framtíðin. Fyrsta tilraunin var gerð með varmaskiptum sem Sveinbjörn í Ofnasmiðjunni kom með og var settur í borholu á gamla landinu sem gufaði upp úr vegna hita frá hrauninu og gafst vel en hitinn var ekki nægjanlegur.

Þá var tilraunin færð upp í Gufugilið en fljótlega komu upp erfiðleikar sem var tæring á varmaskiptum og þar af leiðandi

rekstararstopp. Það var erfitt fyrir alla sem að þessu stóðu en í sjálfu sér var ekkert við því að segja en rekstrarstoppin gátu valdið skemmdum. Það þurfti að skipta um varmaskipta, þetta voru búnt af rörum í einni lengju, pressuð saman, eða spírall úr rústfríu stáli. Þegar hætt var að nota þessar holur, þá fóru menn að leggja þetta á jörðina, grafa brunna og vökva þetta svæði, það var líka tilraunaveita í kringum það.

Sigmund var með tilraunir uppi á hrauni þar sem hægt var að ná upp hita sem var allt að 500 gráður. Hann gerði tilraun með að virkja þurran hita og var keyptur heyblásari til að nota við verkið. Sigmund gerði athuganir sínar á svæði sem er nálægt þeim stað þar sem hitaveitan var byggð á og virkjað. Nýtingin á heitu þurru lofti var léleg, það þurfti svo mikið magn en um leið og vatni var dælt niður á svæðið og gufa myndaðist og var leidd fram hjá varmaskiptunum skilaði það verulegum árangri. Það sem gerði útslagið hjá honum var að hann lét vatn renna niður á stað sem var bæði heitur og þurr, svo var farið að dæla niður vatni og fá þannig gufu. Svona lagað þróast, skref fyrir skref, menn verða jafnvel að byrja alveg upp á nýtt en allar þessar tilraunir nýtast þegar haldið er áfram. Þannig er öll þróun.

Í framhaldinu var ákveðið að fá Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns til þess að hanna hitaveituna uppi á hrauni. Þeir fengu aðgang að öllum þeim rannsóknum sem höfðu verið gerðar. Gufunni er safnað í tilbúna kistu þar sem hún þéttist á varmaskiptum. Guðmundur og Kristján byggðu á reynslu frá Sveinbirni í Ofnasmiðjunni, Hlöðver, Sigmund og ekki síst Má Karlssyni, bæjartæknifræðingi Vestmannaeyjabæjar og þeim sem voru við tilraunaveiturnar."

Gísli Geir Guðlaugsson
(f. 1940- d. 2022)

Gísli Geir Guðlaugsson kom að gerð tilraunahraunhitaveitu í Gufugili en virkjunin var útbúin til að hita upp 35 hús í austurbænum auk Sjúkrahússins. Fyrsta húsið sem þeir gerðu tilraun með var húsið hans Guðmundar H. Guðjónssonar við Helgafellsbraut 6. „Haustið 1975 er ég ráðinn hitaveitustjóri á Tilraunahraunhitaveitu Vestmannaeyja af hendi bæjarins. Þá fer ég í það að semja við Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns um hitaveitulagnirnar í þessi 23 hús sem áttu að tengjast hraunhitaveitunni, auk Sjúkrahússins. Sigmund teiknaði og hannaði allt uppi á hrauninu og að dælustöðinni sem var á Heimatorginu í kjallaranum í gamla kaupfélaginu [nú Ásgarður, félagsheimili Sjálfstæðismanna]. Hann hannaði kisturnar og það voru notaðir pottofnar, að ég held, í samráði við Sveinbjörn í Ofnasmiðjunni.

Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hannaði dælustöðina sjálfa og lagningar frá henni í húsin á þessu svæði. Síðan var farið í að kaupa rör en vélsmiðjan Magni sá um að ganga frá dælustöðinni og leggja frá henni til okkar. Við aftur á móti smíðuðum kistur uppi á hrauni, settum þessa ofna ofan í kisturnar og söfnuðum gufunni þangað. Við vorum í Gufugili því þar var mesta gufan og gufusöfnunin fór þannig fram að það var sléttað út svæði með því að keyra vikri og möl inn á það.

Síðan var notað byggingarplast, 6 metra breitt og það lagt yfir svæðið og svo var möl sturtað yfir það. Undir þessum dúk voru skolprör sem voru skorin í tvennt og sett á jörðina og voru þá eins og braggar í laginu, en inn í þau fór gufan og þaðan í kistuna þar sem ofnarnir voru og þar hitnaði vatnið. Svo stóð bara einn skorsteinn upp úr. Það myndaðist töluvert vatn þegar gufan féll og við leiddum það út á svæðið aftur til að auka gufumagnið og þannig var þetta einskonar hringrás.

Þetta hefur verið mikið frumkvöðlastarf? „Já, þetta var eitthvað sem þekktist ekki í heiminum. Það má segja að Sigmund og Sveinbjörn hafi áttað sig á því hvernig þetta myndi virka."

Það hefur verið svolítið mál að leggja í húsin og Sjúkrahúsið. Hvaða hús voru þetta? „Já, heilmikið en það var farið í að leggja í húsin meðfram hrauninu niður Heimagötu, upp Fífilgötu og einhver hús við Heimatorgið."

Gísli Geir Guðlaugsson að störfum í Gufugili.

Sigmund Johanson
(f. 1931- d. 2012)

Sigmund Johanson , teiknari og uppfinningamaður, leitaðist við að finna út hvernig virkja mætti hitann og orkuna sem bjó í hrauninu. Sigmund notaði nýstárlegar aðferðir en tilraunir hans urðu meðal annars til þess að nýr skilningur varð til um hringrás gufunnar í hrauninu.

„Ég var ekki við þegar fyrsta húsið var tengt en þeir sem að því stóðu komust að því að það var hægt að hita upp hús með orku frá hrauninu," sagði Sigmund þegar hann var spurður um hans þátt og aðkomu að tilraunaveitu á hrauninu. „Menn voru mikið að pæla í því, hvernig hægt væri að nýta hraunhitann, það voru sko miklar pælingar," sagði Sigmund en ekki höfðu allir trú á tiltækinu. „Fjöldinn vildi ekki að þetta væri reynt, vildi bara láta setja upp olíukyndingu. Svo var það einhvern tíma, – ég var nú alltaf með einhverjar fáránlegar hugmyndir. Guðlaugur Gíslason [alþingismaður] fékk fjárveitingu, örugglega í gegnum þingið, til að gera tilraunir, það var pólitík í þessu. Það vissi í raun og veru enginn hvernig átti að gera þetta, menn vissu að það var nógur hiti en það vantaði þekkingu. Menn vissu ekki hvernig hraun kólnaði og þetta var unnið í samvinnu við Raunvísindastofnun. Hlöðver Johnsen var alltaf uppi á hrauni að mæla gufur og uppstreymi, efnainnihald og hvort það væri hættulegt að mæla þarna eða einhvers staðar annars staðar.

Svo er það að ég fer að pæla mikið í þessu og þá í samvinnu við Raunvísindastofnun. Ég spurði þá hvort það væri ekki yfirleitt þannig að þar sem hraun rynni myndaðist stöðuvatn þar í nánd. Þá kom í ljós að það mynduðust stöðuvötn þar sem þannig háttaði til í landslagi. Þá uppgötvaði ég hvað gerist inni í hrauninu og það er í rauninni eðlilegur hlutur. Yfirborðskælingin, það er í raun vindurinn sem kælir hraunið að ofan og svo regnið sem er aðalhluturinn. Það rignir ofan í hraunið, yfirborðið er orðið kalt og þá skeður ekki neitt, regnið fyrir neðan breytist í gufu þegar það kemst í snertingu við hitann og gufan fer upp, kemst ekki upp í gegnum hraunið af því að yfirborðið er orðið kalt, þéttist þar og dropar aftur niður. Þannig heldur áfram sama hringrásin og alltaf eykst hraðinn á kólnuninni. Kólnunin fór eftir því hversu mikið rigndi á hverju ári og þannig er hún er alltaf í fullum gangi undir yfirborðinu. Það er alltaf verið að kæla hraunið, gufan stígur upp undir yfirborðið, kemst ekki upp, verður að vatni og drýpur niður. Og þegar maður vissi þetta, þá vissi maður svolítið mikið, þó þetta væri í rauninni sáraeinfalt en það hafði enginn verið að pæla í þessu."

En það var búið að gera tilraunir með að kæla hraunið áður?

„Já, menn voru búnir að kæla hraunið og það var til þess að stöðva hraunið. Það er nú sannað mál að kælingin bjargaði því sem bjargað varð. En þá voru menn ekkert að pæla í þessum hlutum."

Þú varst að velta fyrir þér hvað gerist inni í hrauninu?

„Já, ég var að velta fyrir mér hvernig við gætum notað þetta. Þegar ég áttaði mig á því var eftirleikurinn frekar einfaldur. Ég fékk svæði til afnota, man ekki hvort það voru 100 eða 200 fermetrar, ég hugsa að það hafi ekki verið mikið meira. Kalt svæði, kalt að ofan og rauk ekkert upp úr því. Steypistöðin hérna var að framleiða mikið að steyptum rörum, sem voru notuð í götur til að leggja skólp og því um líkt, og ég fékk þau hálf, þau voru tekin í sundur eftir endilöngu og lét leggja þau bara eins og maður leggur hita í gólf í dag, þau snúa niður og einn stútur upp. Síðan var mokað yfir þetta, settur plastdúkur og mokað yfir hann. Ég var með þá kenningu að ef þú dældir niður vatni þá gætir þú náð því öllu upp aftur.

Traktorinn drífur heyblásara sem dælir gufu í Gufugili.

Stefán Ólafsson, Hlöðver Johnsen og Sigmund Jóhannsson við rannsóknir í Gufugili.

> *Þegar búið var að loka þessu þá fékk ég tankbíla með vatni sem var látið renna niður í hraunið. Svo fékk ég mér traktor með heyblásara og var öðrum endanum stungið niður þar sem samtenging á þessari lögn kom upp og svo var sett í gang og mælt. Og viti menn, það kom bara gufustrókurinn upp úr heyblásaranum hátt upp í loftið.*

Þegar búið var að loka þessu þá fékk ég tankbíla með vatni sem var látið renna niður í hraunið. Svo fékk ég mér traktor með heyblásara og var öðrum endanum stungið niður þar sem samtenging á þessari lögn kom upp og svo var sett í gang og mælt. Og viti menn, það kom bara gufustrókurinn upp úr heyblásaranum hátt upp í loftið. Svo var þetta mælt og þá kom í ljós að við náðum öllu vatninu upp sem við höfðum dælt niður. Og það varð grunnurinn að því að vísindamennirnir tóku þá við en þeir töldu ekki gott að dæla þessu upp með heyblásara. Þá kom alltof mikið af súrefni með gufunni og það hentar ekki að hafa gufuna súrefnismettaða. Hún var þá ekki eins góð til að hita upp elementin. Næst voru grafnir svokallaðir brunnar og myndaðir svona eins og strompar. Þeir vildu ekki nota neitt til að fanga gufuna heldur dæla niður vatni. Síðan setti ég upp fyrstu hitaveituna fyrir Sjúkrahúsið. Mér þykir leitt, ég held að þeir séu búnir að taka strompinn, það var járnhólkur, ætli hann hafi ekki verið 4 til 5 metrar á hæð."

Rannsóknir þínar verða grunnur að frekari virkjunaráformum sem vísindamennirnir síðan byggja á. Varstu einn við þessar tilraunir?

„Hlöðver Johnsen eða Súlli var aðal mælingarmaðurinn og Vélsmiðjan Þór, þeir voru með mér í þessu. Ég fékk svæði sem er norðan við Sorpu og þar á milli þar sem útsýnispallurinn er. Mér finnst alveg synd að rörskorsteinninn skyldi tekinn í burtu. Þarna var byrjað á því að steypa aflangan stokk, kannski 10 metra langan. Þetta var bara eins og kassi og inn í stokkinn voru settir miðstöðvarofnar, steyptir ofnar, svona pottofnar, sem voru fengnir einhversstaðar notaðir. Vélsmiðjan Þór sá um þetta, ofnarnir voru látnir standa saman og leiðsla að og frá þeim alveg niður í Sjúkrahús. Stokknum var lokað, með steyptu loki, minnir mig og sett plast yfir og átti að myndast trekkur við opið í endanum eins og notað er við arineld í dag. Auðvitað hitnaði allt saman þó þetta væri kalt svæði. Það var búið að loka þessu og kuldinn var kominn ofan á og það

Eiríkur Þorsteinsson, Högni Sigurðsson og Páll Zóphóníasson.

var heitt undir og þá gufaði upp og hún þéttist á ofnunum og varð að vatni aftur því öll gufa sem lendir á kaldari fleti, hún verður aftur að vatni. Gufan fer undir ofnana og þéttist þar og drýpur og verður að vatni og kemur aftur upp sem gufa. Þetta var hringrás. Þarna var ekki dælt niður neinu vatni. Hitaveitan fólst í því að vatn fór í gegnum ofnana og hitnaði þar og fór niður í Sjúkrahúsið og svo aftur til baka. Þetta er eins og á venjulegum ofnum. Sveinbjörn gerði þetta fyrst en þá voru menn ekki búnir að átta sig á þessu með gufuna. Það komu myndir af því þegar verið var að tengja fyrsta húsið."

Hvað varði þessi tilraun lengi?
„Þetta var tímabundið, – þetta var svo þunnt svæði og lítið af heitu, ég fékk bara að vera í kantinum og svo tekur Raunvísindastofnun við þegar ég var búinn að dæla þessum 100 til 102 tonnum niður og þá áttuðu menn sig á því hvernig hægt var að gera þetta. Þessi hitaveita stóð ekki lengi og ég á einhvers staðar myndir af þessu. Þetta gerði ég í samvinnu við Orkustofnun þannig að þeir fylgdust með og samþykktu þessar tilraunir. Svo var ég ekki sammála um hvar þeir settu þessa hitaveitu. Ég vildi setja hana miklu hærra í Eldfellið, ég fór með þennan blessaða blásara og traktorinn eins hátt og ég komst upp á barminn. Þar sem ekkert rauk upp úr mokaði ég holu fyrir sogendann á blásaranum og svo þegar ég setti í gang þá komu bara eldglæringarnar upp, ég vildi að þeir hefði haft hana þar. Eðlisfræðin segir okkur að þegar þetta er í svona stút og allt orðið kalt í kring þá er Eldfellið strompurinn á uppgufuninni. En það var miklu meiri vinna og erfiðari lagnir og meiri þrýstingur á vatni og kannski ekki gáfulegt.

Síðast þegar ég kom að þessu, þá töldu þeir hjá Orkustofnun að við ættum undir hrauninu milljónir lítra af heitu vatni sem væri búið að kæla hraunið. Hraunið var ákveðin þykkt, kannski 80 metrar og þegar vatnið var komið niður þá náttúrlega fór það eitthvað. Þeir töldu að þarna væri bara pollur undir, milljónir lítra. Þá var ég kosinn í einhverja nefnd og tilraunaboranir hafnar og þær voru hafðar þarna uppundir Eldfellinu norðan til. Það var fenginn bor og borað en það kom ekkert, þetta var því útreikningur á blaði sem ekki stóðst. En svo héldu þeir að það væri komin heit uppspretta í Viðlagafjörunni. Þar rann heitur lækur út í sjó og þar töldu menn að væri komin uppspretta en vatnið sem var að kæla hraunið fann sér rás þarna út. Ég átti líka sæti í „hraunnefnd" sem átti að vinna að því að finna orkugjafa sem tækju við þegar hitinn í hrauninu væri búinn. Sú nefnd gaf síðan út skýrslu."

Fjarvarmaveita verður til
Góður árangur af þessum tilraunum varð til þess að ákveðið var að stefna að frekari nýtingu hitans. Árið 1977 var byrjað á byggingu dælustöðvar við gatnamót Kirkjuvegar og Heiðarvegar og hún einnig búin olíukatli til að skerpa á vatninu þegar hraunhitinn nægði ekki. Þá var einnig farið af fullum krafti í að leggja fjarvarmaveitu þ.e.a.s. tvöfalt dreifikerfi um bæinn. Við uppbyggingu hinna nýju hverfa í vesturbænum var sett upp fjarvarmaveita og síðar í eldri hverfum bæjarins.

> *Góður árangur af þessum tilraunum varð til þess að ákveðið var að stefna að frekari nýtingu hitans. Árið 1977 var byrjað á byggingu dælustöðvar við gatnamót Kirkjuvegar og Heiðarvegar og hún einnig búin olíukatli til að skerpa á vatninu þegar hraunhitinn nægði ekki. Þá var einnig farið af fullum krafti í að leggja fjarvarmaveitu þ.e.a.s. tvöfalt dreifikerfi um bæinn. Við uppbyggingu hinna nýju hverfa í vesturbænum var sett upp fjarvarmaveita og síðar í eldri hverfum bæjarins.*

Högni Sigurðsson
(f. 1929- d. 2018)
& Eiríkur Þorsteinsson
(f. 1954)
Högni Sigurðsson og Eiríkur Þorsteinsson unnu báðir við hraunhitaveituna, Högni sem yfirverkstjóri og Eiríkur sem verkstjóri. Þeir eru báðir mjög stoltir af því að hafa unnið við fyrstu og einu hraunhitaveitu sem starfrækt hefur verið í heiminum.

„Ég var ekki alveg í byrjun. Esra og Kjartan í Djúpadal lögðu í fyrstu veituna, Gísli í Geysi stjórnaði þessu. Ég var verkstjóri hjá bænum þegar þeir voru með tilraunaveiturnar og svo var ég beðinn að vera yfirverkstjóri við þetta," segir Högni þegar hann var spurður um aðkomu hans að hitaveitunni.

„Ég kom að hitaveitunni árið 1980," segir Eiríkur og þá erum við komnir á austursvæðið, stóra svæðið. „Jónas Eggertsson var líka þarna. Við unnum mikið saman," bætir Högni við og tók fram að Eiríkur hefði leyst hann af í fríum. Eiríkur bendir á að Jónas hafi komið meira inn í dæmið með Högna þegar hann fór sjálfur að starfa niður í kyndistöð.

Nú hefur ýmislegt komið upp við virkjunina, hver voru helstu vandamálin og erfiðleikar?
„Það var í sambandi við rörin," svarar Högni ákveðið.
Asbestsrörin?
„Já, það var mörgu kennt um. Fyrst var farið að ráðast á þýsku verksmiðjuna, manstu eftir því," segir Högni og beinir spurningunni til Eiríks. „Já, já, og við vorum að senda prufur út. Það var alltaf verið að senda út," svarar Eiríkur. „Ég held að þetta hafi komið í ljós að það bara mynduðust í þessu loft-tappar," segir Högni og Eiríkur tekur við. „Mín minning er sú að þetta var alltaf „retúrinn " [bakrásin] sem var að springa. Þetta var alltaf 60 gráðu leiðslan sem var að springa, túrleiðslan var í lagi. Hvort það voru einhverjar loftbólur á ferðinni, – en ég man að það var bara önnur leiðslan."
Önnur leiðslan?
„Já, sem bilaði meira en hin," svarar Högni og þegar þeir félagar eru spurðir nánar út í túrleiðsluna, segir Eiríkur það hafa verið leiðsluna frá hitaveitunni. „Túrleiðslan er 90 gráðurnar en „retúr" þegar vatnið kemur til baka og var að springa," sagði Eiríkur. „Þeir vildu meina þarna í restina að það hefðu safnast saman tappar hingað og þangað í lögninni, lofttappar, sem voru á ferðinni og þá komu sprengingar, jafnvel rekist á," segir Högni. „Akkúrat ..." segir Eiríkur „og alltaf sprakk þetta á þeim tíma þegar eitthvað var um að vera í bænum. Ég man að það sprakk á jólunum, þetta sprakk á þjóðhátíð ..." segir Eiríkur „og á gamlárskvöld" bætir Högni við og Eiríkur tekur undir og segir að það hafi verið mörg ævintýri í kringum gamlárskvöld.

„Að ná mannskapnum. Eitt árið sprakk fyrir neðan Gagnfræðaskólann og einn starfsmaður sem vann með okkur mætti vatninu á Kirkjuveginum og hljóp í burtu og faldi sig. Og við fundum hann ekki og gátum ekki ræst hann út. Ég og Högni fórum í þetta verk með öðrum mönnum. Gaui á gröfunni kom og gróf fyrir okkur. En gamlárskvöld um miðnætti. Hvað þýðir það? Ég man að ég setti vodkaflösku í beltið og fór af stað og við þurftum bíl. Bróðir Högna var lögreglumaður og það var eiginlega gert samkomulag um að við mætum keyra frá Kirkjuvegi upp að stöðinni uppi á hrauni bara vegna þess að við urðum að koma hita á bæinn."

„Það var ekki um annað að ræða. Það flæddi niður allan Kirkjuveginn og fólkið var að fara í Höllina," segir Högni og Eiríkur nefnir starfsmanninn góða sem var að fara í partí og mætti vatninu og lét sig hverfa. „Þetta þýddi bara ónýtt kvöld," segir hann með þunga. „Hann vissi hvað var í vændum. Það var alveg magnað hvað þeir voru góðir strákarnir, voru búnir að vera lengi saman. Þetta var spennandi þótt maður væri stundum hundsvekktur. Stundum komu bara tveir, þrír strákar sem náðist í, til að vinna með okkur. Þarna kom Gaui á glansandi skóm í sparifötunum og byrjaði að grafa og svo sá maður í rassinn á honum þegar hann var búinn og bara farinn."

„Svo man ég líka eftir einu atviki," segir Eiríkur. „Þá sprakk rör á jóladag. Það var fyrir ofan hjá Leifi á Túngötu. Það var snjór yfir öllu og rosalega gott veður. Við vorum að vinna þarna úti og horfðum á fólkið borða steikina á jóladag. Og við úti að vinna," segir hann og Högni tekur fram að þetta hefði verið svakalegt á stundum.

„Það var loft í leiðslunum og það voru margir spekingar. Verst var með húsin í bænum, þetta var að sprengja ofna í tugavís. Ég man eftir sögu þegar Ingvar í Skógum bjó á Brimhólabraut. Hann sat og var að horfa á sjónvarpið og sneri baki í ofninn og hann sprakk á bakvið karlinn ..." segir Eiríkur „og allt í gufu" skýtur Högni inn í. „Já, já, allt í gufu hjá karlinum," segir Eiríkur.

„Svo vorum við hundskammaðir," segir Högni, „hverslags vinnubrögð þetta væru."
Það hefur verið mikil pressa?
„Já, það var það. Við vorum bara alltaf yfir þessu, heilu sólarhringana. Svo kom líka fyrir að við fundum ekki bilunina og þá þurfti heilmikla leit," segir Högni. „Ég man þegar sprakk hjá okkur inni á hrauni, " bætir Eiríkur við. „Við grófum marga metra í vestur, búnir að vinna í hálfan sólarhring og allt orðið kalt í bænum, þá grófum við svona tíu metra í austur og þá var það þar. Ef við hefðum bara byrjað þar ...".

Carl Gustaf Svíakonungur og Silvia drottning.

Juan Carlos Spánarkonungur og Sophia drottning.

Breska hljómsveitin The Shadows.

Hraunhitaveitan vekur heimsathygli
Þetta framtak Eyjamanna vakti athygli um víða veröld enda hafði hvergi áður verið reynt að virkja hraunhita. Oftar en ekki var það fastur liður í dagskrá í heimsóknum erlendra þjóðhöfðingja og áhrifamanna til Íslands að farið var með þá til Vestmannaeyja til að sýna þeim þessa nýstárlegu virkjunaraðferð. Meðal tiginna gesta sem skoðuðu hraunhitaveituna var Ólafur Noregskonungur, Victoria Margaretha drottningamóðir Danmerkur, Juan Carlos Spánarkonungur og Sophia drottning, Carl Gustaf Svíakonungur og Silvia drottning, Thorbjorn Falldin forsætisráðherra Svíþjóðar, Anker Jörgensen forsætisráðherra Danmerkur og breska hljómsveitin The Shadows.

Endalokin
Eftir því sem hraunið kólnaði, varð að finna ný svæði til virkjunar og árið 1988 þótti sýnt að ekki borgaði sig lengur að nýta hitann úr hrauninu. Hraunhitaveitan hafði þá þjónað bæjarbúum í rúman áratug og sparað verulega fjármuni. En þótt hraunhitans nyti ekki lengur við, var dreifikerfið í bænum til staðar og nýtist enn.

Guðbjörg Sigurgeirsdóttir tók viðtölin við þá Pál Zóphóníasson, Gísla Geir Guðlaugsson, Sigmund Jóhannesson, Högna Sigurðsson og Eirík Þorsteinsson á árunum 2011-2012.

Sendum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða!

Umbúðamiðlun ehf.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
Eftir hátíðar þarf gott rými fyrir skrautið.
Þú færð létta, sterka og sveigjanlega
Metalsistem hillukerfið hjá okkur.
rymi.is
RÝMI

Gleðileg jól
Sendum Eyjamönnum sem og landsmönnum öllum,
okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.
Með þökk fyrir samfylgdina í gegnum árin.
ATLANTIC SEAFOOD

Eigendasaga Vestmannaeyja:

Frá Herjólfi Bárðarsyni til Vestmannaeyjabæjar

GREINARHÖFUNDUR:
KÁRI BJARNASON

Eigendasaga Vestmannaeyja liggur ljós fyrir og er samfelld frá landnámsöld til okkar daga.

Upphaf eigendasögu: Landnám frá um 910, Herjólfur og Ormur

Vestmannaeyjar koma fyrst fram á svið sögunnar í frásögn Landnámu þar sem segir af hefnd landnámsmannsins Ingólfs Arnarsonar eftir fóstbróður sinn, Hjörleif (Leif) Hróðmarsson. Segir þar að þrælar Hjörleifs hafi myrt hann og flúið til Vestmannaeyja í framhaldi, en að þær hafi á þeim tíma verið óbyggðar. Ingólfur brá skjótt við, elti þá til Eyja og drap alla. Segir síðan í *Landnámu*: „Vestmannaeyjar heita þar síðan, er þrælarnir váru drepnir, því at þeir váru Vestmenn." (*Landnámabók,* Íslenzk fornrit 1, 44-45 (1968).)

En Landnáma er sannarlega annað en saga morða og hefnda. Hún er elsta heimild um landnám Íslands og einnig Vestmannaeyja. Þar segir frá 415 landnámsmönnum, auk þriggja annarra er hingað sóttu í upphafi búsetu (sjá t.d. Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma* (1982).) Af þeim eru tveir sem koma við landnámssögu Vestmannaeyja. Frá þeim er sagt í tveimur gerðum *Landnámu*, hin eldri er samin af Sturlu Þórðarsyni (1214-1284) en sú yngri er eftir Hauk Erlendsson lögmann (? – 1334). Báðar eru aðeins varðveittar, utan hluti af *Hauksbók*, í síðari alda uppskriftum. Í bók sinni *Gerðir landnámabókar* telur dr. Jón Jóhannesson prófessor að báðar gerðir séu runnar frá glötuðu eiginhandarriti Ara fróða en að Haukur hafi haft fyrir framan sig *Sturlubók* sem og aðrar heimildir, nú glataðar, m.a. *Styrmisbók*. Um það mál sem hér er til umræðu segir í *Hauksbók* af landnámi Vestmannaeyja:

„Herjólfr son Bárðar Bárekssonar, bróðir Hallgríms sviðbálka, byggði fyrst Vestmannaeyjar ok bjó í Herjólfsdal fyrir innan Ægisdyrr, þar sem nú er hraun brunnit." (*Landnámabók,* bls. 345.)

Í beinu framhaldi er síðan sagt frá syni Herjólfs er erfir föður sinn en þar segir í fyrsta sinn frá öllum eyjunum:

„Hans son var Ormr auðgi, er bjó á Ormsstöðum við Hamar niðri, þar sem nú er blásit allt, ok átti einn allar eyjarnar. Þær liggja fyrir Eyjasandi, en áðr var þar veiðistöð ok engra manna vetrseta." (*Landnámabók*, bls. 345.)

Í annarri gerð *Landnámu*, *Sturlubók*, er frásögnin talsvert öðruvísi og ber vott um meiri ókunnugleika: „Ormr ánauðgi, son Bárðar Bárekssonar, bróðir Hallgríms sviðbálka, byggði fyrst Vestmannaeyjar, en áðr var þar veiðistöð ok lítil vetrseta eða engi." (*Landnámabók*, bls. 356.)

Hér er Ormur kallaður sonur föðurföður síns, miðað við fyrri lýsingu, og hinn „ánauðgi" sem rímar illa við að vera sá er fyrstur byggði og átti allar Vestmannaeyjar. Í *Hauksbók* er landnám hins vegar rakið af nákvæmni og þekkingu á viðfangsefninu. Hér verður að telja líklegra að landnámsmaður Vestmannaeyja sé Herjólfur og að Ormur hafi verið sonur hans.

Halldóra og Eilífur

Það er óljóst hver tók við eignarhaldi Vestmannaeyja eftir daga Orms. Þó getur *Landnáma* þess að hann hafi átt dóttur nokkra, Halldóru, er gift var Eilífi Valla-Brandssyni. (*Landnámabók*, bls. 345.)

Úr því að ekki er getið annarra barna en hennar virðist mega draga þá ályktun að engan son hafi Ormur átt og Halldóru eina dóttur eða elstu. Líklegt má enn fremur þykja að til þeirra, eða fremur Eilífs sem húsbóndans, hafi eignarréttur Vestmannaeyja farið. Um Eilíf fer fáum sögum og engra barna þeirra er lengur getið. Beinir afkomendur Herjólfs eru því að minnsta kosti ekki lengur þekktir að Halldóru genginni.

Eilífur átti hins vegar mikinn og öflugan frændgarð sem voru ættmenn Ketils hængs, eins ágætasta landnámsmanns Sunnlendinga. Jakob Benediktsson, útgefandi *Landnámu*, bendir á að faðir Eilífs hafi verið fjórði maður frá Katli hæng (sjá *Landnámabók*, bls. 345, 7. nmgr.), en samkvæmt Egils sögu nam Ketill „... land milli Þjórsár ok Markarfljóts, á milli fjalls og fjöru ..." (*Egils saga Skalla-Grímssonar.* Íslenzk fornrit 2, 59 (1933).) Afkomendur hans bjuggu þar áfram og því má setja fram þá tilgátu að er Eilífur kvæntist Halldóru hafi Vestmannaeyjar komið undir Eilíf og síðan skyldulið Ketils, enda liggja þær skammt undan landi þeirra frænda á fastalandinu.

Í útgáfu sinni tekur Jakob saman niðjatal eftir *Landnámu* og þar kemur Eilífur aftur við sögu (sjá *Landnámabók 1*, [437]). Þegar talið er aðgætt kemur í ljós að meðal beinna afkomenda Valla-Brands og Flosa, föður og bróður Eilífs, er Haukur Erlendsson lögmaður, sá er ritaði þá útgáfu *Landnámu* sem fyrr er nefnd og kölluð er *Hauksbók*. Þetta styður enn fremur við það mat að frásögnin af landnámi Vestmannaeyja sé ítarlegri og réttari í *Hauksbók* en í *Sturlubók*. Það er ekki ólíklegt að svo mikill fræðimaður sem Haukur var hafi lagt sig eftir að vita sem mest um landnám þeirra staða sem forfeður hans tengdust.



Landnáma er til í mörgum gerðum en tengsl milli þeirra eru flókin. Sumar gerðir eru varðveittar í skinnhandriti, aðrar glataðar eða aðeins til í síðari alda pappírsuppskriftum. Jón Jóhannesson prófessor taldi tengsl elstu gerða vera eins og myndin sýnir. Þannig er Hauksbók byggð á efni Sturlubókar og Styrmisbókar, auk efnis sem hún ein hefur, þar á meðal um Vestmannaeyjar.

Í opinberri eigu – fyrsti eigandi: Skálholtskirkja 1140 til 1400.

Árið 1134 varð Magnús Einarsson biskup Skálholtsstaðar, sá fjórði til að gegna því embætti. Ári áður hafði fyrsta klaustur á Íslandi verið reist á Þingeyrum við Húnaflóa. Í *Hungurvöku* segir:

„Hann keypti til staðarins í Skálaholti ... nær allar Vestmannaeyjar, áðr en hann andaðisk, ok ætlaði þar að setja munklífi, en honum endisk ekki til þess líf." (*Biskupa sögur* II, Íslenzk fornrit 16, 30 (2002).)

Sams konar orðalag er um eignarhald Skálholtsbiskups á Vestmannaeyjum í kirkjusögu Finns biskups: „... maxima pars isularum Vestmannicarum. Illic enim monasterium erigere constituterat, sed morte præventus, perficere non potuit." (Finnur Jónsson. *Historia ecclesiastica Islandiæ,* bls. 278 (1772).)

Heimildir benda eindregið til þess að undirbúningur að klaustrinu í Vestmannaeyjum hafi verið kominn á mikinn skrið þegar sú ógæfa brast á 30. september 1148 að biskup brann inni í 100 manna veislu í Hítardal. Með biskupi misstu líf sitt 70-80 prestar eða meiri hluta allra presta biskupsdæmisins. Allar hugmyndir um klaustur í Vestmannaeyjum urðu þar með að engu. Í þess stað reis fyrsta klaustrið sunnan lands í Þykkvabæ árið 1168 og varð eitt mesta menningarsetur landsins.

Misskilningur er að Skálholtsstaður hafi gefið eða afhent öðrum Vestmannaeyjar fram að því að konungur eignast þær. Sá misskilningur er sprottinn af því að 31. júlí 1280 gaf Árni Þorláksson biskup munklífinu í Björgvin Kirkjubæi eða Kirkjubæjarkirkju með öllum réttindum, tekjum og tíundum. „... in loco qui dictur kirkiu bør o vestmanna øy ..." (*Diplomatarium Islandicum*, íslenskt fornbréfasafn 2, 191-192 (1893).)

Í opinberri eigu – annar eigandi: Konungurinn eftir 1400 til 1874

Næstur í eigendaröðinni er sá sem lengst hefur átt Vestmannaeyjar, konungur Íslands. Fyrst var það Noregskonungur, en lengst af konungur Dana (og Norðmanna). Við gerð og samþykkt „Gamla sáttmála" 1262-64 gengu Íslendingar Noregskonungi á hönd og urðu honum skattskyldir. Á móti skuldbatt konungur sig til að sjá hinum fjarlægu þegnum sínum fyrir nauðþurftum. Hinn 29. júlí árið 1381 varð Ólafur Hákonarson II. Danakonungur einnig hylltur sem konungur Noregs í Niðaróskirkju. Hófst þá 563 ára saga Danakonunga og Íslands sem lauk ekki að fullu fyrr en 17. júní 1944.

Það er ekki ljóst hvenær konungur eignaðist Vestmannaeyjar nákvæmlega. Í *Sögu Íslands* segir: „Vestmannaeyjar eignaðist konungur frá Skálholtsbiskupi snemma á 15. öld." (Björn Þorsteinsson, Sigurður Líndal: *Saga Íslands* III, 99 (1978).)

Sigfús Johnsen segir um hið sama í *Sögu Vestmannaeyja*:

„Hin ríkjandi skoðun í þessu efni er sú, að konungur hafi eignast Vestmannaeyjar á öndverðri 15. öld. ... Það hefir verið skoðun sumra, að Vestmannaeyjar hafi komist undir eignarumráð konungs í tíð einhvers hinna norsku eða dönsku biskupa, er á Skálholtsstól sátu frá því skömmu fyrir miðja 14. öld ... ." (Sigfús M. Johnsen. *Saga Vestmannaeyja*, II, 10 (1946).)

Þótt ekki sé vitað nákvæmlega hvenær konungur eignaðist Eyjar er hitt víst, samkvæmt traustum heimildum, að hann átti eyjarnar allar og hann einn. Heimildir, sem ná langt aftur, sýna enn fremur að konungur hefur frá upphafi nýtt þessa séreign sína til eigin hagsbótar. Þannig segir í skýrslu Hannesar Pálssonar, umboðsmanns konungs, þegar árið 1425, að Vestmannaeyjar tilheyri sérstaklega Noregskonungi svo að enginn annar á þar nokkurn rétt utan Noregskonungur einn: „Item una insula circa Islandiam que vocatur Westmanne pertinet ad regem Norwegie specialiter omni jure ita quod non habet ibi aliquis nisi solus rex Norwegi, ..." (*Diplomatarium Islandicum* 4, 331 (1897).) Arð sinn af séreigninni hirðir konungur frá upphafi með því að leigja út þessa paradís sína. Árið 1456 lánar hann Marcellusi Skálholtsbiskupi „Vestmannaeyjar að léni með öllum rétti og rentu, tekjum og tíundum" að því er fram kemur í Fornbréfasafninu (sjá *Diplomatarium Islandicum* 5, 138-9 (1899-1902).) Áður mun Torfi Arason hirðstjóri konungs hafa haft Eyjar í „forléning" (um 1450) og fylgir þar sú kvöð að: „Skulu þeir [eyjamenn] bjóða honum fyrstum sem eyjarnar hefur af kónginum eður umboð yfir þeim að kaupa sinn varning með fyrirskrifuðu verði." (Viðaukagrein sr. Vigfúsar Jónssonar (1711-1761) í *Rask 53*, sjá *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju*, 2, 651 (1886).) og *Diplomatarium Islandicum* 12, 41 (1923-1932).)

Sérstaða Vestmannaeyja innan konungsríkisins

Í doktorsritgerð sinni gerir Kristjana Kristinsdóttir skýra grein fyrir sérstöðu Vestmannaeyja innan konungsríkisins: „Ísland var lén í Danmörku. Rekstur þess og stjórnsýsla var sambærileg við önnur lén innan danska ríkisins. Vestmannaeyjar voru ekki hluti af léninu Ísland." (Kristjana Kristinsdóttir. *Lénið Ísland*, bls. 11 *(*2021).) Í umfjöllun hennar kemur fram að alla tíð er litið á Vestmannaeyjar sem sérstakt lén í rentukammeri konungs.

Fyrsta konungsverslunin á Íslandi var stofnsett í Vestmannaeyjum 22. apríl 1558, enda konungseign sem lá vel við fiskimiðum. Fyrsti kaupmaður konungs var Simon Surbeck, síðar borgarstjóri í Kaupmannahöfn. Til er erindisbréf hans (sjá *í Kanc. Brevb*. IV, 578-9 og uppskrift Jóns forseta í *JS 372 4to*, bls. 771-4). Fleiri slík erindisbréf eru til. Þá leigir konungur fjórum borgurum í Kaupmannahöfn Vestmannaeyjar til þriggja ára (*Norske Reg*. 3, 138, *Kanc. Brevb*. XI., 552; *Norske Rigsregistr*. III., 608-9; *JS 373 4to*, bls. 343.). „Vestmannaeyjar voru í sérleigu með þessum hætti til 1620, en eftir það með öðrum höfnum landsins og þó sér um leigumála." (Páll Eggert Ólason: *Menn og*

menntir III, 126 (1924).)

Með þessum hætti og ýmiss konar kvöðum á íbúa Vestmannaeyja höndlaði konungur öldum saman með þá séreign sína sem Eyjar voru.

Vestmannaeyjar voru einnig verðmætasta eign konungs á Íslandi. Allar Vestmannaeyjar voru konungsjarðir og ævinlega stærsta einstaka eign konungs þar. Í doktorsritgerð sinni segir Björn Lárusson um eignasafn konungs hvað landrými varðar:

„The Crown property was mostly scattered, exept for the jurisdictional district Vestmannaeyjar, owned by the Crown in its entirety. That amounted to 1/5 of the total Crown property." (Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers,* bls. 70 (1967).)

Fyrir siðaskipti átti konungur aðeins um 2% jarðeigna landsins. Við siðaskiptin kastaði konungur eign sinni á allar klausturjarðir og tífaldaðist þá hluturinn í innlendum jörðum. Um 1695 hafði konungur selt hluta af jörðum sínum en hélt eftir um 16% jarðeigna. (Björn Lárusson, bls. 60.)

Aldrei seldi konungur þó Vestmannaeyjar og þar sem enginn annar átti landið var ekki hægt að beita íslenskum tíundarlögum, en tíund „jafngilti eins prósents eignarskatti" (Guðjón Friðriksson og Jón Þ. Þór: *Kaupmannahöfn sem höfuðborg Íslands* I, 85 (2013).) Í þess stað var í Vestmannaeyjum einum beitt norskum tíundarlögum:

„Vestmannaeyjar höfðu sérstöðu hvað fyrirkomulag tíundar og greiðslumáta þeirra snerti. Hér hvíldu allar álögur og tíundir á framleiðslunni einni, afrakstri og afurðum, en eigi á fasteignum, né heldur lausafé. Var þannig fylgt hér norrænum (norskum) tíundarmáta, um að greiða af afla og ávöxtum, en eigi af lögleigu eftir íslenskum lögum." (Sigfús M. Johnsen. *Saga Vestmannaeyja*, I, 12 (1946).)

Í jarðabókum kemur einnig skýrt fram þessi sérstaða: „Fasteignar- og lausafjártíund ... eru hér [í Vestmannaeyjum] alls eigi goldin." (J[ón] Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* bls. 23 (1847).)

Sú sérstaða sem gilti um Vestmannaeyjar kemur einnig ljóslega fram í skjölum og bréfum konungs. Ævinlega þegar vikið er að Vestmannaeyjum koma þær fram sem sjálfstæð eining, á 16.-19. öld venjulega ritað „vort land Island og Vestpenöe". Jafnvel þegar árið 1481, þegar Þorleifur Björnsson er skipaður hirðstjóri hérlendis, virðist búið að aðskilja Ísland og Vestmanneyjar þar sem segir í erindisbréfi hans: „... at velbyrdogh man torleiff biörnsson skall haffue Islandh ock vestmanna öyer med konunglighe rentthe ock rettighet vppa kronennæ vegna ..." (*Diplomatarium Islandicum* 6, 398 (1900-1904).) Þá má nefna að árið 1547 lénar konungur borgarráði Kaupmannahafnar „... wort og Norgis Kronnens Landtt Jsland mett Vestpenooe att haffue Nyde bruge oc beholle ..." (*Diplomatarium Islandicum* 11, 530 (1915-1925).) Aðeins fimm árum síðar var landið Ísland tekið af borgarráðinu sem þó fékk að halda hinu landinu: „wort og Norgis kronnens land Vestpenooe, hoes wort land Issland liggendis, att haffue, nyde, bruge oc beholle met all konnglige rente oc rettighett, told oc anded deell, ssom the nu sielff ther tiill vdij wer haffue, ... (*Diplomatarium Islandicum* 12, 477.) Um hitt lénið, Ísland, er tveimur dögum síðar samið með allt öðrum hætti: „Itenn (!) schulle burgmester aff Kiopnehaffnn och theris mettredere bruge Island vdj thette tilkomenndis aar liige som the her til giort haffue vnndertagit tollenn aff alle skipe ..." ... (*Diplomatarium Islandicum* 12, 477-478.)

Hið sama gilti um úteyjar, afurðir þeirra voru skattskyldar sem aðrar eignir konungs. Þannig segir Sigfús Johnsen um úteyjaskatt:

„Eyjabændur voru ekki þess megnugir einu sinni að flytja fugl og egg úr úteyjum á eigin skipum, heldur varð og að nota til þess báta konungsverslunarinnar, og gjalda fyrir þá skipshluti í fugli og eggjum." (Sigfús M. Johnsen. *Saga Vestmannaeyja*, I, 11.)

Úteyjar voru líka konungseign

Strangar reglur giltu um þá eign konungs sem úteyjar voru. Árið 1782 gaf konungur út forordningu eða reglugerð fyrir íbúa Vestmannaeyja að því er tekur til nota á landi í „Hiemmøen" og „Udøerne". Í reglugerðinni segir m.a.:

„Og ligesom ingen maae holde fleere Malkefaar paa Hiemmøen end hand efter Jordebogen bør have, saa skal det ikke heller være nogen tilladt, under hvad Navn og Forevending det end kunde være, at have fleere paa Udøerne end ham tilkommer efter Jordebogen; saa at ingen maae accordere eller forskaffe sig nogen andens Ret til der at holde Faar eller Lam, hvor mange end maatte mangle or andre i deres fulde Antal, under samme Straf som i foregaaende 1 Art. er anordnet udi lige Tilfælde paa Hiemmøen, og bør Sysselmanden og Kiøbmanden ved alle Leiligheder nøye lade undersøge og paaagte, at intet Undersleb dermed skeer, paa det at de Fattige og Uformuende ikke skal fravendes ded Fordel, de selv kunde have af deres Faare-Avling." (*Alþingisbækur Íslands* XVI, 146-7 (1781-1790).)

Fyrstu kröfur ríkisins um þjóðlendur í Vestmannaeyjum náðu til úteyja og skerja auk nokkurs hluta Heimaeyjar (Norðurfjöllin; sjá skyggðu fletina á kortinu). Síðar var fallið frá kröfum á Heimaey nema um Stórhöfða.

Jarðabók Árna og Páls 1703

Þekktasta og merkasta jarðabók íslensk er sú sem Árni Magnússon og Páll Vídalín skráðu og tóku saman um ástand jarða og hag landsmanna á öllu Íslandi og unnin var árin 1702-1714. Jarðabók Árna eins og hún er jafnan nefnd er á sinn hátt eins og Landnáma einstök heimild sem ekki verður jafnað við annað á sínu sviði. Jarðabókin er fyrsta ritið á Íslandi, og jafnvel á heimsvísu, þar sem hvert býli á landinu er nákvæmlega skilgreint hvað varðar eignaraðild, gæði, hlunnindi, kvaðir o.s.frv. Fremst í fyrsta bindi standa Vestmannaeyjar, væntanlega settar þar sakir eigandans. Hefst kaflinn á þessum orðum: Jarðabók yfer Vestmanna-eyar sem allar eru kongl. Majestatis eign. (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* ... 1, [3] (1913-1917).)

Árni og Páll skiptu með sér verkum við samantekt jarðabókarinnar. Um Vestmannaeyjar kom Árni einn að ritun og frágangi verksins og lauk vinnu sinni í Vestmannaeyjum í maí 1704 og er frumritið varðveitt með hans hendi. Sýslumaður Eyjanna, sem þá var Ólafur Árnason, setti einnig sitt nafn við umsögn Árna. Þá er og ljóst að Árni hefur notið liðveislu tveggja heimamanna sem líklega hafa sett saman drög að verkinu sem Árni hefur síðan samræmt og yfirfarið með þeirra stuðningi. Aðstoðarmenn Árna voru Sigurður Sólmundsson, sem manntalið 1703 telur 55 ára bónda á Oddsstöðum, og Magnús Erlendsson sem samkvæmt sömu heimild er þá 44 ára bóndi á einum af bæjum Vilborgarstaða.

Í Jarðabókinni er mjög nákvæmlega tilgreint hverjir hafa rétt til veiða í úteyjum og hversu margar skepnur einstök býli megi hafa þar. Enginn ágreiningur er um eiganda úteyjanna og er ljóst hver þar deilir og drottnar í skjóli hans. Þannig segir t.d. um Kornhól þar sem umboðsmaður konungs býr:

„Kornhol fylger allur Ytste klettur, er sögn ad einn af þeim gömlu umbodsmönnum hafi hann feinged edur teked fra Kirkiubæ, og lagt aptur til Kirkiubæiar, súlnaveidi í Brandi og Gelldingaskieri, sem þangad til hafa sveitarinnar almenningur vered, eins og nu eru Sulnasker og Hellirsey." (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* ... 1, [3].)

Í *Jarðatal á Íslandi* frá 1847 eftir Jón Johnsen er rætt um eignarhald Vestmannaeyja þessum orðum: „Jarðir, sem allar eru konúngs eign, eru hér eigi metnar til dýrleika fyrr en 1806, en afgjaldið eða landskuldin, sem svarað er í hörðum fiski, er (1843) af sýslumanni og hér talin, samkvæmt jarðabókinni 1760, og tjáir hann landskuldina svo verið hafa óumbreytta, að minnsta kosti í seinast liðin 30 ár." (J[ón] Johnsen, bls. 20.) Á sömu blaðsíðu segir um Háfagarð (Háagarð) að „1806 heyrði Heimaklettur og Miðklettur undir jörðina ..."

Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður 1923-1959 flutti tillögur á Alþingi um sölu ríkisins á hluta af landi á Heimaey til bæjarins, en þær voru felldar.

Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri 1954-1966 og alþingismaður 1959-1978 var fyrsti flutningsmaður frumvarps um sölu ríkisins á Vestmannaeyjum til kaupstaðarins 1960. Alþingi lét skrifa í frumvarpið að salan næði til „alls lands í Vestmannaeyjum" og samþykkti það þannig samhljóða.

Konungleg afskiptasemi um úteyjar kemur einnig víða fram í þessari jarðabók og má sem dæmi tilgreina að „Hve mikið lénsjörðinni ber að tiltölu af fílúngadrápi, verður eigi með vissu sagt, en eptir útektum bera Ofanleitis prestakalli eyjarnar Hani, Hæna og Hraunney, og eru þar mest og hægust uppgrip af veiði þessari. Nú þar á móti (1839) gjörir umboðsmaður konúngs kröfu um hálfa veiðina á eyjunum." (J[ón] Johnsen, bls. 22.) Að lokum skal hér tilgreint eitt dæmi sem sýnir vel hve réttur Eyjabúa var lakari vegna þess að á þessum eina stað landsins átti enginn neina jarðeign. Kosið var til Alþingis hið fyrsta sinni árið 1844. Allar 19 sýslur landsins auk Reykjavíkurkaupstaðar voru einmenningskjördæmi og áttu því að velja hvert einn þingmann. En ein sýsla, Vestmannaeyjar, gat ekki kosið sér þingmann þar sem enginn íbúi hennar uppfyllti skilyrði um kosningarétt. Ástæðan var sú að „ingen af jorderne der paa Öen er i privat Mands Eige." (*Lovsamling for Island* ... 12, 665 (1864).) Það var fyrst 1857 að reglur voru svo rýmkaðar að Vestmanneyingar gátu kosið sér þingmann til setu á Alþingi.

Í opinberri eigu – þriðji eigandi: Íslenska ríkið 1874-1960.

Í kröfulýsingu ríkisins um Vestmannaeyjar er vitnað í minnisblað Þjóðskjalasafns, dags. 13. desember 2023, um aðdraganda þess að Vestmannaeyjar urðu ríkiseign. Í minnisblaðinu segir:

„Umboð eða þær jarðeignir konungs á Íslandi sem voru í umboði urðu þjóðjarðir frá árinu 1874. En það ár fékk Ísland stjórnarskrá. Vestmannaeyjar voru ekki umboð heldur tilheyrðu beint undir konung. Í bænaskrá úr Vestmannaeyjum frá júní 1873 er talað um hið „konunglega jarðagóz á Vestmannaeyjum." Í frumvarpi til laga um breytingu á landskuldargjaldinu í Vestmannaeyjum kemur fram að: „jarðir og tómthús á Vestmannaeyjum, sem eru eign landssjóðsins." Þetta frumvarp var fyrst tekið fyrir 9. júlí 1875. Vestmannaeyjar urðu þannig ríkiseign eins og aðrar jarðeignir konungs á Íslandi árið 1874."

Vestmannaeyjar á uppboði

Vestmannaeyjar voru einu sinni boðnar formlega til sölu meðan kóngur átti þær. Það var árið 1834 er Abel sýslumaður fyrir hönd landsstjórnar gerði falt til kaups hið konunglega jarðagóss í Vestmannaeyjum. Undanþegnar sölu voru verslunarlóðirnar tvær og báðar prestssetursjarðirnar. Í handritadeild Landsbókasafns er varðveitt samantekt Abels sýslumanns á uppboðinu er hann hefur sent L. A. Krieger stiftamtmanni, sjá Lbs 44 fol. Handritið er 6 blaðsíður og eru þar tilgreindar 42 jarðir eða jarðapartar auk Ystakletts sem nefndur er fyrstur og hæst var boðið í. Sigfús Johnsen segir frá því í Sögu Vestmannaeyja að stjórnin hafi talið „ ... tilboðið í jarðirnar of lágt og neitaði að samþykkja söluna, ..." (Sigfús M. Johnsen. *Saga Vestmannaeyja*, II. bindi, 313-314.) Sigfús bætir við á sama stað að: „Rúmum 20 árum síðar hófust eyjabændur handa og fóru nú fram á það við stjórnarvöldin, að fá ábýlisjarðir sínar keyptar, eða ef þess væri enginn kostur, að þeim væru leigðar jarðirnar með erfðafestu. Umsókninni fylgdu meðmæli sýslumanns von Kohls. En stjórnin vildi í engu sinna beiðninni, ..."

Sigfús vísar í svarbréf dómsmálaráðuneytisins til stiftamtmanns, dagsett 17. nóv. 1857. Bréfið er að finna í ritinu *Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* og er gott dæmi um skýra og einfalda afgreiðslu:

„Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um að landsetar á konungsjörðum á Vestmannaeyjum ekki geti fengið ábýlis jarðir sínar til kaups.

Herra stiptamtmaðurinn hefir með þóknanlegu bréfi 31. mars þ.á. sent hingað allraþegnsamlegast bónarbréf frá landsetunum á konungsjörðunum í Vestmannaeyjum, um að fá jarðir þær, sem þeir hafa til ábúðar, annað hvort til sjálfseignar eða þá að minnsta kosti í erfðafestu.

Út af þessu læt ég ekki hjá líða að skýra herra stiptamtmanninum frá, til þóknanlegrar vitundar og auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið, eftir frumreglum þeim sem stjórnin á seinni árum hefir fylgt, þegar hún hefir átt að skera úr líkum spurningum, ekki finnur ástæðu til að taka beiðni þessa til greina." (*Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands* I, 203 (1864).)

Svo hefur verið sagt, að löngu seinna, eða um 1880, er illa áraði, hafi J.P.T. Bryde kaupmanni gefist kostur á að kaupa eyjajarðirnar við vægu verði, en hann hafi hafnað. (Sigfús M. Johnsen. *Saga Vestmannaeyja* II, 314 og Haraldur Guðnason. *Við Ægisdyr, saga Vestmannaeyjabæjar*, II, [409]-410 (1991).)

Haraldur Guðnason rekur ítarlega sögu síðari tilrauna Eyjamanna til að kaupa Vestmannaeyjar (sjá vandaða greinargrein hans í *Við Ægisdyr* II, [409]-421). Hér verða þau tilvik ekki öll rakin, enda daufheyrðist hið háa yfirvald, íslenska ríkið, á líkan hátt og konungur áður.

Jóhann Þ. Jósefsson flytur frumvarp 1925

Vestmanneyingar sóttu fast í upphafi 20. aldar að kaupa Eyjar. Bæjarstjórn hvatti þingmenn Eyjamanna margoft til að ræða um mögulega sölu ríkisins á hluta af landi Vestmannaeyja og flytja til-



Kaupandi haldi kaupi sínu til laga en seljandi svari til vanheimilda.

Rísi mál út af sölu landsins, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Af afsalsbréfi þessu eru gerð þrjú samhljóða frumrit. Heldur kaupandi tveim eintökum, en seljandi einu eintaki.

Í Landbúnaðarráðuneytinu: Kaupandi

23. ágúst 1960.

Samþykkt að því er varðar prestssetursjörðina Ofanleiti.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. ágúst 1960.

Vitundarvottar:

Afsalið sem ríkið gaf út við söluna á Vestmannaeyjum til kaupstaðarins 23. ágúst 1960. Það er undirritað af Ingólfi Jónssyni landbúnaðarráðherra og Bjarna Benediktssyni dóms- og kirkjumálaráðherra fyrir hönd ríkisins og Guðlaugi Gíslasyni bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.

lögur þar um. Ástæðan lá í þeim miklu breytingum sem þá áttu sér stað í fiskibænum.

Aldahvörf urðu í Eyjum árið 1906 er vélbátaöld hélt innreið sína og í stað þungróinna árabáta tóku hraðskreiðir vélbátar að flytja fiskinn í land. Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum aldamótaárið 1900 var um 500 manns og hafði svo verið um aldir, lítt eða ekki breytt. Á aðeins fimmtán árum meira en sexfaldaðist tala heimamanna, en árið 1925 höfðu hér heimilisfesti 3.184 (sjá Íbúafjöldi í Vestmannaeyjum -heimaslod.is).

Af þessari ástæðu reis þörfin fyrir fleiri byggingarlóðir og þar með að bæjarsjóður eignaðist landið og fengi þar með rentu á móti kostnaði við gatnagerð og aðrar framkvæmdir sem fylgja svo örum vexti sveitarfélagsins. Í frumvarpi Jóhanns Þ. Jósepssonar, er hann flutti á Alþingi árið 1925, er mælt fyrir um sölu ríkisins á byggingarlandinu (kaupstaðarlóðinni) til Vestmannaeyjabæjar. Í nefndaráliti sem Jóhann skrifar um frumvarpið (þskj. 271) segir hann m.a.:

„Vestmannaeyjar eru yngsti kaupstaður landsins, og hafa þar hin síðari ár orðið framfarir miklar í atvinnu manna (sjávarútveginum), kaupstaðurinn stækkað stórlega og íbúafjöldi mjög aukist.

Það er ekki í fyrsta sinni nú, að farið hefir verið fram á, að kaupstaðurinn fái keyptan hluta af Eyjunum, því með frumvörpum þeim um sameign ríkissjóðs og bæjarsjóðs á Vestmannaeyjajörðum, sem flutt voru á þingunum 1922 og 1923 af þáverandi þingmanni Vestmannaeyinga [Karli Einarssyni], leitaðist bæjarstjórnin við að fá eignarhald á hluta af jörðum og lóðum í Vestmannaeyjum. — Í hvorugt skiftið náði málið fram að ganga, en var í síðara skiftið vísað til stjórnarinnar til frekari undirbúnings. ...

Með frv. því, er nú liggur fyrir, hefir bæjarstjórn Vestmannaeyja enn hreyft þessu máli, þó í nokkuð öðrum búningi sje nú en áður.

Tilgangurinn og ástæður eru hinar sömu og áður voru þær, en þó má nú telja enn meira áríðandi fyrir bæjarfjelagið að eignast hluta af Eyjunum heldur en áður hefir verið. Veldur því vöxtur kaupstaðarins, sem svo er hraðfara, að ekki munu aðrir bæir hjer á landi hafa vaxið örara en Vestmannaeyjabær hefir gert nú hin síðustu ár. Byggingar og önnur mannvirki rísa sem óðast upp og íbúunum fjölgar ár frá ári.

Málið hefir þegar verið borið undir ríkisstjórnina, og lýsti atvinnumálaráðherra yfir því við fyrstu umræðu málsins í Ed., að hann væri samþykkur því, að bæjarfjelag Vestmannaeyja fengi keyptan hluta af Eyjunum, og áleit enda skoðunarmál, hvort ekki væri heppilegast, að bærinn ætti Eyjarnar allar.

Stjórnin er því ekki mótfallin málinu, enda sjer hún og kannast við, að hjer er að ræða um mikið hagsmunamál fyrir bæjarfjelagið, en lítil útlát fyrir ríkissjóð.

Umboð Vestmannaeyjajarða hefir ávalt haft yfirstjórn sína þar sem eru stjórnarvöldin i Reykjavík, sem jafnan hafa lítið vitað upp nje niður í meðferð þessarar ríkiseignar." (*Alþingistíðindi* 1925 C, 512-513.)

Frumvarpið var fellt í síðari deild. En Vestmanneyingar létu ekki deigan síga.

Vilji heimamanna var einbeittur og haldið er áfram að reyna að kaupa eða leigja byggingarlandið, samanber síðustu samþykkt bæjarstjórnar áður en lokaatlagan hófst. Á fundi bæjarstjórnar 3. apríl 1952 var samþykkt eftirfarandi: „Bæjarstjórn samþykkir til áréttingar fyrri samþykkt sinni að fara þess á leit við ríkisstjórnina að Vestmannaeyjabær fái Vestmannaeyjar keyptar eða, ef það reynist ekki fáanlegt, þá að bænum verði leigt allt land á Heimaey." (*Við Ægisdyr* II, 416.)

Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn gaf út Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 á árunum 1913-1917. Hún er talin ein merkasta eignaskrá og efnahagslýsing sem til er. Lýsing Vestmannaeyja fremst í bókinni er eftir Árna Magnússon og er sú eina sem til er í handriti bókarinnar með hendi hans. Ljósprentuð útgáfa kom 1980.

Jakob Benediktsson gaf út Landnámu árið 1968 sem Íslenzk fornrit, 1. bindi. Hún þykir besta útgáfan til þessa.

Guðlaugur Gíslason o.fl. flytja frumvarp 1960

Lagafrumvarp um heimild til þess að selja Vestmannaeyjar var lagt fram á 80. löggjafarþingi 1959-60 og var til umræðu og afgreiðslu í mars og apríl 1960. Guðlaugur Gíslason bæjarstjóri og alþingismaður var fyrsti flutningsmaður frumvarpsins og meðflutningsmenn þeir Karl Guðjónsson, alþingismaður úr Eyjum, og Björn Fr. Björnsson, þá sýslumaður Rangæinga, en frumvarpið var lagt fram að beiðni bæjarstjórnar Vestmannaeyja.

Í 1. gr. frumvarpsins segir:

„Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt á Heimaey í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins." (Alþingistíðindi 1959 A, 496.)

Málið var tekið til 1. umr. í neðri deild í mars og að henni lokinni var því vísað til landbúnaðarnefndar. Nefndin fjallaði rækilega um frumvarpið og bar sérstaklega saman ákvæði þess við önnur lög hliðstæðs efnis. Í áliti sínu tekur nefndin fram að hún telji að ekki eigi að binda söluna við heimalandið eitt heldur Vestmannaeyjar allar:

„Einnig telur nefndin rétt að binda ekki söluheimildina við Heimaey eina, heldur nái hún einnig til úteyja, en svo nefnast einu nafni allar aðrar eyjur Vestmannaeyja en Heimaey." (*Alþingistíðindi* 1959 A, 777.)

Nefndin flutti breytingartillögu við frumvarpið í samræmi við þessi sjónarmið.

Karl Guðjónsson var framsögumaður landbúnaðarnefndar neðri deildar við 2. umræðu og sagði m.a.:

„Þetta frumvarp fer fram á, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til þess að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem ríkið er eigandi að. Í frumvarpinu sjálfu er talað um land allt á Heimaey, og hefur nefnd sú, sem leit yfir frumvarpið og bar það saman við önnur lög hliðstæðs efnis, tekið til athugunar, hvort ekki væri vert að orða hér nokkuð öðruvísi frumvarpið, og hefur gert ráð fyrir því og lagt til, að við það verði samþykkt breytingartillaga, að þar sem frumvarpið talar um Heimaey, þar komi í staðinn: í Vestmannaeyjum. — En svo hagar til, að þetta er ekki nein efnisbreyting. Frumvarpið er byggt á þeirri hugsun, að Heimaey, sem er eina byggða eyjan af Vestmannaeyjum, hefur innan sinna vébanda allmargar jarðir, en þær jarðir eiga ítök í úteyjum. En svo sem mönnum sjálfsagt er kunnugt, eru Vestmannaeyjar taldar 14 alls fyrir utan dranga og sker, og er ekki vissa fyrir því, að öllum eignum í úteyjum eða ítökum sé skipt upp á milli jarða, eða a.m.k. var það svo að fornu, að þar var nokkur almenningur svokallaður, sem var ekki takmarkaður undir eignarheimildir einstakra jarða. Þess vegna þykir fortakslausara og betur í samræmi við efni frumvarpsins að segja: land allt í Vestmannaeyjum en Heimaey í Vestmannaeyjum, og hefur nefndin gert breytingartillögu um þetta." (*Alþingistíðindi* 1959 B, 3062-3063.)

Breytingartillagan var því næst samþykkt samhljóða í neðri deild og frumvarpinu, að lokinni 3. umræðu í deildinni vísað til efri deildar. Þar var frumvarpið samþykkt með áorðnum breytingum, einnig samhljóða, og afgreitt þannig frá efri deild hinn 29. apríl 1960 sem „lög um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins, og um eignarnámsheimild á lóðar- og erfðafestureréttindum. (*Alþingistíðindi* 1959 A, 1024.)

Lögin frá 1960 um að selja „allt land í Vestmannaeyjum"

Texti laganna er svohljóðandi:

(1. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er i eigu ríkisins.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum oddamann. Þó skal Vestmannaeyjakaupstað ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda bæjarfélagsins sjálfs, síðan farið var að skipta landinu i byggingarlóðir. Andvirði landsins skal Vestmannaeyjakaupstað heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við því sama verði hlutfallslega og Vestmannaeyjakaupstað var gert að greiða fyrir landið.

(2. gr.) Þeir, sem öðlazt hafa réttindi eða ítök í landi því, sem um getur i 1. gr., annaðhvort með samningi eða á annan löglegan hátt, skulu halda óskertum rétti sinum, þar til samningurinn er útrunninn eða rétturinn með öðru móti niður fallinn. Þó skal bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar heimilt að taka eignarnámi lóðareða erfðafestureréttindi í eignarlandi kaupstaðarins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 frá 14. nóv. 1917.

(3. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1960.
Ásgeir Ásgeirsson / Ingólfur Jónsson

(*Stjórnartíðindi* 1960 A, 145.)

Strax og frumvarpið um söluna hafði verið samþykkt á Alþingi sem lög, en degi áður en þau voru staðfest, þ.e. 9. maí 1960, var fundur í bæjarráði Vestmannaeyja. Í fundargerðinni, sem svo var staðfest á næsta bæjarstjórnarfundi, 16. júní sama ár, segir:

„Bæjarráð samþykkti að fela Guðlaugi Gíslasyni, bæjarstjóra, að ræða við ríkisstjórnina um væntanleg kaup Vestmannaeyjabæjar á lóðum og lendum í Vestmannaeyjum, heimalandi og úteyjum samkvæmt nýlega afgreiddum lögum á Alþingi." (Héraðsskjalasafn Vestmannaeyja: B/43 no. 2. Bæjarráð Vestmannaeyja, fundargerðarbækur 1956-1962, bls. 277.)

En hvaða land átti ríkisstjórnin til að selja bæjarsjóði? Um það ríkti enginn efi í þingsölum. Þannig segir Sigurður Ó. Ólafsson, framsögumaður landbúnaðarnefndar í efri deild:

„Nú er svo háttað, sem kunnugt er, að ríkið á allt land í Vestmannaeyjum, Heimaey og úteyjar, og hefur svo verið um nokkuð langa hríð, en nú hefur bæjarstjórn Vestmannaeyja óskað eftir því, að ríkisstjórninni yrði heimilað að selja kaupstaðnum landið, og þess vegna er þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, nú flutt." (*Alþingistíðindi* 1959 B, 3064.)

Meðferð og lyktir þessa máls sýna því skýrt að á Alþingi ríkti einhugur og fullur skilningur á því hvað verið væri að selja, þ.e. Heimaey alla og úteyjar allar sem ríkið var þá að fullu og öllu eigandi að.

Afsalið 1960

Þrátt fyrir þessa afdráttarlausu niðurstöðu voru takmarkanir á sölunni. Þær eru hins vegar vandlega tilgreindar í afsalinu fyrir kaupunum og lúta annars vegar að starfsemi ríkisins í Vestmannaeyjum og hins vegar að réttindum sem þegar eru bundin í samningum. Þar segir í afsalinu:

„Undanskilið sölu er:
Prestsetursjörðin Ofanleiti, ...
Vitajörðin Stórhöfði.
Lóð undir hús bæjarfógetaembættisins (Tindastóll) og lóð undir fangahús.
Núverandi flugvallaland, auk þess land undir væntanlega þverbraut að stærð 20 ha.
Einstaklingar, félög og stofnanir, sem fengið hafa á leigu lóðir eða landspildur í Vestmannaeyjum, halda rétti sínum samkvæmt þaraðlútandi samningum. Námar og námaréttindi í hinu selda landi eru undanskilin sölu, svo og jarðhitaréttindi, nema til notkunar fyrir bæjarfélagið." (Þinglýst afsalsbréf, dagsett 23. ágúst 1960.)

Landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, sem undirritaði afsalið fyrir hönd ríkisins, lýsti í framhaldinu „... kaupandann réttan og löglegan eiganda að framangreindu landi í Vestmannaeyjum, með þeim takmörkunum, er áður greinir". Þá er tilgreint að „[r]ísi mál út af sölu landsins, má reka það fyrir bæjarþingi Reykjavíkur".

Fjórði opinberi eigandi: Vestmannaeyjakaupstaður 1960 og síðan

Af samantektinni má glögglega ráða að á Alþingi var öllum ljóst að verið væri að selja Vestmannaeyjar allar, með ákveðnum takmörkunum sem tilgreindar voru í afsali, og að seljandi, íslenska ríkið, hefði verið að fullu eigandi að öllum Vestmannaeyjum er að sölu kom. Jafnafdráttarlaus er vilji kaupanda til að kaupa Vestmannaeyjar allar, með gögnum þess og gæðum.

Það má glögglega ráða af traustum heimildum að eigendasaga Vestmannaeyja frá upphafi er ljós og skýr, óslitin og samfelld, að minnsta kosti síðustu sex hundruð árin:

Líklega snemma á 15. öld eignast konungur allar Vestmannaeyjar.

Árið 1874 yfirtekur ríkið allar eigur konungs í Vestmannaeyjum.

Hinn 23. ágúst 1960 selur ríkið „Vestmannaeyjakaupstað land allt í Vestmannaeyjum, sem nú er í eigu ríkisins".

Þess má að lokum geta að með lögum frá 1991 (lögum um breyting á ýmsum lögum vegna aðskilnaðar dómsvalds og umboðsvalds í héraði, 38. gr.) voru heimildarlögin um söluna felld brott, ekki af efnislegum ástæðum, heldur sem lagahreinsun þar sem talið var að heimildin væri komin að fullu í framkvæmd.

Þegar kröfulýsing ríkisins í þjóðlendumálum kom fram sl. vetur, þær sem lutu m.a. að Vestmannaeyjum, tók Kári Bjarnason bókavörður saman greinargott sögulegt yfirlit um eignarhald Vestmannaeyja að ósk Írisar Róbertsdóttur bæjarstjóra. Grein Kára sýnir að eigendasagan er skýr og óslitin allt frá landnámi til okkar daga samkvæmt heimildum. Greinargerðinni var ætlað að styðja andmæli Vestmannaeyjakaupstaðar við fyrstu kröfum ríkisins og sýna fram á óskoraðar eignarheimildir kaupstaðarins á öllu landi í Vestmannaeyjum, heimalandi og úteyjum, gögnum þeirra og gæðum.

Grein Kára á fullt erindi til lesenda Fylkis og er góð heimild um sögu Vestmannaeyja. Hún er því birt hér, dálítið endurskoðuð og felld að blaðaformi.

– HBern.


Kjörís
Jólaís

ora
Öll jól
– Síðan 1952 –
Jólakveðja frá Ora
Við óskum landsmönnum öllum
gleðilegrar og friðsællar jólahátíðar
með kæru þakklæti til viðskiptavina okkar.
Megi nýja árið færa ykkur
öllum gleði og gæfu.

— 2023 —
Marport óskar ykkur
gleðilegrar hátíðar &
farsældar á nýju ári.
MARPORT
ICELAND UK USA SPAIN NORWAY FRANCE SOUTH AFRICA


PiparTBWA \ SÍA
GLEÐILEG
JÓL
Óskum Vestmannaeyingum og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Sjöfn Kolbrún Benónýsdóttir, Bobba í Gröf:

Lærði að róa árabát 10 ára

VIÐTAL:
ÁSMUNDUR FRIÐRIKSSON

Bobba í Gröf

Foreldrar;
Benóný Friðriksson,
Binni í Gröf í Vestmannaeyjum, *f. 1904, d. 1972.*

Sigríður Katrín Sigurðardóttir frá Þinghól í Hvolhreppi, *f. 1909, d. 1979.*

Systkin;
Sævar,
f. 1931 - d. 1982
Jóna Sigríður,
f. 1935 - d. 1984
Sjöfn Kolbrún,
f. 1937 -
Oddný Jóhanna,
f. 1939 - d. 1995
Friðrik Gissur,
f. 1941 -
Benóný,
f. 1947 - d. 2022
Sigurður Grétar,
f. 1950 -
Svanhildur Guðrún,
f. 1951 - d. 2019

Rætur Sjafnar Kolbrúnar Benónýsdóttur liggja í byggðinni ofan við Hringskersgarð, Skansinn og Bæjarbryggjuna. Af Urðarvegi og Heimatorgi þar sem fram eftir síðustu öld var stakstæði til að þurrka saltfisk. Í hjarta bæjarins þar sem hún tók sín fyrstu skref inn í lífið í nálægð við höfnina sem var nánast í garðinum heima hjá Bobbu eins og hún var kölluð. Þar var verið að leggja drög að öflugu byggðarlagi í Eyjum og byggja upp stærstu matvælafyrirtæki landsins. Hraðfrystistöðin, eða Hraðið eins og fyrirtækið var kallað, var steinsnar frá þröskuldinum í Jómsborg þar sem þau þrjú elstu systkini hennar fæddust. Þá voru gerðir út 80 bátar í Eyjum og samkeppni í aflabrögðum náði til barnanna og inn á hvert heimili í bænum. Börnin voru í náinni snertingu við fjörugt atvinnulífið og léku sér á árabátum við höfnna, sem var lífæð samfélagins. Húsin í bænum báru nöfn og enn í dag kennum við fólk við þessi hús og bæjarhluta. Gröf, Görn, Stafholt, Vegamót, Lönd, Gjábakki og Vinaminni. Þá var verslun á Þingvöllum, og þarna var Kuði, Árnabúð, Hóll og alþjóðleg tenging í nöfnum húsa eins og Kórea, London, Edinborg og Boston þar sem Einar ríki hóf verslun. Kornloft, Kornhóll, Garðurinn og Godhaab sem var skrifstofa Hraðfrystistöðvarinnar. Þetta var alþjóðlegt yfirbragð af iðandi mannlífið sem fyllti þessi hús, maður lifandi hvað það var litríkt og skemmtilegt. Þarna bjó þekkt fólk í bæjarlífinu og annað þjóðþekkt, sem skrifaði söguna óviljandi og enn er verið að tala um. Binni í Gröf var ekki bara þekktur aflamaður og skipstjóri, heldur jarðtengdur pabbi og heimilisfaðir sem var líka á undan sinni samtíð, heimafyrir og í uppeldi barnanna sinna. En hvaðan kom hann, þessi fínlegi maður með dökkt og franskt útlitið sem hann lagði afkomendum sínum svo ríkulega til.

Þann 13. apríl árið 1818 strandaði franska skútan Morgunroðinn ((l'Aurore) á Skálafjöru í Meðallandi. Einn af þeim sem björguðst hét Louis Henry Joseph Vanderoruys. Þessi franski sjómaður dvaldi um hríð í Meðallandi. Í janúar 1819 fæddist Valgerði Jónsdóttur sonur, hún var til heimlis að Skurðbæ í Meðallandi og var drengurinn nefndur: Benóní Hendriksson (Benóný Hinriksson). Eignaðist hann síðar nokkur börn og var eitt þeirra Friðrik Gissur bátsformaður og dýralæknir frá Ormskoti undir Eyjafjöllum. Eiginkona hans var Oddný Benediktsdóttir frá Efstu-Grund í sömu sveit, en þau fluttu til Eyja og bjuggu í Gröf. Þau eignuðust 19 börn og tóku að sér fósturson, en misstu átta börn á ungum aldri. Þeirra 15. barn var Binni í Gröf sem hafði dökkt og franskt yfirbragði sem leyndist engum. Úr frjóum sverði hæfileika forfeðra hans brustu fram einstakir hæfileikar veiðimannsins sem var gjöf lífsins, eins og listrænir hæfileikar margra áa hans sem þeir hafa uppskorið úr sama frjóa sverði.

Sævar Benónýsson í Gröf.

Þrjú systkin frá Gröf að fylgjast með stangarstökki í Herjólfsdal á Þjóðhátíð upp úr 1940. Frá vinstri Sævar, Jóna og Bobba.

Gísli og Bobba, ung og hress og ný trúlofuð.

Bobba ætlar að segja okkur glefsur úr litríku samfélagi og skemmtilegu uppeldi á æskuheimili sínu, þar sem ekki voru eingöngu farnar troðnar slóðir. Þar var meira jafnræði en almennt þekktist í þeim tíðaranda sem þá var og orðin jafnrétti kynjanna ekki til í talmáli þess tíma, eins og síðar varð. En á heimili aflakóngsins Binna í Gröf byggði heimilislífið á jöfnum rétti kynjanna til heimilisstarfa, drengjanna, stúlknanna og hans sjálfs. Skipstjórinn stóð sjálfur sína vakt í uppvaskinu við eldhúsgluggann og lét sig engu varða undrun vegfarenda eða nágranna og stjórnaði heimilinu með festu.

Fjölskyldan sprottin úr frjóum garði

Mamma mín Katrín Sigurðardóttir var frá Þinghól í Hvolhreppi, en hún kom til Eyja og gerðist vinnukona á heimili Árna Johnsen eldri og Margrétar eiginkonu hans. Það fór fyrir mömmu eins og svo mörgum sem komu til Eyja í atvinnuleit að hér kynntist hún maka sínum og fór aldrei til baka. Foreldrar mínir kynnast í hringiðu lífsins og bjuggu lengst af á Hásteinsvegi 45. Þau bjuggu sín fyrstu búskaparaár í einstaklega fallegu húsi, Jómsborg við Heimatorg. Þar var allt að gerast hjá ungum hjónum og við þrjú elstu systkinin fæðumst þar, Sævar, Jóna og ég, inn í blómlegt nágrenni, þar sem allt var við hendina. Á móti Jómsborg var Verslun Haraldar Eiríkssonar, þá Vegamót og Smiðja Þorsteins Sigurðssonar en þar fyrir austan stóð Vinaminni við Urðavegi 5, og þá Gröf sem pabbi er kenndur við. Þrátt fyrir að ég hafi verið mjög ung á þessum tíma þá átti ég eftir að kynnast þessu samfélagi síðar á ævinni. En þarna tóku margir þekktir menn sín fyrstu skref í atvinnulífinu, Gísli J. Johnsen rak pósthús á Þingvöllum, Einar ríki rak verslun í Boston og Bókasafn Vestmannaeyja var komið fyrir í Kuða. Þarna voru líka tómthús og beituskúrar innan um íbúðabyggðina. Miðhúsasundlaugin reis árið 1934, sem byggði á sjóveitu og sjótanki sem stóð á Skansinum. Það þótti mikill lúxus að synda í rúmlega 20° heitum sjónum, en við gömu aðstöðuna á Eiðinu var synt í köldum sjónum.

Mínar æskuminningar tengjast fyrst Heiðarvegi 31, en þangað flutti fjölskyldan á hæðina, en foreldrar mínir leigðu Oddgeiri Kristjánssyni og Svövu Guðjónsdóttir jarðhæðina. Oddgeir og Svava keyptu svo húsið þegar við fluttum á Hásteinsveg 45. Það var Ólafur Kristjánsson fv. bæjarstjóri sem teiknaði Heiðarveginn eins og flest hús í Eyjum á þessum árum, en hann var giftur Marie Albertine systur pabba. Á Heiðaveginum fæðast Odda og Frissi en eftir að við flytjum á Hásteinsveginn, bættust þrjú í hópinn, Binni, Brósi og Svana. Þar voru okkar næstu nágrannar Guðrún Stefánsdóttir og Helgi Benediktsson útgerðarmaður og þar fyrir vestan var Ingólfur úrari og húsin Pétursey og Hrafnabjörg stóðu austan við Heiðaveginn.

Við Hásteinsveg og Faxastíg hafa rætur lífs míns legið í skjóli við Hánna, með landsýn í Hvolhreppinn, Eyjafjöllin og austur á Urðir. Það er yndislegt að hafa þennan frjóa garð sem við fjölskyldan erum sprottin úr fyrir augunum hvern dag lífs míns út um eldhúsgluggann.

Fallin spýtan

Það var mikið líf í vesturbænum á þessum árum og við krakkarnir lékum okkur oft og mikið saman. Mest á skólalóð Barnaskólans og eins í lautinni milli Breiðabólstaðar og Boðaslóðar, þar sem nú stendur leikskólinn Rauðagerði. Þá var stutt á fótboltavöllinn í Löngulág, en hverfið allt og heimili okkar voru undir þegar við lékum okkur sem börn. Það varð engin breyting þegar við fluttum á Hásteinsveginn, þetta var sama hverfið. Á Boðaslóð 1, voru strákarnir úti í húsi eins og við kölluðum þá, Addi, Sigurpáll, Garðar Sigurjóns, Gæi og Gaukur var yngstur. Á Heiðarvegi 44, bjó Palli krati og Heiða, en ég lék mér mjög mikið með stelpunum þeirra, Bíbbu og Dúddu. Svo var Sigrún Eymundsdóttir á Hásteinsvegi 35, og á 34, var Siggi Reim. Hann var sjö árum eldri en ég og stjórnaði öllu, hvert átti að fara að leika og hvað var leikið, þetta var alveg alvöru fjör og skemmtilegir leikfélagar. Siggi Reim var einstakur maður og varð landsfrægur fyrir að vera áratugum saman brennukóngur Þjóðhátíðarinnar. Þá lékum við okkur oft í „Fallin spýtan," sem var feluleikur og þegar einhver fannst var hlaupið í kapp að spýtunni og kallað fallin spýtan, þá frelsuðust allir sem höfðu fallið úr leik, ef sá sem fannst náði fyrstur að spýtunni. Ekki mátti fela sig fyrir utan skólalóðina, eða þess svæðis sem afmarkað var í hvert sinn.

Oft var meira fútt í leikjunum og þá háðum við stríð á milli hverfa eða skiptum í lið, smíðuðum sverð og skyldi og börðumst til síðasta manns. Langan var oft vettvangur slíkra stríðsátaka, þá var róið á árabátum út í Löngu , skipt liði og bardaginn barst upp þungar sandöldur og brekkur. Leikurinn barst

oft inn í Karató þar sem safnað var vatni fyrir bátana sem lögðust að bryggjusporði sem lá undir berginu við Kleifarnar og vatnið rann um borð. Þar voru skylmingabardagarnir harðir þegar komið var í melgresið undir Kleifunum og við stelpurnar gátum fótað okkur betur og gáfum strákunum ekkert eftir, nema síður sé. Þarna mættu Rikki í Ási og Gústi Hregg sem vor stæðilegir peyjar sem erfiðlega gekk að eiga við í skylmingunum. Ef einhver var snertur með sverðinu var hann „dauður," góður skylmingamaður varð því að vera fimur og snöggur ef hann ætlaði að lifa af bardagana. Þetta var alvöru stríð, en það lá samt enginn mjög lengi dauður í sandinum. Við krakkarnir í Eyjum voru því líkamlega sterk og lipur í öllum okkar leikjum og aðgerðum. Það kom sér vel þegar við byrjuðum að vinnan í fiski, en flest okkar voru 12 ára eins og ég var, þegar við byrjuðum að vinna.

Við Bíbba vorum rosalega mikið á bryggjunum eftir skóla á veturna og við vorum mjög ungar þegar við fengum fyrst lánaðan árabát og rerum um höfnina, út í Löngu eða stálumst til að róa út fyrir hafnargarðana sem var annars stranglega bannað. Það þætti nú saga til næsta bæjar í dag ef börn væru að leika sér á árabát með engin öryggistæki um borð. Við vorum ekki einu sinni með björgunarvesti þegar við rerum oft út fyrir hafnargarðanna í leyfisleysi og þá gat stundum verið smá hreyfing í sjónum og erfitt að halda árunum í keipunum með litlum höndum. Þarna lærði ég að róa árabát 10 ára gömul.

Sprangan hafði mikið aðdráttarafl og ekki langt fyrir okkur krakkana á Hásteinsveginum að skjótast í sprönguna. Við vorum handsterk eftir skylmingar og róður og fórum létt með að hanga tímunum saman í sprönguni. Við vorum ótrúlega vel á okkur komin og hlupum umfjöll eins og ekkert væri, lífið var bæði heilbrigt og svo ótrúlega skemmtilegt í Eyjum á þessum árum. Við Bíbba vorum líka í frjálsum íþróttum, æfðum hlaup og hástökk og lögðum stund á handbolta.

Hentu kennaranum út

En lífið hjá krökkum í Eyjum á þessum tíma var ekki bara leikur. Ég var á tólfta ári þegar ég byrjaði að vinna hjá Einari ríka í Hraðinu. Ég var eina stelpan sem látin var handflaka karfa. Jóna frá Sjónarhól kenndi mér réttu handbögðin við flökunina, en fyrst þurfti að smíða undir mig kassa svo ég næði upp á flökunarborðið. Ég man þetta eins og gerst hefði í gær, ég stóð á kassanum og Jóna sem var albesti flakarinn og voðalega góð kona stóð yfir mér og sagði mér til. Hún kenndi mér að vera með snögg handbrögð, helst eitt hnífsbragð og ári seinna var ég orðin betri en hún. Þegar ég var orðinn 14 ára fór ég í að salta og rífa upp fisk og var líka í pökkun. Við krakkarnir vorum heldur betur upp með okkur að stunda fullborgandi vinnu. Við tókum með okkur nesti að heiman og vinnufötin voru skyrta, buxur og ómissandi hárslæð frá mömmu og guð hvað við vorum miklar skvísur þegar við vorum komnar í svuntu og hanska, trúið mér. Við vorum ófermnd, vorum bara börn í vinnu og stóðum okkur ótrúlega vel. Við unnum 8 tíma á dag og svo var farið heim að leika fram á kvöld, það var aldrei dauður tími. En á veturna eftir að skólinn byrjaði fékk enginn að vera úti á kvöldin, á okkar heimili var það stranglega bannað að vera úti á kvöldin.

Í Barnaskólanum var oft mikið fjör og það var tekið í okkur ef við forum yfir strikið sem gerðist stundum, kannski oft? Friðrik Jesson á Hól kenndi okkur leikfimi og hafði mikinn aga á okkur, en ljúfur og fínn karl. Mér fannst alltaf gaman í leikfimi, en þoldi ekki að okkur var alltaf raðað í röð eftir stærð. Ég var minnst og alltaf fremst í röðinni. Þórarinn Magnússon kenndi mér líka, ég lærði hjá honum, hann kenndi svo rosalega vel. Steingrímur Benediktsson kenndi okkur kristinfærði, en hann var síðar skólastjóri Barnaskólans frá 1961-1966.

Það kom fyrir í skólanum í þá daga að kennarar héldu ekki tökunum, þá braust stundum út töluverður kvikindisskapur. Þá var það mikið í tísku að setja teiknibólur á stólsetuna undir rassgatið á kennaranum. Það leiddi stundum af sér harðari aðgerðir ef teiknibólan hafði virkað vel og jafnvel brustu út slagsmál í kennslustofunni. Einu sinni voru peyjarnir að atast í Arnþóri Ágústssyni kennara. Þar fóru fremstir í flokki strákarnir í bekknum. Einu sinni brutu þeir hurðina í kennslustofunni með dúndrandi átökum og við skríllinn fylgdum á eftir. Við stóðum líka sem einn maður þegar töluverðar óeirðir brutust út og peyjarnir lentu í átökum við Arnþór kennara. Þeim viðskiptum lauk með því að aðal trukkarnir í bekknum tóku karlinn og hentu honum út úr kennslustofunni. Það var alvöru afgreiðsla en allt jafnaði það sig að lokum og við héldum náminu áfram. Það voru engin fantabrögð, en strákunum var refsað og við lærðum öll af þessu. Við þurfum öll reglur og línur sem ekki má stíga yfir. Við lærðum það enda vorum við öll orðin svo fullorðið fólk, þrátt fyrir ungan aldur.

Helgi Ben var góður karl

Ég hafði haldið að karlar færu aldrei að gráta, en annað kom í ljós. Það var á afmælisdaginn hans pabba, 7. janúar árið 1950 að fiskibátur frá Helga, Helgi VE 333, sem var 115 tonn fórst við Faxasker í foráttuveðri og fórust 10 menn. Tveir þeirra höfðu komist í skerið og var gerð tilraun til þess að bjarga þeim. Pabbi og Sighvatur í Ási höfðu safnað liði alls 13 menn sem ætluðu að leita leiða til bjarga þeim og fara á árabát út frá Eiðinu. En það þótti möguleg feigðarför að reyna það og því var hætt við. Allt kom fyrir ekki og mönnunum var því miður ekki bjargað, þrátt fyrir að margir voru tilbúnir að leggja sig í lífshættu.

Ég hafði farið í Brynjúlfsbúð þennan dag til að kaupa konfektkassa handa pabba í afmælisgjöf. Í búðinni eru menn að tala um að Helgi hafi farist og að pabbi og fleiri hafi gert glórulausa tilraun til að róa út í skerið. En veðrið var svo brjálað að trukkurinn hans Jóns í Bólstaðarhlíð hafði fokið um koll á Eiðinu. Ég var því áhyggjufull um afdrif pabba en hann skilaði sér heim og fékk konfektkassann frá mér. Morguninn eftir slysið kom Helgi Ben yfir til okkar að ræða slysið við pabba. Helga var mikið niðri fyrir og grét hann eins og barn í eldhúsinu hjá okkur sem er eðlilegt eftir slíkan harmleik. Ég man hvað ég var mér varð brugðið, en Helgi Ben var góður karl við þá sem honum líkaði við, en var ekki allra. Hann átti sínar hliðar og einstaka krakkar voru hálf smeik við hann.

Við Bíbba hans Palla krata fórum oft með reikninga til útgerðarmanna í bænum frá kratanum, en hann stillti kompásana á bátunum í Eyjum. Einu sinni sendi hann okkur með reikning til Helga Ben á skrifstofuna hans í Vosbúð. Helgi tók við reikningnum sem við komum með og horfði á hann, en við stóðum álengdar og fylgdumst með og biðum eftir greiðslunni. Helgi tekur þá reikninginn, rífur hann í sundur og hendir bréfsnifsunum í ruslið fyrir framan okkur stelpurnar. Okkur brá illilega, hlaupum út og heim til Palla krata og sögðum honum farir okkar ekki sléttar, en vissum aldrei hvernig það mál endaði.

Fylgdumst með og bárum ábyrgð

Við börnin vorum mjög tengd og ofin inn í það sem var að gerast í kringum okkur. Þannig fylgdist ég mjög vel með aflabrögðum bátanna í Eyjum og sérstaklega hvernig pabba gekk. Við þekktum alla bátana í Eyjum og ég fór mikið á bryggjurnar til að fylgjast með hvað pabbi og hinir bátarnir voru að fiska. Aflaskýrsla var birt í Fylki, blaði Sjálfstæðisflokksins í Eyjum og það var mikið kapp í mér eins og pabba. Það var eiginlega enginn maður með mönnum sem vissi ekki hvað bátarnir voru að fá´ann á hverjum degi. En mér hljóp einu sinni kapp í kinn þegar Rúna hans Jóa Páls fór að hreyta í mig. Það gerist eftir að pabbi hennar varð aflakóngur á Lagarfossi tvær vertíðar, 1943 og 1945, en báðar héldum við með feðrum okkar. „Pabbi minn var aflahærri en pabbi þinni í gær, hvað fiskaði pabbi þinn þá?" sagði Rúna einu sinni við mig, en ég sagðist ekki vita það. Þá svaraði Rúna, „þú veist það ekki bara vegna þess að pabbi minn fiskaði meira en pabbi þinn." Þetta voru skemmtileg augnablik sem góðar minningar geima um Rúnu og fjölskyldu hennar og segja mikið um tíðarandann í Eyjum sem við strákar og stelpur lifðum í.

Ég man líka eftir því að þegar mömmu vantaði pening fyrir nauðsynjum heima og pabbi á sjó. Þá var ég send niður á skrifstofuna í Hraðinu til að sækja pening á hjá Ósk á Hlíðarenda, sem sá um fjármálin hjá Einari ríka. Okkur var treyst að sækja pening fyrir heimilið og á okkur sett ábyrgð, klárlega hafði það þroskandi áhrif á okkur krakkana í Eyjum. Það kostaði líka að gera út fullt hús af börnum og stelpu sem var að þroskast, þó ég hafi að mestu séð um að afla minna peninga sjálf alla tíð.

Á þessum árum var aðal sportið fyrir okkur krakkana að vera í stúku hjá Ingibjörgu Johnsen. Imba var með aðstöðu uppi á lofti í Höllinni og þar byrjuðum við Gutti Einars að dansa saman. Það var mikið fjör í stúkunni hjá Imbu, mikið dansað og við Gutti vorum ansi góða að dansa saman. Einu sinni erum við beðin að sýna dans á sjómannaballi í Höllinni. Marie frænka var klár saumakona, saumaði á mig hringskorið, fallegt pils. Það var svakalegur spenningur hjá okkur Gutta fyrir fyrstu sýningu okkar. Þegar ég kem niður í Höll og sé allt þetta prúðbúna fólk í þessu stóra húsi með alla þessa lofthæð, guggna ég. Gutti var fljótur að átta sig, segir mér að bíða aðeins því hann ætli að tala við pabba sinn, Einar Guttormsson lækni. Þegar Gutti kemur aftur, er hann með þau skilaboð frá pabba sínum að ég eigi að skella í mig töflu sem Gutti var með. Mér fannst sem ég ætti heiminn þegar taflan fór að virka og þegar við hófum dansinn sveif ég um gólfið og naut mín í botn. Við Gutti sýndum og dönsuðum oft saman á skemmtunum í Eyjum eftir þetta og allt gekk það vel. Seinna var mér sagt að Guttinn hafi látið mig taka kæruleysistöflu, sem tók mig svona til kostanna.

Stúkan var aðal samkomustaður unglinganna í Eyjum og það voru fáir peyjar sem smökkuðu vín og vínneysla alls ekki almenn meðal unglinga. Það þótti samt voðalega sniðugt að lumma sér inn á böll með eitthvað smáræði, en ég smakkaði ekki vín fyrr en ég var orðinn 17 ára og þá lítið sem ekkert. Ég var að komast á unglingsárin og spennandi að fara á böllin með HG sextett sem spilaði á hverju kvöldi frá 20 – 23.30. HG sextett , Haraldur Guðmundsson hljómsveitarstjóri, var hljómsveit og blandaður kvartett. Þá voru einnig áberandi í tónlistarlífinu í Eyjum Guðjón Pálsson, Guðni Hermansen, Siggi á Háeyri, Gísli Bryngeirsson og Erling Ágústsson. Böllin voru haldin í Höllinni og Alþýðuhúsinu, en Rekstrasjón á Hótel HB. Það vantaði ekki böll eða skemmtanir á þessum tíma í Eyjum.

Fyrsta ferðalagið upp á land og til útlanda

Sumarið áður en ég fermist fer ég í fyrsta skipti í ferðalag, við fjölskyldan sigldum með Stokkseyrarbátnum og fórum með rútu austur í Múlakot í Fljótshlíð og gistum á hóteli. Það þótti heldur fínt að gista á hóteli og borða þar og sjá yfir sveitina. Þvílíkt útsýni hafði ég aldrei áður séð, inn í Þórsmörk og Goðaland í skjóli Eyjafjallajökuls og út til Eyja sem lágu undan ströndinni. Þá var komið í garðinn við Múlakot, sem garðyrkjukonan Guðbjörg Þorleifsdóttir hafa skapað með eigin hendi og var eitt af undrum Íslands.

Kannski var ég komin með smá ferðabakteríu, en ég fór að læra Esperantó með sr. Halldóri Kolbeins í Ofanleiti og Þórarinn kennari var líka með okkur í náminu. Sr. Halldór kenndi andskotann ekki neitt, hann var bara í kaffinu og kökunum. Það átti að fara í 5 landa ferð, sem byrjaði með námi í esperantó í Danmörku og ég skráði til að komast með í ferðina. Við vorum um tíma á hverju kvöldi uppi í Breiðabliki. Þarna voru auk okkar Konni í Landlyst, Óli Gräns, Sonja Gräns og foreldrar þeirra. Ég var orðinn 17 ára og safnaði öllum pening sem ég gat lagt til hliðar fyrir þessa utanlandsferð. Við sigldum út á 3. farrými með Gullfossi til Kaupmannahafnar. Þar fórum við í tveggja vikna skóla í esperantó í Helsingör og þar nýttist grunnurinn sem við höfðum að heiman. Þetta var auðvitað algjört ævintýri, þarna vor tjarnir með froskum sem ég hafði aldrei séð áður og tré eins langt og augað eygði. Það var þó ekkert í samanburði við frían aðgang að Tívolíinu í Kaupmannahöfn. En yfirmaður Tívolísins var aðal Esperantistinn á námskeiðinu og við fengum frítt í Tívolíið þegar við vildum þessar tvær vikur í Kaupmannahöfn. Ferðin í heild líður mér seint úr minni, ég var 17 ára stúlka sem var í mínu öðru ferðalagi, en áður hafði siglt með Stokkseyrarbátnum og farið með rútu í Fljótshliðina.

Á þessum árum voru stíf gjaldeyrishöft og ekki auðvelt að verða sér úti með erlendan gjaldeyri nema þá helst á svörtu. Það hafði ekki breyst mikið þegar við Gísli maðurinn minn fórum í okkar fyrstu ferð til útlanda stuttu seinna. Þá vantaði gjaldeyri, við vorum búin að nurla einhverju saman en vantaði meira og við báðum pabba að tala við Einar ríka um að redda okkur. Það stóð illa hjá Einari sem var aumur yfir því að geta lítið hjálpað. Þá mundi ég að fyrir nokkrum árum, þegar við Bíbba vorum í feluleik heima hjá henni á Heiðarveginum. Ég var að fela mig uppi á skáp og leggst á seðlabúnt, en þar var allt fullt af pundum. Palli krati var skipstjóri á Skaftfellingi á stríðsárunum og sigldi með fisk til Englands og þeir urðu frægir þegar þeir björguðu 52 mönnum af þýskum kafbáti og sigldu með þá til Englands. Eins var Palli skipstjóri á flutningaskip-

Í veitingasalnum á Hótel Borg í Reykjavík á sjómannadaginn gosárið 1973. Frá vinstri , hjónin María Pétursdóttir og Sveinn Matthíasson, Gísli og Bobba, Ingólfur Matthíasson og Pálína Björnsdóttir og loks Þóra Sigurjónsdóttir og Óskar Matthíasson. Sterkir stofnar og öll tengd sjómennsku og útgerð fiskskipa í Eyjum í marga áratugi.

Myndin er tekin 1960. Gísli og Bobba nýkomin til Eyja með nýja Leó Ve. 400 frá Austur Þýskalandi með Sigmar elsta son þeirra 3ja ára, klæddan eins og sjóliði.

inu Nönnu RE. og sá um bæjarútgerðina hér heima. Í gamladaga var þetta allt svona, karlarnir sigldu með aflann og komu heim með beinharðan gjaldeyri sem var fastur í höftum. Ég sagði pabba frá pundunum á skápnum og hann fer heim til Palla krata og biður hann að redda okkur Gísla pundum svo við kæmumst í ferðina. Ég hafði verið heimalningur hjá þeim og auðvitað reddaði kratinn þessu og við Gísli komumst í okkar fyrstu ferð til útlanda með slatta af rykföllnum pundum upp á vasann.

Pabbi stjórnaði heimilinu

Heimilislífið var í mjög föstum skorðum og pabbi hélt aga á okkur öllum, hann var verkstjórinn á heimilinu og það þýddi ekkert múður. Við vorum mörg og hvert okkar hafði sitt hlutverk að leysa og enginn komst undan því, að halda heimilinu hreinu, ryksuga og skúra. Mamma var aðeins með 25% sjón, en var samt dugleg að prjóna og við fylgdum henni alltaf þegar hún fór í búðir. Mamma hugsaði vel um hvernig við værum til fara og mest spennandi var þegar við fórum í Dalinn á Þjóðhátíð. Öll í nýsaumuðum fötum og eins fín og hugsast gat og ég gleymi aldrei Þjóðhátíðunum í gamla daga og nýju fötunum mínu.

Það fréttist út hvað pabbi tók virkan þátt í heimilishaldinu og að hann vaskaði alltaf upp þegar hann var í landi. Ég er viss um að ef pabbi hefði ekki gerst sjómaður og skipstjóri, hefði hann orðið kokkur. Þetta vakti auðvitað töluverða athygli og fiskisagan flaug. Einu sinni kom Helgi Ben yfir götuna og sest inn í eldhús hjá pabba og segir. „Binni, þú ert landsþekktur aflamaður, skammast þú þín ekkert fyrir það að standa út við gluggann þegar þú ert að vaska upp og láta fólkið í næstu húsum og úti á götu sjá þig í uppvaskinu?" Nei, það finnst mér ekki, þetta er svo rosalega skemmtilegt svaraði pabbi og þá var það ekki frekar rætt.

Brósi bróðir var áhugasamur um hárgreiðslu strax þegar hann var peyji. Frá 15 ára aldri fór hann alltaf heim úr skólanum í hádeginu til að greiða mömmu, þess vegna var hún alltaf með uppsett hár. Hann var mikið niðri hjá Jóhönnu ömmu sem bjó hjá okkur og æfði sig á því að greiða henni. Svo fór hann að kíkja á hárgreiðslustofuna hjá Öddu og það fór ekki fram hjá neinum hvert hugur Brósa stefndi. Hann kveið því mest að segja pabba frá því að hann ætlaði að læra hárgreiðslu, en það voru bara sjóarar í fjölskyldunni og fáttítt að karlmenn leggðu hárgreiðslu fyrir sig. Brósi taldi víst að pabbi mundi bregðast illa við. En Brósi gleymir aldrei svarinu frá pabba þegar hann ber upp erindið við hann. Pabbi hlustar og segir svo, „Já það er gott hjá þér Brósi minn, en þá skaltu líka verða bestur í þínu fagi." Brósi er mikill fagurkeri og vill að sitt fólk líti vel út og hann hefur alltaf passað upp á það. Einu sinni voru Brósi og Svana systir að fara á bingó í Alþýðuhúsinu. Brósa leyst ekkert á klæðnaðinn á henni og sagði að það kæmi ekki til mála að hún færi með honum svona til fara á bingóið. En það var enginn tími til fataskipta svo Svana fer ein, en hittir Siggu í Framtíð á leiðinni í Alþýðuhúsið og þær skella sér saman. Það skemmtilega gerist er að Svana vann stærsta vinninginn í bingóinu þetta kvöld.

Þetta var auðvitað kraftmikið heimilislíf þar sem átta börn höfðu fæðst á 20 ára tímabili og tóku mikið pláss. En við hlýddum pabba alltaf, það gekk ekki að fara í fýlu út í hann. Pabbi var dagfarslega rólyndismaður, nem með víni og þá var ég hálf smeyk við hann.

Hálfa milljón, djöfullinn sjálfur!

Við Gísli vorum fjárhaldsmenn Sævars bróður og það var auðvitað ekki alltaf auðvelt. En við leystum það vel að mínu mati og aldrei féll skuggi á samband okkar við Sævar eða systkini mín vegna þess. Peningaskortur er fylgifiskur óreglunnar og það kostaði vandræði þegar ekkert var inni á bankabókinni og fundirnir með Bakkusi lengri og fleiri en boðlegt var. En Sævar var aldrei til vandræða heimafyrir og eftir að pabbi dó var hann einn hjá mömmu og var alltaf góður við hana, sama á hverju gekk á löngum fylliríistúrum.

Það var að líða að jólum og við gátum ekki hugsað til þess að mamma hefði Sævar ölvaðan hjá sér yfir hátíðarnar, það væri bara ekki í boði. Við tölum Sævar inn á þá hugmynd að hann færi í afvötnun í Hlaðgerðarkot og gæfi mömmu frí í leiðinni. Hann samþykkir það um leið, en rétt áður en hann heldur upp að Hlaðgerðarkoti kaupir hann happdrættismiða hjá Ástu Ólafsdóttur frá Suðurgarði. Það var auðvitað ekki frásögu færandi nema að Sævar átti aldrei pening fyrir öðru en sígarettum og brennivíni. Ég var stödd heima hjá mömmu að gera hreint fyrir jólin og stend í tröppum inn á gangi og er að þrífa. Þá er bankað á útidyrahurðina og ég sé í gegnum glerið á hurðinni að Ásta stendur fyrir utan. Það flýgur í gegnum hausinn á mér, hvað er hún Ásta að gera hér? Og kalla svo í hana að koma inn. Ásta steig inn í ganginn og kastar á mig kveðju, spyr um jólahreingerninguna og er mjög róleg, en segir svo. „Ég er komin í þeim erindagjörðum, sem er regla hjá okkur í Happdrættinu að tilkynna fólki þegar stórir vinningar falla í þeirra hlut, en hann Sævar bróðir þinn var að vinna hálfa milljón!" Mér dauðbrá, sagði hún hálf milljón, ég næstum hrapa niður úr tröppunni og hrópa upp yfir mig, „hálfa milljón, djöfullinn sjálfur!" Ásta verður eitt spurningamerki og segir undrandi að aldrei hafi áður verið tekið á móti henni með þessum hætti þegar hún tilkynnir gleðifréttir um stórvinning. Ég missti þetta út úr mér, en bið Ástu innilegrar afsökunar á dónaskapnum. Þegar Ásta hafði móttekið afsökunarbeiðnina bið ég hana að segja Sævari alls ekki frá þessum vinning, ef ske kynni að hann hringdi til hennar.

Gísli var fjárhaldsmaður Sævars á þessum tíma og hann fær vinninginn í hendurnar og leggur hann inn á reikninginn í Sparisjóðnum. Það voru ekki liðnir tveir tímar þegar Sævar hringir. Rám röddin var létt og Sævar segir við Gísla, „Ég var að vinna hálfa milljón."

Við höfðum mestar áhyggjur yfir því að nú kæmi Sævar heim og jólagleðin hæfist fyrir alvöru með drykkjufélögunum, Gölla Valda, Ameríku Geira, Dönitz, Óla Tótu og co, því nóg var til af peningum til að halda blaut og löng jól. Gísli spyr Sævar hvort hann ætli ekki að klára fyrirhugaða dvöl í Hlaðgerðarkoti áður en hann kæmi heim. Jú, jú, segir Sævar og ég varð svo ánægð að ég tókst eiginlega á loft og við áttum öll friðsæl jól.

Allir rónar bæjarins og frystihúsaeigendur

Þegar Sævar kemur heim úr Hlaðgerðarkoti var friðurinn úti. Meðferðin var bara hvíld til að safna kröftum og hálf milljón á bankareikningi var nú eitthvað til að gleðjast yfir og tímabært að taka tappa úr flösku á nýju ári.

Reglan var að við skömmtuðum honum alltaf pening öll þessi ár og þau sem í hönd fóru. Það var alveg kostulegt þegar hann kom til okkar á Faxastíginn að sækja pening. Með honum voru félagar hans Óli Tótu, Gölli og Kúti einhenti, eða þeir sem stóðu upp þann daginn. Félagarnir fóru gjarnan á bak við næsta hús eins og feimnir krakkar á meðan Sævar bankaði hjá okkur og bað um pening fyrir einni bokku. En það var aldrei nóg, bara fyrir eina enn, einni enn Bobba, gerðu það, við erum fjórir sagði hann rámur. Sævar var með sixpensara á höfði og sígarettuna í öðru munnvikinu og pírði augun þegar reykinn lagði undir augnlokin. Hann gafst aldrei upp og það endaði alltaf með því að við hentum í hann meiri pening. Á meðan þessu gekk heyrðum við í félögum hans hvetja Sævar til dáða til að fá meiri pening, þetta var auðvitað alveg kostulegt leikrit, dögum og vikum saman.

Gísli og Bobba á góðri stundu.

En Sævar var bróðir minn sem ég elskaði af öllu hjarta var ekki þessi Sævar sem var fullur dögum, vikum og mánuðum saman. Drykkjan tók sinn toll, hann hafði alltaf unnið inn á milli en það fór að halla undan og Sævar í Gröf kvaddi þetta líf saddur lífsdaga og hefur örugglega þráð hvíldina frá Bakkusi og þrautum sínum. Sævar átti sjálfur fyrir útför sinni og það var í senn kostulegt, en átakanlegt, en lýsir Eyjamönnum svo vel, hvað margir sýndu honum virðingu á efsta degi. Sævar hafði átt góða spretti í sínu lífi og sjómenn í Vestmannaeyjum þökkuðu honum samfylgdina og Ási í Bæ samdi um hann „Lúkkarsvísur." Eftir útförina í Landakirkju var erfidrykkjan heima hjá okkur Gísla á Faxastígnum. Þangað mættu allir rónar bæjarins og allir frystihúsaeigendurnir í Eyjum. Þetta segir allt um hvaða hug samfélagið í Eyjum bar til einstaklingsin Sævars í Gröf. Hans tilfinningar voru ekki auðlesnar en kannski var drykkjan flótti frá raunveruleikanum, vegna missis og reynslu þegar vinur hans fórst í vota gröf.

Þegar við Gísli vorum búin að kaupa legstein á leiði Sævars var enn smá peningur á reikningnum hans góða. Stína í Sparisjóðnum hafði alltaf verið svo góð við Sævar, en hún fylgdist með bókinni. Ég fór til Stínu þegar allir reikningar voru greiddir og enn var peningur á reikningnum. Kannski svona eins og 200 þúsund kall í dag og ég man að ég segi við Stínu. Hvað eigum við að gera við restina? Þá segir Stína, á hann ekki nafna, jú Sævar átti þrjá nafna. Við stofnuðum þrjár bankabækur fyrir nafna hans og skiptum upphæðinni sem eftir stóð á milli þeirra. Þetta var ægilega vel til fundið, enda er hún Stína alveg frábær kona.

Eftir andlát Sævars var óskað eftir leyfi frá lækni til að kryfja lík Sævars og sjá hvernig lifrin og innvolsið liti út eftir alla þessa drykkju. Það kom í ljós að lifrin var eins og í ungabarni eftir öll átökin.

Eyjamenn ársins

Við Gísli giftum okkur á sjómannadaginn árið 1960, hann var frá Byggðarenda við Brekastíg. Við eignuðumst sjö börn, Sigmar, Katrínu, Benóný, Grím Þór, Gísla Matthías, Sigurð Friðrik, Frosta og fóstursoninn frá 14 ára aldri er Sigmar Þór Sveinbjörnsson. Það má því segja að það hafi alltaf verið líf og fjölmenni á mínum heimilum. Gísli var sjómaður og útgerðarmaður á Katrínu VE. Viðurkenningar sem Gísli og við fengum á lífsleiðinni segja mikið um manninn minn. Hann var sæmdur þjónustumerki Bandlags íslenskra skáta úr gulli og við hjónin fengum nafnbótina Eyjamenn ársins 2014. Við úthlutun þessa heiðurs var þess getið að við ættum sjö börn sem öll tengjast atvinnulífinu í Eyjum og væru því verðugir fulltrúar mannslífsins í Eyjum. Okkur hjónum þótti mjög vænt um þessar viðurkenningar og að þáttur okkar í atvinnulífinu í Eyjum væri þannig metinn að verðleikum.

Ég er þakklát fyrir lífið og gjafir þess, börnin mín og barnabörn, stórfjölskylduna alla. Brósi bróðir minn hefur alltaf reynst mér ótrúlega vel. Eftir að Gísli dó kemur hann til mín frá Reykjavík í hverjum mánuði og stendur keikur með systur sinni, hann er svo ótrúlega góð persóna. Hann Brósi.

Verðmætin eru fólgin í þessu fólki mínu og þeim ljúfu minningum sem ég á um Gísla minn, mömmu og pabba og þau öll sem eru gengin.

Frà vinstri Jóna Helgadóttir,Sjöfn Kolbrún Benónýsdóttir,Àsta Krismannsdóttir,Sæþór Birgir Sigmarsson,Benóný Gíslason,Gísli Matthías Sigmarsson ,Gísli Matthías Sigmarsson eldri,Harpa Dögg Grímsdóttir,Sigmar Gíslason,Sjöfn Kolbrún Benónýsdóttir, María Fönn Frostadóttir,Sigurður Friðrik Gíslason,Clara Sigurðardóttur,Thelma Rut Grímsdóttir,Frosti Gíslason, Àsta María Àstvaldsdóttir,Guðrún Benónýsdóttir,Sigurður Grètar Benónýsson,Grímur Þór Gíslason.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfurík komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

Viska
Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja

Áhaldaleigan
481 3131
Vestmannaeyjum

STAVEY

Slökkvitækja- & Gúmmíbátaþjónusta Vestmannaeyja

Atlas

Viking Ferðir

Krain

Bifreiðaverkstæði
Harðar & Matta

Bragginn

Skipalyftan ehf
Vestmannaeyjum

Vélaverkstæði Þór

Leo Seafood
Icelandic quality product

Mars ehf.

2þ ehf

SV

Einsi Kaldi
Veitingastaður | Veislupjónusta

Hótel Vestmannaeyjar

Íbenholt

Eyjablikk

Heima RAF

Geisli

Klettur

Þípulagnir
897-1425 897-1445

Gott

Litla Skvísubúðin

Grímur kokkur

marhólmar

Ra.gí ehf

Sigurgeir í Skuld - Ljósmyndari - Lundakarl í Álsey - Í engu meðalmaður:

Skráð sögu Vestmannaeyja í 80 ár

Minnst 4 milljónir mynda - Mest 2,7 fuglar á mínútu - Sjö ára í Álsey

SAMANTEKT:
ÓMAR GARÐARSSON

Samantekt Ómar Garðarsson

„Ég hef ekki yfir neinu að kvarta og hef það bara helvíti gott í þessari holu," segir Sigurgeir Jónasson, ljósmyndari frá Skuld í Vestmannaeyjum. Við erum heima hjá honum, í bjartri og fallegri íbúð í vesturbænum. „Þetta er passlegt fyrir mig," bætir hann við, hógvær. Sigurgeir, sem í haust varð níræður hefur víða komið við á lífsleiðinni. Var ungur verkstjóri hjá Bæjarútgerð Vestmannaeyja, hafnarvörður, vann á fluginu í mörg ár og var um árabil umboðsmaður Morgunblaðsins í Vestmannaeyjum sem hann um leið þjónar sem ljósmyndari og fréttaritari. Stóra ástríðan er lundaveiði en þekktastur er hann sem ljósmyndari. Með myndum sem eru taldar í milljónum hefur hann öðrum fremur skráð sögu Vestmannaeyja í meira en 70 ár. Alla þætti, mannlíf, atvinnulíf, lífið í úteyjum og það er ekki margt Eyjafólkið sem ekki er að finna í safni hans. Stoð hans og stytta var kona hans, Jakobína Guðlaugsdóttir sem lést 2004. Börn þeirra eru Sigrún Inga, Guðlaugur og Guðrún Kristín.

„Fyrsta endurminningin? Ég veit það ekki en ég fæddist á Hásteinsvegi 28 og þar bjuggum við í einhverja mánuði, held ég. Næst á Urðaveginum, í kjallaranum á Bergstöðum og erum þar í nokkur ár. Er orðinn fimm eða sex ára þegar við flytjum upp í Hlaðbæ vestan við Vilpu. Man lítið eftir mér á Urðaveginum en er þó í minni þegar ég datt niður tröppurnar á Stóra Hvoli, sem var stórt hús hjá sundlauginni gömlu. Einhver henti mér niður tröppurnar og ég skarst eitthvað á hausnum."

Réttur maður á réttum stað. Í Surtseyjar- og Heimaeyjargosinu var Sigurgeir mættur með myndavélar og búnað. Myndin er tekin hlíðum Eldfells í gosinu 1973.

> *Ég fór með pabba í Álsey, fyrst þegar ég var sjö ára, held ég en tíu og ellefu ára þegar ég er sendur í sveit. Hundfúll að fara í sveitina á lundatímanum. Var farinn að taka í háf og helsvekktur, sérstaklega seinna sumarið. Skrifaði mömmu og pabba eitthvert leiðindabréf um hvað þau voru vond við mig að senda mig í sveit*

Sigurgeir í stuttu máli

Sigurgeir Jónasson er fæddur 19. september 1934. Foreldrar hans voru Jónas Sigurðsson og Guðrún Kristín Ingvarsdóttir.

Árið 2005 stofnuðu Sigurgeir og fjölskylda hans fyrirtækið Sigurgeir ljósmyndari ehf. með það að markmiði að skrásetja og varðveita það. Árið 2014 afhenti Sigurgeir og fjölskylda hans Vestmannaeyjabæ hið mikla ljósmyndasafn hans. Sigurgeir var útnefndur bæjarlistamaður Vestmannaeyja árið 2006, var valinn Eyjamaður ársins af Eyjafréttum árið 2016 og var sæmdur fálkaorðunni á nýársdag 2023.

Sigurgeir er einlægur aðdáandi Manchester United og það enginn venjulegur. Eftir sigur er hann í rauðu keppnistreyjunni, í varabúningi eftir jafntefli og í svartri treyju þegar liðið hans tapar.

Sigurgeir var meðlimur í Hrekkjalómafélaginu sem fór í fýlu og lagði sig niður. Er í hópi karla sem hittast á hverjum morgni uppi í Flugstöð og ræða málin. Ekki töluð vitleysan þar.

Snemma beygist krókur. Ungur fór Sigurgeir í lunda í Álsey með föður sínum, Jónasi í Skuld sem hér er hlaðinn lunda eftir góðan dag.

Bestu æskustundirnar

„Þarna var pabbi búinn að lofa mér að fara með honum til Færeyja. Hann var fiskilóðs á færeyskum skútum. Fór um borð þegar þær komu í febrúar eða mars á netavertíð. Þeir voru fleiri í þessu, m.a. Eyfi á Bessastöðum og sögðu þeir Færeyingunum hvar best væri að leggja netin. Pabbi var fiskilóðs í þó nokkrar vertíðir en það varð ekkert af Færeyjaferðinni hjá mér í þetta skiptið," segir Sigurgeir sem á fleiri minningar eftir að fjölskyldan flutti í Hlaðbæ. Seinna bjó fjölskyldan í Skuld við Vestmannabraut 40. Húsið Skuld var myndarlegt íbúðarhús var keypt af Vestmannaeyjabæ af skiplagsástæðum og rifið haustið 1972 , en húsið stóð í vegi þess að hægt væri framlengja Skólaveginn niður að Vesturvegi.

„Í Hlaðbæ átti ég mínar bestu æskustundir. Víglundur Þorsteinsson var minn nánasti vinur en hann bjó í næsta húsi, Hágarði. Þarna var Toni, Anton Óskarsson sem átti heima í Skála – Litla Hlaðbæ – við hliðina á okkur. Allt snerist um íþróttir og Austurvegurinn leikvangurinn. Þar kepptum við í 100 og 200 metra hlaupum. Fundum stökkgryfju austan við Kirkjubæina þar sem við stukkum á stöng og vorum í langstökki. Já, við vorum á kafi í íþróttum. Tíu eða tólf ára var ég kominn í fótboltann í Þór, í öðrum og þriðja flokki. Var helvíti sprækur og fljótur. Með mér voru m.a. Svenni Tomm, Friðrik Ásmundsson og Muggur í Garðshorni, allir á sama reki," segir Sigurgeir en þá tók við nýr kafli, úteyjalífið, lundaveiði og Álsey sem er honum svo dýrmæt.

Hundsvekktur lundapeyi

„Ég fór með pabba í Álsey, fyrst þegar ég var sjö ára, held ég en tíu og ellefu ára þegar ég er sendur í sveit. Hundfúll að fara í sveitina á lundatímanum. Var farinn að taka í háf og helsvekktur, sérstaklega seinna sumarið. Skrifaði mömmu og pabba eitthvert leiðindabréf um hvað þau voru vond við mig að senda mig í sveit," segir Sigurgeir sem hafði þó yfir engu að kvarta.

„Ég var í Flóanum, Gaulverjabæjarhreppi og hjá ágætis fólki. Allt í lagi með það en þar var fullorðinn maður, pabbi konunnar eða bóndans, sérvitur og allur í gamla tímanum. Var ekkert tillitsamur við okkur krakkana. Ég hafði aldrei umgengist skepnur að nokkru ráði nema að reka beljurnar í Skuld upp og niður Skólaveginn upp að Lukku. Fannst ægilegt þegar þær drulluðu á Skólaveginum. Var eins og feimin kleina, agalegt helvíti. Maður var ekki beysinn þá," segir Sigurgeir og hlær.

Fegurstur fugla. Sumar af bestu myndum Sigurgeirs eru af lundanum sem honum er svo hugleikinn.

Frjálsar og lundaveiðimet

Þegar kom að lundatímabilinu í byrjun júlí varð allt að víkja, fótboltinn, félagarnir og jafnvel fjölskyldan. „Fór með pabba út í Álsey og var þar í tvær, þrjár, fjórar og allt upp í fimm vikur í beit. Maður missti úr allan æfingatímann í boltanum, varð aldrei gjaldgengur í liðið og flosnaði upp úr honum. Ég sneri mér að frjálsum íþróttum. Keppti í 100 og 200 metrum og langstökki. Keppti á innanfélagsmótum hjá Þór og var fjandi sprettharður. Keppti einu sinni í grindahlaupi á Þjóðhátíð sem ég hafði aldrei gert áður en varð númer tvö. Hver vann man ég ekki. Ég setti að mig minnir Þórsmet í 100 metrum, 11,7 en þá var ég að nálgast tvítugt. Lengra náði ég ekki því hugurinn var allur í veiðimennskunni."

Sigurgeir sló ekki slöku við í lundaveiðinni frekar en öðru sem hann tekur sér fyrir hendur. Á met

í lundaveiði á einum degi í Vestmannaeyjum. „Það voru nákvæmlega 1204 fuglar á átta og hálfum tíma, sem ég held að séu 2,7 fuglar á mínútu. Það var helvíti kröftugt, ég á fínum veiðistað, í hentugum vindi, nóg af fugli og snemma á tímanum, 13. júlí árið 1977 . Þarna er ég orðinn fertugur og í fínu formi."

Veiðikapp og góður félagsskapur

Hvað er svona heillandi við lundaveiðina? „Bara kappið að veiða. Þetta var félagsveiði og dagveiðinni skipt jafnt, í fjóra eða fimm parta. Líka flottur félagsskapur, Hjalli í Dölum, Árni símritari, Jói Gísla, pabbi og Magnús, Maggi í Smið og Helgi á Vesturhúsum, þrír ættliðir. Þetta átti hug minn allan langt fram eftir aldri. Fór síðast í Álsey fyrir tveimur árum. Veiddi einn lunda bara til að segja að ég hafi veitt eitthvað enda ekki alveg orðinn níræður. Fór fyrst í Álsey sex eða sjö ára, fékk að snúa úr og brasa í fuglinum. Byrjaði að veiða af kappi tólf ára þannig að þetta hefur verið hluti af lífinu næstum alla mína ævi, eða í yfir 80 ár," segir Sigurgeir og rifjar upp fyrsta veiðidaginn.

„Fyrsta daginn sem ég fékk að taka í háf voru nokkuð margir í eyjunni, vestan kæla og fóru kallarnir fóru upp og vestur á eyju. Sögðu mér að fara á stað ekki langt frá kofanum, alveg niður við sjó þar sem ég sat og veiddi 100 fugla. Þeir í einhverju skrölti þarna vestur frá og voru samanlagt með svipaða veiði og ég. Eftir það fóru öll frí í lundann og ég hef hvorki verið góður maki né heimilisfaðir," segir Sigurgeir sem var fjarri góðu gamni þegar börnin fæddust. Komu öll í heiminn í júlí og hann í lunda í Álsey.

Og þröngt var setið og legið í gamla kofanum í Álsey. „Við vorum oft fimm í fjórum kojum og tvíbreiðu rúmi. Var hægt að tvímenna í henni ef gest bar að garði. Hafði hver sína koju. Lundaveiðin var hluti af lífsbjörginni, matur fyrir heimilið, saltað og reykt og frystur lundi. Ég leigði hólf í Fiskiðjunni þar sem ég átti frystan lunda sem ég gat sótt þegar ég vildi. Hluti var seldur. Við seldum Sláturfélagi Suðurlands hamflettan fugl og í fiðri og drjúgur peningur þegar vel gekk. Var heilmikil búbót."

Fjölskyldan, Sigrún Inga, Jakobína, Sigurgeir og Guðlaugur í júlí 1960.

Fjölskyldan

Þú hefur samt haft tíma til að ná þér í konu. „Já, en hún varð að súpa seiðið af lundaveiðinni. Hún fór af fullum krafti í golfið eftir að við byrjuðum að búa og stóð uppi sem margfaldur Íslandsmeistari. Var þá alveg sama, hún í golfinu og ég í lunda," segir Sigurgeir sem sjálfur var liðtækur í golfi.

Hvernig kynntust þið? „Það var aldrei langt á milli okkar, ég í Skuld á Vestmannabraut 40 og hún aðeins ofar, á Skólaveginum í Geysi. Vissum alltaf hvort af öðru og vorum oft að bruna niður Skólaveginn á sleðum og leika saman. Ætli þetta hafi bara æxlast einhverveginn svoleiðis.

Við byrjuðum að búa í kjallaranum hjá Óla frænda uppi á Kirkjubæjarbraut. Þegar börnin voru orðin tvö byrjaði ég að byggja í Grænuhlíð 10. Fór allur tími í það næstu fjögur árin. Fyrsta árið leigði ég Hraðfrystistöðinni húsið fyrir öllum ofnum í húsið. Næsta ár voru það hurðarnar og svona var þetta, maður skuldaði eiginlega aldrei neitt. Eftir að húsið var klárt leigði Hraðið það í tvö ár," segir Sigurgeir um Grænuhlíð 10, heimili fjölskyldunnar sem fór undir hraun í gosinu 1973.

Verkstjóri og hafnarvörður

Þá er komið að stóra kaflanum í lífi Sigurgeirs, ljósmyndun en meira þurfti til í baráttunni um brauðið. „Ég byrjaði að mynda þegar ég var hafnarvörður en þar á undan var ég hjá Bæjarútgerðinni. Vann með skóla hjá Sigga Auðuns og fékk alltaf vinnu hjá honum eftir tíma, í löndun og öðru. Þegar ég er átján ára fer hann í Hraðfrystistöðina til Einars ríka sem yfirverkstjóri og ég verð verkstjóri hjá Bæjarútgerðinni. Verkstjóri yfir 40 og 50 ára köllum. Að vera 18 ára peyi að segja þeim fyrir verkum var svolítið skrýtið. Þetta gekk samt ágætlega og kallarnir létu ungan aldur minn ekki bitna á mér.

Við lönduðum og afgreiddum togarana Bjarnarey og Elliðaey og Hafnarfjarðartogarana Júní og Júlí á sumrin. Þetta var svakaleg vinna. Var kominn upp klukkan fjögur á morgnana, byrjuðum að landa klukkan sjö til að fiskurinn væri kominn upp í frystihúsin fyrir vinnutíma. Já, þetta var mikil vinna, allur fiskur í stíum, þröngt í lestunum, sérstaklega var seinlegt að landa úr forlestinni. Unnið fram á rauðanótt og í stoppum voru lestarnar þrifnar, stíufjalirnar þrifnar og burrkaðar í skýli upp við flugvöll. Það var tvöfaldur gangur af fjölum og voru þær lakkaðar þegar þær voru orðnar burrar," segir Sigurgeir sem gerðist hafnarvörður eftir að Bæjarútgerðin lagðist af.

Myndir af bátum og fólki

„Steini á Múla var yfirhafnarvörður. Mikið um vökur á kvöldin og um helgar þannig að maður fékk alveg eldskírnina. Mikið kraðak á vertíðinni þegar yfir 100 bátar reru frá Eyjum. Kallaði á mikið skipulag í brælum, að koma öllum þessum flota fyrir í höfninni. Það var samt þarna sem ég fer að taka myndir fyrir alvöru. Ingibergur, afi hans Ingibergs á flugvellinum var lóðs og hann var alltaf að benda mér á að hafa myndavélina með. Þá

Eldingamyndin var tekin út á Breiðabakka 1. desember 1963, rúmlega hálfum mánuði eftir að gos hófst í Surtsey. Myndin sem markaði tímamót á ferli Sigurgeirs. Birtist í öllum helstu blöðum og tímaritum heims og kom honum á framfæri sem ljósmyndara á alþjóðavísu.

Ég að taka mínar fyrstu myndir með þrífæti sem ég kunni ekkert á. Svo kom elding sem mér fannst of lítil og ekkert gerðist í tvær mínútur. Allt í einu komu nokkrar í bunu, ég tilbúinn og hef myndavélina opna í 90 sekúndur. Ég var með 6 x 6 myndavél, Yashica og tólf myndir á filmunni. Vissi lítið hvað ég var að gera en lét Jöggu skrifa niður upplýsingar um hverja mynd.

byrja ég að taka myndir af bátum og fólki. Fyrsta myndin í landsmálablaði birtist í Tímanum í ágúst 1958 að mig minnir. Þá 24 ára og byrjaður að mynda helvíti grimmt. Myndin var af grindhvalavöðunni sem rekin var inn í botn og slátrað."

Þaðan lá leiðin á Morgunblaðið og til varð strengur sem ekki hefur slitnað þó margt hafi breyst á þessum 56 árum sem liðin eru. Hann byrjaði sem ljósmyndari og fréttaritari og seinna tóku þau Jakobína að sér umboð fyrir blaðið í Eyjum . " Það lenti meira á Jöggu eftir að ég byrjaði á fluginu, þá varð hún umboðsmaður og fréttaritari með mér og ég tók myndir." „Bjössi á Barnum byrjaði að djöflast í mér að senda myndir og fréttir á Moggann. Þetta var mér heilmikið kappsmál og var djöfull duglegur að senda myndir. Held að þeim á ritstjórninni hafi stundum þótt nóg um, ein frétt frá Eyjum á dag. Ef um stórar fréttir var að ræða varð að senda myndirnar óunnar," segir Sigurgeir og er honum minnisstætt Heklugosið í febrúar árið 2000.

Heklugos og Pelagus

„Ég var á bílnum þegar ég heyri að Hekla fari að gjósa eftir nokkrar mínútur. Ég var með myndavélatöskuna í bílnum og dreif mig inn á Eiði. Næ að taka myndir af upphafi gossins. Mogginn var með sínar ráðstafanir og sendi blaðamenn með flugvél austur að Heklu. Þegar þangað var komið skall á með snjókomu og ekkert að sjá. Endirinn var sá að þeir lentu í Eyjum, tóku filmurnar mínar og átti ég forsíðumyndina á Mogganum daginn eftir, mynd af upphafi gossins og útkoman glæsileg," segir Sigurgeir stoltur.

Þegar hann er beðinn um að nefna viðburði sem hann myndaði nefnir hann strax fyrstu myndirnar en svo tók hver viðburðurinn við af öðrum. „Sjóslys, togaraströnd og allur andskotinn. Ég var að allan sólarhringinn þegar Pelagus strandaði í janúar árið 1982. Var illa klæddur en það var alltaf eitthvað að gerast. Átakanlegt slys á allan hátt þar sem fjórir fórust, tveir Eyjamenn og tveir úr áhöfninni. Var þó það skynsamur að mynda ekki þegar líkin komu á land. Stoppaði mig sjálfur af því þarna var barátta upp á líf og dauða með hrikalegum afleiðingum og svo sárt," segir Sigurgeir og lýsir þetta vel viðhorfi hans sem fréttaljósmyndara, að taka ekki myndir sem hann vildi ekki sjá á prenti.

Réttur maður á réttum stað

Segja má að Sigurgeir hafi verið réttur maður á réttum stað bæði í Surtseyjargosinu sem hófst í nóvember 1963 og Heimaeyjargosinu 1973. Fræg er eldingamyndin sem hann tók af Surtseyjargosinu fyrsta desember 1963. „Um kvöldið hringir Garðar Arason í Þorlaugargerði í mig og segir að ég verði að koma. Það séu alveg brjálaðar eldingar yfir Surtsey," segir Sigurgeir sem hendir myndavélum og linsum í tösku og tók með þrífót sem hann var nýbúinn að fá. Tekur Jöggu með sér og krakkana báða, Gulla og Sigrúnu Ingu og brunar suður á Eyju.

„Við út á Breiðabakka í skjól við kofana sem þar voru. Á var austan gola eða kaldi og alveg heiðskírt. Klukkan milli sex og sjö og komið svartamyrkur. Ég að taka mínar fyrstu myndir með þrífæti sem ég kunni ekkert á. Svo kom elding sem mér fannst of lítil og ekkert gerðist í tvær mínútur. Allt í einu komu nokkrar í bunu, ég tilbúinn og hef myndavélina opna í 90 sekúndur. Ég var með 6 x 6 myndavél, Yashica og tólf myndir á filmunni. Vissi lítið hvað ég var að gera en lét Jöggu skrifa niður upplýsingar um hverja mynd. Ég næ að taka ellefu myndir og kláraði túrinn með því að fara kringum Helgafell og taka mynd efst á beygjunni. En þá var að draga upp él í austri en annars var heiðskírt og fullt tungl. Ég ákveð að taka myndina og er með myndavélina opna í 13 mínútur. En hún varð bara hvít," segir Sigurgeir og brosir af þessari tilraun sinni.

Aðrar myndir voru heilar og birtust í Morgunblaðinu. Elín Pálmadóttir sem þá var blaðamaður á Mogganum hafði lært í Frakklandi og sá strax að myndirnar ættu erindi út í hinn stóra heim. Hún var umboðsmaður fyrir stórblaðið Paris Match og þá fór boltinn að rúlla. „Á eftir komu National Geographic, Look og Times og endalaust verið að hringja og fá leyfi til að birta myndirnar. Þær voru svart hvítar en blað í Japan vildi birta þær í lit. Þeir sáu um litinn og kom myndin ágætlega út," segir Sigurgeir sem þarna varð heimsfrægur sem ljósmyndari.

Upp á líf og dauða við Surtsey

Surtseyjargosið stóð í hálft fjórða ár og var stór hluti í lífi Sigurgeirs sem fór 130 ferðir út að eyjunni og í land. Myndirnar skiptu þúsundum sem hann tók og allt gekk án áfalla. Þar til fyrir nokkrum árum. „Ég var að bera út Moggann á sunnudagsmorgni, léttklæddur þegar ég hitti Gústa Halldórs sem spyr hvort ég vilji ekki koma með honum á Bravó

Landakirkja í eldgosi. Ein sterkasta mynd Sigugeirs í gosinu 1973.

út í Surtsey. Ég hélt það nú og fer heim að ná í hlýrri föt. Átti norska peysu, svellþykka og við rennum út að Eyju í rennisléttum sjó. Tilgangurinn var að fara með vistir til vísindamanna sem dvöldu í eynni og færa þeim gögn og taka við öðrum til að fara með í land.

Þeir eru komnir niður í fjöru, vestan á eynni og Gústi leggur þvert á fjöruna. Ég og Finni sem fór með vorum stjórnborðsmegin í bátnum. Allt er rólegt þangað til alda rís undir bátnum og skellir honum á hliðina. Báturinn sturtar okkur öllum fyrir borð og ég hendist í sjóinn. Það voru kannski 50 til 80 metrar í land og ég hélt að ekki væri mikið mál að synda í land. Ég byrja en báturinn er alltaf yfir mér. Finninn komst aftur fyrir bátinn og í land en ég reyni að baksa.

Í fjörunni er stórt blágrýtisgrjót, brimsorfið og báturinn sest upp á það á kjölnum. Ég á milli, ekkert nema sandur og sjór og ég reyni að komast á lappirnar. Þá kemur maður hlaupandi, flugmaður sem hafði farið á tuðru út í eyju með Vali Andersen. Hann grípur um upphandlegginn á mér til að missa ekki „líkið" út. Dregur mig upp í fjöru og mikil voru átökin. Ég var í fimm vikur með handarmarið á handleggnum en hann bjargaði lífi mínu. Kom mér á land rétt áður en næsta alda skall yfir og braut bátinn."

Myndavélataskan enn í bátnum sem var ekki byrjaður að brotna þegar Sigurgeir kallar í Gústa. „Hún opin og ég bað hann um að loka henni og kasta til mín." Ekki tókst að bjarga öllum linsum og myndavélum en í einni var filma með skyggnimyndum og um leið og Sigurgeir gat staðið upp byrjaði hann að mynda bátinn brotna í brimgarðinum. Rennandi blautur og kaldur en allir komu þeir aftur og enginn þeirra dó.

Árni kunni ekki á klukku

Árni Johnsen og Sigurgeir unnu mikið saman og áttu ófáar síður í Morgunblaðinu. „Hann var andskotanum duglegri, svakalegur víkingur en hann kunni ekki á klukku. Hringdi á öllum tímum sólarhringsins. Við fórum saman til Hong Kong í ljósmyndaferð. Dóra hans Árna var flugfreyja og ég að vinna hjá Flugfélaginu og við fengum ágætis afslátt.

Seinna fórum við Jagga til Calapagoseyja, sérstaka ljósmyndaferð. Flugum frá Ekvador og sigldum milli eyja í 60 tonna bát sem var varla konu bjóðandi. Klefinn við hliðina á vélarrúminu, fýlan og hitinn óskaplegur og mikil þrengsli. Borðað upp á dekki. Báturinn minnti á gamla Sigurfarann en ferðin var stórkostleg. Fórum á einar tíu eyjar. Siglt á nóttunni og myndað á daginn. Hver eyja með mismunandi dýra- og fuglalíf. Mikilfenglegt að fara þangað og mjög gaman."

Þegar Heimaeyjargosið hófst 23. janúar 1973 byrjaði enn nýr kafli í lífi Sigurgeirs. Um nóttina sendi hann Jakobínu og Guðrúnu Kristínu með bát upp á land. Sigrún Inga og Gulli voru í skóla uppi á landi. Sigurgeir var úti í Eyjum næstum allt gosið og myndaði allan tímann. Margar mynda hans í gosinu ná ekki aðeins að segja söguna í myndum, hann nær líka að fanga andrúmsloftið og mynd tekin í Landakirkju í mars og kölluð er Eldmessan gott dæmi um það. Í en í myrkrinu leyndist von gæti verið boðskapur myndarinnar af Landakirkju með gossúluna á bakvið.

Af atvinnulífi sýna myndir Sigurgeirs þær breytingar sem t.d. hafa orðið í sjávarútvegi síðustu áratugi. Mannlíf í Vestmannaeyjum og ekki síst úteyjalíf speglast líka í myndum hans. Ómetanlegur fjársjóður í nútíð og framtíð.

Brá skýru ljósi á mannlíf og atburði í Eyjum

Morgunblaðið hefur lengi átt að góða og öfluga fréttaritara víðsvegar um landið sem hafa sinnt sinni heimabyggð vel og séð um að landsmenn fái fréttir af því sem þar gerist.

Það er ekkert ofsagt að Sigurgeir Jónasson var meðan hann tengdist blaðinu í hópi þeirra allra öflugustu. Fréttir hans og þó einkum ljósmyndir sem hann tók í Vestmannaeyjum brugðu skýru ljósi á mannlífið þar og atburði sem sumir voru þeir örlagaríkustu á síðustu öld og nægir þar að nefna gosið í Heimaey, sem Sigurgeir skrásetti af mikilli elju í myndum sínum.

Samstarf Morgunblaðsins og Sigurgeirs var því gjöfult. Hann var óþreytandi að senda blaðinu upplýsingar um það sem honum þótti fréttnæmt og lét stundum í sér heyra ef honum þótti undirtektir okkar á blaðinu ekki nógu góðar. Í einu orði sagt var Sigurgeir frábær samstarfsmaður!

Sigtryggur Sigtryggsson.
Guðmundur Sv. Hermannsson

Sigurgeir heiðraður. Árið 202? Var Sigugeir sæmdur Fálkaorðunni og myndin tekin á Bessastöðum við það tækifæri. Sigurgeir, Guðlaugur, Sigrún Inga og Guðrún Kristín með forsetahjónunum, Guðna TH. Jóhannessyni og Elizu Reed.

Kári Bjarnason: Enginn lagt í að telja

„Enginn hefur enn lagt í að telja safn Sigurgeirs. Líklegustu tölurnar eru að allt að ein milljón mynda séu til sem útprentaðar svart/hvítar myndir, um ein til tvær milljónir sem skyggnumyndir og að aðrar ein til tvær milljónir mynda séu enn varðveittar á filmum sem ekki hafa verið framkallaðar.

Um 4 til 5 milljónir ljósmynda er því ævistarf Sigurgeirs Jónassonar. Það er merkilegt til þess að hugsa að þessi ótrúlegi fjöldi ljósmynda með öllum sínum nákvæmu skráningum, upplýsingum og heimildum fjallar að langmestu leyti um aðeins eitt viðfangsefni – Vestmannaeyjar," segir Kári Bjarnason um vin sinn þegar Sigurgeir var útnefndur Eyjamaður ársins 2016 í janúar 2017.

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
FROST

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
LYSI

Bæjarstjórn Vestmannaeyja færir
öllum Vestmannaeyingum
nær og fær bestu óskir um
Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
með þökk fyrir það liðna
Vestmannaeyjabær

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
bh

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
Þekkingarsetur Vestmannaeyja

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
KUBBUR
Umhverfið er okkar

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að liða!
Juris

Jakobína með augum barna sinna - Ákveðin og lá ekki á skoðunum sínum

Sigrún Inga:

Jagga gat allt sem hún ætlaði sér

Vestmannaeyjameistari í 17 ár og margfaldur Íslandsmeistari í golfi

Mín fyrsta minning um hörkutólið Jöggu Guðlaugs er þegar ég var milli tveggja og fjögurra ára. Við bjuggum í kjallaranum hjá Óla frænda í Skuld á Kirkjubæjarbrautinni en Jagga og Sigurgeir voru að byggja sér nýtt hús við nýja götu, Grænuhlíð. Þau voru að vinna í nýja húsinu og ég man eftir Jöggu að naglhreinsa timbur en það sem stendur upp úr er að þau voru að sigta sand í RISAstóru sigti, byggt úr spýtum og grófu neti. Þetta var svo notað í steypuna í nýja húsinu.

Jagga gat gert allt, sem hún ætlaði sér. Hún t.d. sá alfarið um allt sem sneri að rafmagni í nýja húsinu, skipti um perur, setti nýjar klær á snúrur ef með þurfti o.s.frv. Sigurgeir og Addi Sandari, Arnar Sigurðsson, settu á laggirnar bílaleigu í Eyjum og var það í fyrsta skipti sem fjölskyldan eignaðist bíl.

Ég man eftir því að ætla í bæinn með mömmu, ég hef líklega verið 14 til 15 ára og við vorum rétt komnar að gatnamótunum á Grænuhlíð og Heimagötu þegar springur á bílnum. Jagga vippaði sér út og byrjaði að skipta um dekk, ég skammaðist mín svo fyrir þessi kallalæti í henni að ég laumaðist út úr bílnum og hljóp til baka heim.

Í dag myndi ég vera rosalega stolt af henni. Við fluttum í Grænuhlíð 10 sumarið 1960 og húsið var ómálað að utan í mörg herrans ár. Sigurgeir var alltaf í lunda á sumrin og mátti ekkert vera að því að sinna svona verkefnum heima fyrir. Eftir áralanga bið, og smá tuð og röfl frá Jöggu, þá fékk hún Jón Hauk bróður sinn með sér í lið og þau tvö máluðu allt húsið að utan og m.a.s. þakið líka.

Brids og golf

Jagga spilaði brids í árarraðir og hún gat rakið einstaka spil mörg ár aftur í tímann, hún var stálminnug. Ég heyrði hana oft tala um að helv.... fífliið hefði spilað út t.d. spaðadrottningunni en ekki spaðakónginum eða eitthvað álíka og þess vegna hefði spilið tapast. Stuttu eftir að Guðrún Kristín fæddist tók Sigurgeir upp á því að spila golf. Ég veit ekki hvers vegna áhuginn dofnaði hjá honum en alla vega þá nappaði Jagga golftækjunum hans og byrjaði að prófa að spila golf með einni vinkonu sinni, sem líka nappaði golftækjum eiginmanns síns.

Það er skemmst frá því að segja að Jagga varð brátt óstöðvandi í golfinu og varð Vestmannaeyjameistari í 17 ár minnir mig. Hún varð líka mörgum sinnum Íslandsmeistari í golfi og seinna Íslandsmeistari eldri kylfinga. Eiginmaður minn, Gunnar, og Jagga urðu fljótt bestu vinir eftir að hann kom inn í fjölskylduna. Hann reykti, drakk vodka og fór að spila golf um fertugt.

Notið lífsins gæða

Þegar við hjónin komum í heimsókn frá Reykjavík með börnin okkar þá stóð hún alltaf með honum í öllum málum. Þau sátu oftar en ekki saman í sjónvarpskróknum, horfðu á Imbann, reyktu og fengu sér í glas saman. Ef ég spurði hvort ég mætti fá kók í glas þá var það ekki vinsælt því þá minnkaði blandið. Jagga reykti alltaf mikið frá því ég man eftir henni og ekkert var betra eftir golfhring í Dalnum en að setjast niður í golfskálanum og fá sér kaffi (eða eitthvað sterkara) og sígó.

Síðar var lögleitt í landslögum að ekki mætti reykja í félagsheimilum og fleiri stöðum Elsa Valgeirs, þáverandi framkvæmdastóri Golfklúbbsins, reyndi að ræða málin við frú Jakobínu um að vera ekki að reykja inni í skála, en svarið sem Elsa fékk var að hún ætti þennan skála, hefði byggt hann eigin höndum og hún myndi reykja þar inni svo lengi sem hún lifði. Við það stóð frúin og reykingar voru ekki bannaðar í golfskálanum fyrr en hún var gengin á vit forfeðranna. Blessuð sé minning Jöggu í Geysi.

Fjölskyldan, Sigurgeir, Jakobína, Sigrún Inga, Guðlaugur og Guðrún fyrir framan.

Guðrún:

Túkall til að kaupa sér bróður

Mínar fyrstu minningar, sennilega rúmlega tveggja ára, eru úr Grænuhlíð 10 þegar ég suðaði einhver ósköp um að mig langaði í lítinn bróður. Móðir mín rétti mér græna velúr buddu með túkalli og sagði mér að fara á Sjúkrahúsið (Ráðhúsið) og kaupa mér bróður. Ég gekk þessa leið en var víst sótt áður en ég náði að versla.

Sterkustu minningar mínar um mömmu eru þegar hún dröslaði mér með sér í golf. Lykt af sígarettureyk (filterslaus Camel) og nýslegnu grasi minnir mig enn þá á mömmu. Hún elskaði að spila golf og bridge. Hún var í grunnin mjög óþolinmóð en í golfi var hún einstaklega róleg og þolinmóð.

Mamma elskaði líka áramót, sérstaklega í Geysi þegar öll stór fjölskyldan kom saman og hafði gaman af þjóðhátíð. Hún var oft kölluð „frú Orðvör" því hún átti til að húðskamma fólk en því meira sem hún skammaðist því meira elskaði hún viðkomandi. Hún bar ekki tilfinningar sínar á torg en var vinur vina sinna og þótti mjög gaman að fara út að vinna sem var alls ekki algengt í þá daga.

Fyrsta barnið 18 ára

Hún fór í Landspróf en náði ekki að mennta sig meira því hún eignaðist sitt fyrsta barn 18 ára og átti tvö börn þegar hún var tvítug. Hún ræddi það samt oft að hennar draumur alla tíð hafði verið að fara í nám til Frakklands í fornleifafræði. Hún var mjög vel lesin og fannst gaman að grúska í alls konar sagnfræði. Hún var líka eldklár á tölvur.

Þegar tölvur komu fyrst á markað þá djöflaðist hún þar til hún fann út úr hlutunum og náði ótrúlegri færni, sjálfmenntuð. Hún sá líka um allt á heimilinu og vílaði ekkert fyrir sér að redda biluðum hlutum. Eins og þegar hún skellti Hoover ryksugunni á hliðina og fór að gera við en gleymdi að hún var enn í sambandi við rafmagn.

Hörkudugleg

Hún var hörku dugleg og hamhleypa til verka, steikti fisk í kvöldmat og hnoðaði í lagköku samhliða með lafandi sígarettu í kjaftinum. Þegar ég var yngri þá saumaði hún flest föt á mig en svo fékk ég líka allt það flottasta þegar hún og pabbi fóru oft til útlanda í sólarlandaferðir og golfferðir. Hann vann á fluginu og fékk oft frímiða.

Hún var mikil reykingamanneskja og þegar ég keypti mér minn fyrsta bíl, fyrir Moggapeningana sem þau höfðu lagt fyrir á bók frá því ég var 7 ára, vantaði mig smá uppá. Mömmu fannst það ekkert mál en sagðist eiga framsætið og öskubakkann og að alltaf þegar hún kæmi í bílinn mætti hún reykja!

Við fjölskyldan áttum dásamlegar stundir með henni eftir að ég flutti aftur heim og ég náði sem betur fer að spila nokkra golfhringi með henni og eiga góðar skemmtistundir á Þjóðhátíð.

Undir það síðasta þá fékk ég að dvelja með henni á Landspítalanum og þar leit starfsfólkið undan þegar ég dröslaði henni út á svalir við hliðina á herberginu hennar til að reykja og á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja þegar við fórum upp á efstu hæð svo hún gæti reykt út um gluggann. Hún reykti fram í rauðan dauðann en fór því miður allt of ung sem klárlega má rekja til reykinga frá unga aldri. Blessuð sé minning hennar og ég sakna hennar alla daga.

Guðlaugur:

Gerði mig sjálfstæðan og færan í flestan sjó

Já, það er tiltölulega auðvelt að lýsa henni með einu orði, „kjarnakona", og fellur vel að skýringu íslenskrar orðabókar, að vera „dugleg og ákveðin kona". Hún var svo sannanlega dugleg og ekki var hún síður ákveðin. Þessu fengu samferðamenn hennar að kynnast á lífsgöngunni.

Hún mamma vílaði ekki fyrir sér að ráðast í verkefnin, hversu stór eða smá þau voru. Alltaf hafði hún eitthvað fyrir stafni alla daga og sumt þætti eflaust ekki hæfa ungum konum í dag. Hún kom okkur krökkunum í þennan heim og síðan var haldið áfram af krafti í næstu verkefni.

Það þurfti að byggja hús og í þá daga réðst fólk sjálft í að vinna mikið af þeim verkefnum sem tengdust húsbyggingum. Þegar fjölskyldan var komin í skjól í Grænuhlíð 10 í Eyjum, fékk hún þá flugu í höfuðið að prófa að spila golf.

Það áhugamál varð síðan alls ráðandi í huga hennar og athöfnum. Ég man eftir, að skömmu eftir að yngsta barnið af okkur systkinunum, Guðrún Kristín, fæddist, var ég látinn passa meðan mamma þurfti að fara í Dalinn. Ég var aðeins tæplega 10 ára og systir mín ekki orðin eins árs. Auðvitað varð maður að spjara sig og sinna öllum þörfum ungabarnsins.

Hún lagði grunninn

Þetta litla dæmi dregur e.t.v. saman það uppeldi, sem við krakkarnir fengum. Ef við ætluðum okkur að komast eitthvað áfram í lífinu, yrðum við að spjara okkur og hjá Jöggu var ekkert „elsku mamma". Hún sjálf fór í gegnum slíkan skóla lífsins og þurfti að vinna hörðum höndum fyrir sínu. Þannig lagði hún grunninn að þeim manni, sem maður er í dag.

Sem strákur hafði ég áhuga á flestu öðru en að lesa bækur og læra tölur, en hún gerði manni fljótt ljóst, að ef ég ætlaði að standa á mínum eigin fótum, yrði ég að læra og það fljótt. Mamma var fluggáfuð og stálminnug og fátt, sem hún hafði ekki lesið sér til um.

Hún elskaði að taka rökræður um hin ýmsu málefni og til að standa vel að vígi las hún sér til um hlutina. Hún var vel heima í flestum málaflokkum og hún hafði sterkar skoðanir á mönnum og málefnum. Sjálfstæði var henni eðlislægt og leitaði ekki eftir samþykki heimsins fyrir því, sem hún taldi rétt.

Sjálfstæðið kostur

Það kom því ekki á óvart, að hún fylgdi stefnumiðum Sjálfstæðisflokksins og sinnti ýmsum ábyrgðarstörfum fyrir hann. Þessar skoðanir drakk maður því í sig með móðurmjólkinni og hefur maður oft fengið krítík fyrir að vera of sjálfstæður og óháður öðrum. Ég kalla það kost að hafa erft þetta sjálfstæðið frá móður minni og tel mig færan í flestan sjó, þegar kemur að því að framkvæma flókin og snúin verkefni lífsins, enda lært margt af henni.

Ég gæti skrifað langan pistil um allt það sem kemur upp í minnið, þegar maður lítur til baka og rennir yfir farinn veg. Mamma var ein af litríkari konum Eyjanna og setti svip sinn á þau málefni, sem henni voru kær. Hún sagði það sem henni bjó í brjósti og skóf ekki af hlutunum. Hún var kjarnyrt og kom skoðunum sínum á framfæri þannig að fólk velktist ekki í vafa, hvað hún meinti. Golfið var henni afar kært, enda þótt hún elskaði fjölskyldu sína á sinn óheflaða hátt.

Blessuð sé minning móður minnar, Jöggu í Geysi.

GLEÐILEGA HÁTÍÐ
TAKK FYRIR ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA
HERJÓLFUR
VESTMANNAEYJAR

STARFSFÓLK FAGFORMS
ÓSKAR YKKUR
Merkilegra Jóla &
farsældar á nýju ári
FAGFORM
...Gerum allt merkilegt
TAKK FYRIR VIÐSKIPTIN
Á LIÐNUM ÁRUM

Gleðilega hátíð
hsveitur.is
HS VEITUR

Sendum okkar
bestu óskir um
gleðileg jól
og gæfuríkt
komandi ár.
Þökkum samskiptin
á árinu.
IDUNN seafoods VESTMANNAEYJAR
NÝJA TANNLÆKNASTOFAN
VM VINNUFÖT & MERKINGAR SKÓLAVEGI 6 S:897-2347
SALTKAUP EHF
KÆLING EHF
Uppsetning og þjónusta á frysti-, kæli- og krapakerfum
VÖRUHÚSIÐ
Sjálfstæðisfélögin
í Vestmannaeyjum

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
FMV
FISKMARKAÐUR VESTMANNAEYJA HF.

Sjóslysið við Eiðið 16. desember 1924

Harmleikur við fjöruborð

GREINARHÖFUNDUR:
HELGI BERNÓDUSSON

Eitt af hræðilegustu sjóslysum í Vestmannaeyjum varð við norðanvert Eiðið 16. desember 1924, í svartasta skammdegi, fyrir réttum 100 árum. Þá fórust átta menn við landsteinana, fyrir augum þeirra sem voru í fjörunni og áhafna þriggja skipa sem lágu í vari úti fyrir og eins vélbáts frá Eyjum. Í slysinu létust bæði ungir og efnilegir menn sem og fjölskyldufeður og forustumenn í bæjarfélaginu, harðduglegir sjómenn sem sumir hverjir voru alvanir að brjótast út í skip í öllum veðrum og á öllum árstímum. Fimm konur urðu ekkjur á þessum degi, heimili þeirra misstu fyrirvinnu og 19 börn urðu föðurlaus.

Mikill harmur ríkti í mörgum húsum í Vestmannaeyjum eftir þennan atburð sem snart Eyjabúa dýpra en flest önnur áföll sem orðið höfðu á sjó.

Eiðið milli Klifs í vestri og Heimakletts í austri („Þrælaeiði"). Árabáturinn var settur á flot vestast í fjörunni, undir Skansaklettum.

> *Frásagnir blaðanna eru skilmerkilegar, virðast hafðar eftir nokkrum heimildarmönnum sem voru á slysstað, en þær eru ekki nákvæmar um öll atriði. Eins ber í milli um eitt og annað, eitt blaðið segir frá atriði sem vantar í aðrar fréttir o.s.frv. Með því að setja það allt saman má þó fá allgott yfirlit um atburðinn sem þarna varð.*

Heimildir um slysið

Ekki hefur verið skrifað mikið um slysið við Eiðið 1924, norðan við sand- og grjóteyrina milli Heimakletts og Klifs, sem stundum er kölluð „Þrælaeiði". Sá atburður varðveittist þó afar skýrt í minni þeirrar kynslóðar sem lifði hann og var oft um hann talað manna á meðal fram eftir síðustu öld. Móðir mín, Aðalbjörg Bergmundsdóttir (f. 1919), mundi slysið, þá tæpra fimm ára og hina miklu sorg sem ríkti í bænum. Hún talaði oft um það við okkur systkinin og um þá menn sem fórust. Góður vinur minn og vinnufélagi, Jónas Guðmundsson á Grundarbrekku (f. 1886), kom í fyrsta sinn til Eyja þennan dag, að því er hann sagði mér, og þá væntanlega verið með Esjunni, tæplega fertugur að aldri, ættaður norðan úr Húnaþingi. Hann minntist nokkrum sinnum í samtölum okkar þeirrar sorgar sem grúfði yfir bænum þá og dagana sem í hönd fóru, um jól og áramót.

Í fjölskyldum þeirra manna sem fórust þennan dapra dag lifir minningin um slysið lengst og skýrast og hjá þeim má enn heyra frásagnir sem bæta nýju við lýsingu á atburðum og afleiðingum slyssins, en öll þau 19 börn sem þá misstu föður sinn eru nú látin.

Ekkert sjópróf virðist hafa farið fram um slysið, né heldur verið gerð lögregluskýrsla svo vitað sé, þrátt fyrir leit í Þjóðskjalasafni. Sjóróf voru í þá daga aðeins haldin um tjón sem bæta mátti bótum en ekki slys. Steinar J. Lúðvíksson, sem manna mest hefur skrifað um sjóslys hér við land, telur að engar slíkar heimildir, né heldur lögregluskýrslur, séu fyrir hendi.

Reykjavíkurblöðin skýrðu allvel frá slysinu og eru helsta heimildin um það, sömuleiðis nokkur blöð á landsbyggðinni, jafnvel blöðin í byggðum Íslendinga í Vesturheimi. Á þessum tíma kom í Eyjum út eitt blað, *Þór* (1924-1925), í ritstjórn Valdimars Hersis, prentara sem dvaldist hér um nokkurra ára skeið. Þar er aðeins stutt frétt um slysið. Í ítarlegri grein í *Fylki* 1977 um Halldór Gunnlaugsson lækni víkur Jóhann Gunnar Ólafsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Eyjum, að slysinu. Er það sjálfstæði heimild en fremur knöpp og ónákvæm að sumu leyti.

Frásagnir blaðanna eru skilmerkilegar, virðast hafðar eftir nokkrum heimildarmönnum sem voru á slysstað, en þær eru ekki nákvæmar um öll atriði. Eins ber í milli um eitt og annað, eitt blaðið segir frá atriði sem vantar í aðrar fréttir o.s.frv. Með því að setja það allt saman má þó fá allgott yfirlit um atburðinn sem þarna varð.

Ítarlegasta frásögnin er þó sú sem Páll V. G. Kolka læknir, sem starfaði í Eyjum 1920-1934, skrifaði og birt var í ritinu *Því gleymi ég aldrei* árið 1962. Er hún sennilega byggð á skýrslu sem Páll gerði þegar í kjölfar slyssins og hann virðist hafa sent *Morgunblaðinu* eftir því sem fram kemur á baksíðu þess 3. jan. 1925. Frásögn Páls er þó ekki nákvæm eða rétt í öllum atriðum.

Þorsteinn Jónsson í Laufási segir frá slysinu í bók sinni *Formannsævi í Eyjum*, en hann var ekki sjónarvottur að því og frásögn hans ekki nákvæm. Stuttar frásagnir eru t.d. í sjómannablaðinu *Ægi* 1924, í *Minningarriti* Páls Oddgeirssonar (1952) en rækilegust þó í bók Guðlaugs Gíslasonar bæjarstjóra og alþingismanns, *Eyjar gegnum aldirnar* (1982); allt sýnist það þó byggt á blaðafregnum frá því í desember 1924, og einhverju leyti á minningum Páls Kolka og Þorsteins í Laufási. Sama er um frásagnir á netinu, t.d. á heimaslod.is.

Þá er ónefnt að í dagbókum Finns í Uppsölum Sigmundssonar, sem nú eru varðveittar á handritadeild Landsbókasafns, eru síðustu dagana í desember 1924 og byrjun janúar 1925 stuttar færslur, en merkilegar, um slysið og mennina sem fórust.

Athygli vekur að hvergi finnst neitt viðtal við Ólaf Vilhjálmsson frá Múla sem einn komst af í slysinu. Hann var þá tæpra 24 ára, ungur formaður á bát í Eyjum. Er hann lést 1972 voru rituð um hann minningarorð og aðeins lauslega vikið að slysinu, raunar rangfarið með ýmis atriði. Sigurður Jón, sonur Ólafs, segir að engin gögn sé að finna í fórum föður síns um slysið, né viti hann um viðtöl við hann um það á prenti eða annars staðar.

Hann hafi enn fremur verið fáorður við börn sín og vini um þessa döpru lífsreynslu. Vitað er þó að Steinar J. Lúðvíksson blaðamaður ræddi við Ólaf um 1970 er hann undirbjó útgáfu hinnar miklu sjóslysasögu sinnar, *Þrautgóðir á raunastund,* en minnispunktar hans úr því samtali finnast ekki. Þáttur Steinars um slysið í 8. bindi ritraðarinnar er að mestu eftir frásögn Páls Kolka.

Í þeirri samantekt sem fer hér á eftir er byggt á þeim prentuðu heimildum sem fyrir liggja, nema annars sé getið, reynt að meta þær og fá þannig sem sannasta mynd af því sem gerðist hinn örlagaríka dag norðan við Eiðið.

Slysaár

Á þriðja áratug síðustu aldar urðu einhver mestu sjóslys hér við land sem heimildir eru um. Er hrikalegt að sjá þær tölur sem lesa má í blöðum um fjölda sjómanna sem fórust á þessum tíma. Árið 1922 voru þeir 91, árið 1923 63 og 1924 79. Og ekki tók betra við árið 1925; dagana 7.-8. febrúar það ár fórust á einum sólarhring í Halaveðrinu mikla 74 sjómenn, 68 á togurunum Leifi heppna og Fieldmarshall Robertson og 6 af vélbátnum Solveigu frá Ísafirði, auk fimm manna sem fórust í landi í veðurofsanum, urðu úti.

Í aftakaveðri sem gekk yfir á Vestfjörðum að kvöldi 16. desember 1924, sama dag og slysið varð við Eiðið, fórust tveir vélbatar með allri áhöfn, Leifur frá Hnífsdal og Njörður frá Ísafirði, alls 23 menn. Á þeim sólarhring einum fórst því 31 maður á sjó.

Þessar tölur minna í hlutföllum af íbúatölunni í landinu á mannfall stórþjóðanna í heimsstyrjöldum.

Ekki er vafi á að hið mikla manntjón víða við landið á þessum árum og tíðu sjóslys hafa dregið athyglina frá einstaka atburðum eins og slysinu við Eiðið fyrir réttri öld.

Sóttvarnir í Vestmannaeyjum.

Baksvið slyssins við Eiðið í desember 1924 eru þær sóttvarnaaðgerðir sem þá voru í gildi og hert var verulega á í kjölfar spænsku veikinnar 1918. Sóttvarnalögin voru frá 1902, en byggt var um þetta leyti, þ.e. 1924, á reglum sem settar voru þegar sóttvörnum eftir spænsku veikina var hætt innan lands í byrjun apríl 1919 og vörnum eftir það aðeins beitt gegn skipum sem komu erlendis frá. Í spænsku veikinni sáu menn hve sóttvarnir gátu verið árangursríkar til að stöðva útbreiðslu farsótta. Mannskæðar pestir bárust frá útlöndum og því var vörnum gegn þeim nú beint að skipum sem komu að utan. Þeim var gert skylt að kalla til sóttvarnalækni þar sem þau komu að landi og áður en nokkur samskipti yrðu við land, farþegar færu frá borði eða vörum skipað upp.

Hvergi voru aðstæður til sóttvarna við skipakomur erfiðari en við Vestmannaeyjar en þangað komu þó flest skip sem sinna þurfti. Þau gátu ekki lagst að bryggju í höfn vegna grunnsævis og viðlegur voru óburðugar og stuttar. Skipin urðu því að leggja úti á Víkinni, „Ytri-höfninni", eða við Eiðið ef austanáttir voru. Sóttvarnalæknirinn í Eyjum varð því að fara á bát út í skipin sem komu að utan. Honum var gert að athuga skipsskjöl, kanna heilsufar áhafnar og farþega og gæta að hvort hætta væri á að þeir bæru hingað til lands smitsjúkdóma eða pestir. Ef sigling hafði tekið 5 daga eða lengur og einskis orðið vart um borð, var minni hætta á ferðum en leysti þó

Páll Kolka læknir, helsti heimildamaður um sjóslysið 16. des. 1924. Hann lagði sig í hættu við björgunarstörfin.

Finnur Sigmundsson í Uppsölum, alþýðumaður sem færði dagbækur árum saman, m.a. þá daga sem slysið varð og leit stóð yfir að líkum.

Óskar J. Sigurðsson, vitavörður í Stórhöfða, heimildamaður um veðrið 16. des. 1924 við Vestmannaeyjar.

Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti, skáld, lyfsali og áhugamaður um björgunarmál. Hann gagnrýndi framkvæmd sóttvarna.

lækninn ekki undan þeirri skyldu að fara út í skip.

Spænska veikin lék Vestmanneyinga hart haustið 1918, eins og fólk á fleiri þéttbýlisstöðum þar sem sóttvarnir voru erfiðar. Í Eyjum létust 27 manns, m.a. ung börn, og þrír af hverjum fjórum íbúum lögðust í rúmið meðan sóttin gekk yfir. Óttinn við nýjan faraldur var mikill næstu ár, einkum þegar haustflensan lét á sér kræla; svo mun t.d. hafa verið 1921 og 1922, og skæður taugaveikifaraldur herjaði 1923.

Nokkuð hafði að vísu slaknað á framkvæmd sóttvarna eftir því sem leið frá spænsku veikinni 1918, en sóttvarnaskyldan gagnvart aðkomuskipum var þó lögfest 1923 og sett gjaldskrá fyrir þau læknisverk, en áður var byggt á venju um vitjunina. Í nýju lögunum var skylduferðum lækna um borð í skip ekki aflétt þótt koma mætti við öðrum og þægilegri aðferðum.

Gagnrýni lyfsalans

Sigurður Sigurðsson, þá lyfsali í Eyjum, skáldið frá Arnarholti sem lét sig slysavarnir miklu skipta, segir í aðsendri grein í *Morgunblaðinu* 3. jan. 1925 að mikil pressa hafi lengi hvílt á skipaafgreiðslunni í Eyjum og héraðslækni, sem annaðist sóttvarnir, að ljúka skyldustörfum sínum af á sem skemmstum tíma til að tefja ekki för skipanna til Reykjavíkur, og líkir pressunni við „farg". Hann bætir við: „…svo að smátt og smátt hefir það komist inn í meðvitund hlutaðeigenda, að út í alt yrði að fara, ef vel væri. Í þetta sinn [þ.e. 16. desember 1924] var síður en svo ófært, en fremur vont. En stundum hefir verið haldið á tæpasta vaðið, og ekki síst vegna hins ofanskráða [þ.e. pressunnar]."

En jafnframt segir Sigurður: „Í öðru lagi er þessum læknisferðum í skipin alveg ofaukið, og meira en það." Þetta eru stór orð, en hann rökstyður mál sitt með þessum orðum: „Reglan er sú, að læknir leggur að skipshlið, kallar til skipstjóra og spyr um heilsufar. Allir frískir, og alt vel, er svo að segja sama svarið. Ferðin því óþörf."

Er þetta næsta nöturleg niðurstaða ef rétt er, þ.e. hin ósanngjarna pressa og slaka framkvæmd. En Sigurður lyfsali mátti eflaust trútt um tala, hefur þekkt fyrirkomulagið og ferðast með skipum frá útlöndum til Eyja. Ferðirnar hefðu að hans mati verið nauðsynlegar á tímum spænsku veikinnar en nú ætti að láta nægja að nota nýjustu tækni, „loftskeytaáhöld", og skipstjóri skýrði þannig frá heilbrigði áhafnar og farþega um borð.

Orðum sínum lýkur Sigurður á því að skora á yfirvöld „að kippa þessu í lag þegar í stað, því öðru sinni má það ekki ske, að læknirinn sje, öldungis að óþörfu, skyldaður í slíkar skipaferðir — að því ógleymdu, að í landi búa menn, sem geta haft hans brýna þörf á meðan, sem einnig hefir verið bagalegt." Ekki er ólíklegt að slíkar ferðir læknisins út í skip hafi tekið á annan tíma og þannig tafið hann, annan tveggja lækna sem störfuðu þá í Eyjum, frá öðrum læknisverkum.

Veðrið á slysadaginn.

Hvernig var veðrið þennan þriðjudag, 16. desember 1924, þegar árabát var hrundið úr vör, eða grýttri sandfjörunni, við Eiðið um miðjan dag? Samkvæmt veðurdagbók, sem er í vörslu Óskars J. Sigurðssonar, áður vitavarðar í Höfðanum, voru aust-suðaustan 4 vindstig um morguninn, en veður í uppgangi. Þegar leið fram yfir hádegi voru komin 10 vindstig á austan á Stórhöfða og hitinn var um frostmark kl. um 2. Þá var Gullfoss að nálgast Eyjar og varpaði akkerum við Eiðið um klukkustund síðar. Páll Kolka segir það hafa verið „skömmu fyrir nón", þ.e. kl. 3 síðdegis. Skipstjóri tilkynnti um komu sína og óskaði eftir að sóttvarnalæknir kæmi um borð.

Austanáttina herti eftir því sem á leið og komin 11 vindstig kl. 9 um kvöldið með frostfjúki, „rok og bylur" segir Finnur í Uppsölum. Óskar vitavörður segir að vindstyrkur hafi á þessum tíma verið byggður á ágiskun, mælar voru ófullkomnir, „og bannað að segja meira en 11 stig því að 12 stig voru fellibylur". Í veðurskýrslu sem Veðurstofan hefur í skjalasafni sínu kemur enn fremur fram að loftvog féll hratt fram eftir degi, mjög þungskýjað var og jörð hvít orðin, og í athugasemdadálki stendur: „jarðfjúk".

Skip gátu ekki athafnað sig á Ytri-höfninni, á Víkinni eða Legunni, í slíku veðri og fóru því í var við Eiðið, lágu við akkeri þar og höfðu skjól af Heimakletti, Kambi og Ystakletti. Austanáttinni sló þó í norður annað slagið og komu þá hviður með klettunum og fyrir þá og ýfðu sjó úti fyrir Eiðinu, og því meir sem vestar dró með því.

Samkvæmt flóðatöflu Almanaks Þjóðvinafélagsins fyrir árið 1924 og þeim formúlum sem þar eru gefnar (og staðfestingu núverandi umsjónarmanns Almanaksins) hefur síðdegisfjara þennan dag verið kl. 13.40; það kalla sjómenn „liggjanda". Þegar tók að falla að fór sjór að flæða frá austri til vesturs, og er straumurinn þá kallaður „vesturfall". Sigurður Óskarsson kafari telur að straumhraðinn hafi verið orðinn um 2 mílur (1 m/sek.) eða svo góðum klukkutíma síðar, þ.e. um það leyti sem árabátnum var ýtt frá Eiðinu. Og straumurinn getur orðið talsvert meiri er á aðfallið líður, einkum þegar stórstreymt er. Við bættist svo mjög hvass austan vindur, þ.e. í sömu stefnu.



Millilandaskipið Gullfoss kom að Eyjum um miðjan dag 16. des. 1924. Það lagði við Eiðið vegna austan roks þann dag.

> *Skip gátu ekki athafnað sig á Ytri-höfninni, á Víkinni eða Legunni, í slíku veðri og fóru því í var við Eiðið, lágu við akkeri þar og höfðu skjól af Heimakletti, Kambi og Ystakletti. Austanáttinni sló þó í norður annað slagið og komu þá hviður með klettunum og fyrir þá og ýfðu sjó úti fyrir Eiðinu, og því meir sem vestar dró með því.*

Hafa ber í huga að lítill róðrarbátur fer ekki hraðar en u.þ.b. 4 mílur á klukkustund ef engin mótstaða er, vindur eða sjávarfallastraumur, og við þannig aðstæður hefði báturinn átt að komast að Gullfossi á stundarfjórðungi.

Esjan kemur við í Eyjum

Þennan morgun, 16. desember 1924, kom Esjan úr Reykjavík, raunar með viðkomu í Hafnarfirði, og var á leið til Leith í Skotlandi, hafnarbæjar við Edinborg. Hið nýlega strandferðaskip ríkisins lagði við Eiðið vegna austanáttarinnar sem var að ganga upp. Gísli J. Johnsen, eða fyrirtæki hans, annaðist skipaafgreiðsluna. Sendi hann, eins og venja var til, vélbát á sínum vegum út að skipinu að sækja vörur sem skipað var upp í hann. Það var 14 tonna bátur, Soffí VE 266, nýlegur og bar gælunafn dóttur Gísla, Soffíu. Heimild um hvaða bátur þetta var er úr grein eftir hinn nákvæma og minnuga fróðleiksmann Jón Sigurðsson, Vestmannabraut 73, í *Sjómannablaðinu Víkingi* 1968.

Farþegar, sem voru allnokkrir, m.a. vermenn, voru ekki látnir bíða þess að uppskipun lyki í vélbátinn heldur voru þeir ferjaðir á róðrarbát í land á Eiðið í nokkrum ferðum. Meðal farþega með skipinu var móðir Páls Kolka læknis. Ætlaði hún að dveljast hjá syni sínum um tíma. Fór Páll með fyrstu ferð bátsins að Esju til að sækja hana. Gekk það vel og var veður og sjólag þá ekki orðið eins vont og síðar varð á deginum.

Meðan Páll var við Esjuna um morguninn bárust merki frá breskum togara, sem var kominn að Eiðinu, um að hann þarfnaðist aðstoðar. Þegar Páll ýtti frá Esju lét hann árabátinn taka sveig að togaranum til að kanna hvað þar væri að, svo að hann gæti komið réttum skilaboðum um það í land. Hann spurði jafnframt um heilbrigði skipverja og reyndist hún í lagi en togarinn þurfa vélsmið um borð til lagfæringar. Kom Páll því áleiðis er hann kom í land, og lét samstarfsmann sinn, Halldór Gunnlaugsson lækni, vita símleiðis að hann þyrfti ekki að fara út í togarann. Var það þeirra síðasta samtal.

Gullfoss kemur að landi

Er liðið var á dag, seint á 3. tímanum, kom Gullfoss upp að Eyjum og lagðist fyrir við Eiðið. Skipið var að koma frá Kaupmannahöfn en hafði viðkomu í Leith á leiðinni til Íslands eins og algengt var. Að lögum um sóttvarnir varð Halldór héraðslæknir að fara út í skipið og sinna þar eftirliti, skoða skjöl og kanna heilsufar áhafnar og farþega.

Umboðsmaður Eimskipafélagsins var Tanginn sem hét formlega „Gunnar Ólafsson & Co. hf." og þeir áttu Gunnar og Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður og síðar ráðherra. Fyrirtækið hafði fjórróinn bát sem notaður var í þessar ferðir frá Eiðinu undir skipaafgreiðslumann og lækni. Voru fastamenn á vegum þess undir árum, reyndir sjómenn og ýmsu vanir. Stærri vélbátur var því aðeins sendur út að skipi ef sækja þurfti vörur og fært var úr höfninni, en það var um hálftíma sigling fyrir Klettinn.

Róðrarbáturinn var væntanlega geymdur við höfnina. Koma þurfti honum yfir Eiðið í hvert sinn sem gerði hörð austanveður og skipin fóru í var norðan við það. Það skipti því máli að hafa bátinn ekki stærri og þyngri en nauðsyn var. Það átti ekki að vera mikið mál fyrir fjóra til sex menn að koma fjögurra manna fari yfir Eiðið, það var ekki svo breitt. En það gat orðið strembið að róa þaðan ef veður voru vond. Stundum var alveg ófært út í skip og varð þá að bíða með afgreiðslu þeirra yfir nótt.

Árabáturinn gerður klár og mannaður.

Ólafur Gunnarsson, sonur Gunnars Ólafssonar á Tanganum, annaðist skipaafgreiðsluna fyrir Tangann en í því fólst m.a. að hafa árabátinn tilbúinn, láta lækninn vita og manna bátinn. Þegar ljóst var þennan dag hvernig háttað yrði afgreiðslu Gullfoss þurfti Ólafur að hafa bátinn tilbúinn í fjörunni norðan á Eiðinu og hafa aukamenn við róður sem gat verið erfiður þegar hvasst var og öldugangur eins og þennan dag, 16. desember 1924.

Fjórróinn bátur er ekki stór, fjórir menn undir árum, einn við stýrið. Samkvæmt *Íslenskum sjávarháttum* eftir Lúðvík Kristjánsson var „feræringur" (eða fjögurra manna far), smíðaður sunnanlands (t.d. í Vík), yfirleitt innan við 6 m á lengd, u.þ.b. 1½ m á breidd. Lúðvík áætlar að slíkur bátur beri um 2,75 tonn. Áhöfnin, sem að þessu sinni voru níu menn, allir vel klæddir og sumir í sjóstökkum, hefur vegið innan við þriðjung af burðargetu bátsins. Árabáturinn hefur verið talsvert minni en hinir fjórir uppskipunarbátarnir sem Tanginn átti og notaðir voru á Ytri-höfninni, þeir voru 6-8 tonn að stærð.

Bjarni Bjarnason frá Hoffelli var bátsformaður í þessari ferð og er líklegt að hann hafi aðstoðað Ólaf við að kalla út mannskap. Samkvæmt heimildum voru bræðurnir Snorri í Steini og Guðmundur á Akri Þórðarsynir meðal fastamanna í slíkum ferðum; þ.e. utan vertíðar því að þeir voru báðir sjómenn og þetta hefur verið aukastarf þeirra á sumrin og haustin og eitthvað verið greitt fyrir. Svo mun einnig hafa verið um Guðmund Eyjólfsson í Miðbæ.

Þegar von var á skipi til Eyja eða spurðist um skipaferðir safnaðist oft saman fólk til að fylgjast með

Mynd eftir Gunnar Júlíusson á minnisvarða um sjóslysið við Eiðið 16. desember 1924. Hann verður afhjúpaður þegar 100 ár eru liðin frá slysinu. Marinó Sigursteinsson og fleiri fundu stein og settu hann upp á Eiðið nærri slysstað. Á hann er upplýsingaskiltið fest.

hverjir væri að koma og fara og sú siðvenja var lengi við lýði, saklaus forvitni í fásinninu. Mun svo einnig hafa verið í þetta sinn. Páll Kolka segir að a.m.k. fjórir menn hafi staðið í fjörunni þegar ýtt var úr vör.

Leiðin út að Gullfossi

Gullfoss hefur sennilega legið eins nálægt landi og fært var til þess að sem styst væri að róa út í skipið og afgreiðsla tæki sem skemmstan tíma. E.t.v. hefur skipið ekki verið nema um 100 föðmum (innan við 200 m) eða svo frá fjöruborði.

Eftir lýsingum að dæma var að þessu sinni farið úr fjörunni vestast á Eiðinu, sennilega niður og austur með Skansaklettum, en þar var brött fjara og grýtt. Ljóst er að vestan megin hefur verið meiri vindur, hærri alda og sterkari straumur en austar á Eiðinu og nær Heimakletti þar sem betra skjól var við sjósetningu. En hafa ber í huga að hér voru þaulvanir sjómenn á ferð og ástæðan gæti verið sú að tvö önnur skip voru fyrir Eiðinu þennan dag, Esjan og breski togarinn, og því hafi Gullfoss legið vestar en venjulega og best fyrir bát skipaafgreiðslunnar að fara út í skipið þaðan sem farið var.

Eiðið, ekki síst vesturhluti þess, hefur breyst talsvert á þeim tíma sem liðinn er frá slysinu. Það var þá hærra og breiðara og skjólbetra fyrir höfnina en síðar varð, þótt óbrotin alda gengi þar eigi að síður yfir í vestan aftökum og ylli óróa í höfninni og stundum talsverðu umróti og landbroti, einkum vestast á Eiðinu. Seinna var sandi úr höfninni dælt þarna upp og Eiðið styrkt með grjóti úr Skönsunum, norðan við Klifið. Nýju bryggjurnar sunnan við Eiðið og athafnasvæðið þar hafa gerbreytt ásýnd þess á seinni árum. Erfitt er því að segja nákvæmlega hvernig umhorfs var þar sem árabátur var sjósettur 16. desember 1924.

Áhöfn og farþegar á árabátnum

Auk þeirra sex manna sem nefndir hafa verið, Halldórs læknis, Ólafs afgreiðslumanns, Bjarna, Snorra, Guðmundar á Akri og Guðmundar í Miðbæ, voru fengnir til ferðarinnar Ólafur Vilhjálmsson skipstjóri frá Múla og Kristján Valdason í Sandgerði, báðir ungir sjómenn. Hermt er að einn annar maður hafi verið kvaddur til ferðar en komið of seint og mátt horfa á hvernig fór fyrir félögum hans. Ekki er vitað hver það var, né hvor þeirra Ólafs á Múla eða Kristjáns hljóp í skarðið á síðustu stundu. Vera má að um flökkusögn sé að ræða sem oft fylgir slysum, en Páll Kolka er heimildamaðurinn.

Í förina réðst einnig Guðmundur Guðjónsson frá Kirkjubæ því að hann ætlaði að sækja út í Gullfoss myndir af Jóhanni bróður sínum sem féll fyrir borð á vélbátnum Friðþjófi og drukknaði ásamt öðrum manni 20. ágúst um sumarið, aðeins fjórum mánuðum fyrr á árinu. Sá bátur var á leið til Eyja með hey ofan af landi. Hafði verið send mynd af Jóhanni til Kaupmannahafnar sem átti að stækka og ganga frá handa vandamönnum.

Það voru því níu menn um borð í bátnum er haldið var af stað, allt þaulvanir menn til slíkra ferða. Ekki má ætla þeim mönnum neina vangæslu, svo reyndir og traustir sem þeir voru, né heldur að báturinn hafi verið ofhlaðinn eða ekki verið gætt að stöðugleika, þeir kunnu til verka. Slysið var því atburður sem enginn gat séð fyrir. Veður var hvasst en hafði þó oft verið verra þegar skip voru afgreidd frá Eiðinu. Varla hafa þeir þó búist við farþegum úr Gullfossi til Eyja á leiðinni til baka.

Slysið. Bátinn fyllir eftir sjósetningu

Róðrarbáturinn var settur á flot eftir venju, honum mjakað fram í sjó en ekki lengra en svo að skipverjar gætu stokkið um borð úr fjörunni. Þeir voru vel búnir til slíkrar ferðar. Síðan óðu tveir menn með bátnum, sinn með hvorri hliðinni, til að ýta honum út þar til hann komst á flot en þá vógu þeir sig yfir borðstokkinn upp í bátinn.

Lýsingum á slysinu ber saman um að rétt í því bili sem báturinn komst á flot, „í ýtingu", og mennirnir tveir búnir að vega sig inn í hann reis há alda fyrir framan bátinn og lyfti honum svo að hann tók sjó að aftan en síðan reið ólagið yfir þannig að bátinn fyllti og honum hvolfdi; „bátinn fyllti um leið og þeir ýttu [út]" … segir Finnur í Uppsölum, „alveg við lenginguna og þó hafði ekki verið neitt sérlega vont þar". Báturinn maraði síðan í kafi á eftir. Mennirnir hafa annaðhvort kastast út eða stokkið fyrir borð til að forðast að sökkva með bátnum. Hafa þeir eflaust ætlað sér að synda eða svamla í land, svo skammt frá fjöruborði voru þeir, sennilega örfáa faðma. En þeir hafa sogast frá með sterku útfallinu. Þeim var óstætt í fjörunni því að þarna er mjög aðdjúpt eins og annars staðar utan við Eiðið og því brimasamara. Hvasst var og stóð ofan af Eiðinu, talsverð alda og straumur. Fjörugrjót gat líka verið hættulegt mönnum sem svömluðu í ókyrrum sjónum. Er skemmst frá að segja

Halldór Gunnlaugsson héraðslæknir.



Leiði skipverja og minningarmark sem Vestmanneyingar reistu á leiði Halldórs Gunnlaugssonar læknis í Landakirkjugarði í þakklætisskyni fyrir störf hans í Eyjum.

> *Halldór læknir virðist hafa fengið höfuðhögg er hann fór í sjóinn þegar bátinn fyllti og mönnum skolaði fyrir borð. Hann gat synt stutta stund, að því er sjónarvottur segir um 5 mín., en komst ekki að landi. Hann var í vatnsheldri hlífðarkápu, síðri og þykkri með belti, sem fyllti af lofti er hann fór útbyrðis svo að hann flaut ofansjávar, en kápan hefur ekki auðveldað honum sundið í öldugangi og gegn vindi og þungum straumi.*

Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður. Snarræði hans á leið til lands úr Esju bjargaði mörgum mannslífum.

Gunnar Ólafsson á Tanganum var umboðsmaður Eimskips í Eyjum og faðir Ólafs Gunnarssonar sem fórst í slysinu.

að enginn þeirra sem fór fyrir borð náði landi.

Með vissu er vitað að tveir þeirra voru syndir, Halldór læknir og Ólafur Gunnarsson, og sögn er um að Guðmundur Guðjónsson hafi verið það líka.

Þorsteinn í Laufási telur að orsakir slyssins hafi verið of lítill bátur fyrir svo marga menn og að þeir hafi allir verið aftur í þegar aldan reið yfir og því hafi bátnum hvolft við ólagið. Það er þó ótrúlegt að hinir reyndu skipaafgreiðslumenn hafi ofhlaðið bátinn og enn ótrúlegra að mennirnir hafi allir verið aftur í þegar báturinn var sjósettur því einmitt þá þurfti að létta bátinn að aftan til losa um hann í fjörunni og koma honum á flot.

Líklegt verður að teljast, miðað við hvaðan á Eiðinu var farið, að árabátnum hafi verið ýtt úr vör í norðaustur. Aldan háa, sem hvolfdi bátnum, hefur risið á móti honum, e.t.v. eitthvað á stjórnborðshlið þó, undan straumi og vindi sem slegið hefur til norðurs eins og hermt er í heimildum. Um tildrög er annars ekki vitað nánar.

Halldór Gunnlaugsson helst á floti - en krafta þrýtur

Halldór læknir virðist hafa fengið höfuðhögg er hann fór í sjóinn þegar bátinn fyllti og mönnum skolaði fyrir borð. Hann gat synt stutta stund, að því er sjónarvottur segir um 5 mín., en komst ekki að landi. Hann var í vatnsheldri hlífðarkápu, síðri og þykkri með belti, sem fyllti af lofti er hann fór útbyrðis svo að hann flaut ofansjávar, en kápan hefur ekki auðveldað honum sundið í öldugangi og gegn vindi og þungum straumi.

Í *Morgunblaðinu* 3. janúar 1925 er athyglisverð frásögn, höfð eftir Páli Kolka, um afdrif Halldórs læknis. Er hún sögð „fyllri" og „réttari" en sú frétt sem blaðið birti 17. desember, daginn eftir slysið, og vera byggð á greinargerð sem Páll sendi blaðinu. Þar stendur m.a.:

„[Voru] liðnar að minsta kosti 26 mín. frá því Halldór heitinn gaf upp sundið, og þar til honum var náð upp í vjelbátinn [Soffí]. Hafði þá straumur borið hann út undir Drangana [hlýtur að vera Stóri- og Litli-Örn vestan við], en loft, sem hlaupið hafði í kápu hans hjelt honum uppi. P. Kolka segir, að öllum þeim, sem sáu hann, þegar komið var með hann um borð í Esjuna, beri saman um það, að ekkert lífsmark hafi verið með honum, enda hafi skoðun sín staðfest það, þegar hann hafi komist fram í skipið [þ.e. Esjuna]."

Það hefur því liðið hátt í klukkustund frá því að Halldór féll í sjóinn þar til hann komst á þilfar Esjunnar og Páll Kolka þá e.t.v. ekki enn kominn úr landi. Því var haldið fram í sumum heimildum að Halldór hefði verið lifandi er hann náðist upp í vélbátinn, verið með lífsmarki en meðvitundarlaus, en það er í senn ótrúlegt og gagnstætt orðum læknisins sem skoðaði hann.

Ólafur Gunnarsson á sundi

Ólafur Gunnarsson reyndi að synda í land en þangað náði hann ekki. Er líklegt að straumur og vindur hafi borið hann vestur með ströndinni þar sem enn erfiðara var að komast á land. Sennilega hefur kuldinn í sjónum, 6 gráður eða svo, gert út af við hann á skömmum tíma, 15-30 mín., eftir því hvernig hann hefur verið búinn, þ.e. áður en Soffí komst á slysstað.

Ólafi Vilhjálmssyni bjargað af árabátnum

Ólafur Vilhjálmsson var sá eini sem tókst að halda sér við bátinn þangað til hjálp barst. Ekki ber frásögnum saman um hvort hann komst á kjöl bátsins eins og flest blöðin herma eða gat haldið sér við þóftu í bátnum eins og sumar heimildir segja. Erfitt er að sjá fyrir sér að maður haldist á kili svo lítils báts við aðstæður sem þarna voru, hvað þá mjög lengi. Páll Kolka segir að Ólafur hafi verið frammi í bátum (í „barkanum") en ekki undir árum er ólagið reið yfir og náð að halda sér innan borðs er aðrir fóru í sjóinn. E.t.v. rétti báturinn sig af, hafi honum á annað borð hvolft alveg, og Ólafur haldið í fremri þóftuna.

Fram kemur í frásögnum af slysinu að Ólafur Gunnarsson, sem var á sundi stutt frá bátnum, hafi hrópað til nafna síns að halda sig sem lengst í bátnum. Það gerði Ólafur Vilhjálmsson og það varð honum til lífs, þótt vistin hafi ekki verið góð. Páll Kolka segir að Ólafur á Múla hafi verið ósyndur, og sama segir fósturbróðir hans, Sigurður Ingi Jónsson prentari í Reykjavík, í minningargrein um Ólaf.

Í minningargreininni segir enn fremur að Ólafi hafi þrívegis skolað út af kili bátsins (eða úr bátnum) í briminu sem þarna var en honum hafi jafnoft tekist að ná taki á bátnum og komast upp á kjölinn (eða í bátinn) að nýju. Sama heimild segir að hann hafi þurft að hírast við þessar ömurlegu aðstæður í tvær klukkustundir áður en honum var bjargað um borð í vélbát, en það getur varla talist rétt, og hlýtur að vera skemmri tími. Sigurður Jón (f. 1947), sonur Ólafs, segir það greypt í huga sér að faðir sinn hafi haldið sér á kili, misst takið einu sinni en náð því aftur.

Finnur í Uppsölum segir að er Soffí kom að bátnum hafi Ólafur verið „í honum á reki" (en ekki „á" honum).

Ólafur á Múla var að sögn mjög þrekaður er hann komst um borð í Soffí og síðar Esju. Hann jafnaði sig þó furðu fljótt af þessu volki og beið ekki líkamlegan skaða af. En vafalaust hefur þessi atburður, áraunin sjálf, ásamt því að sjá á eftir átta félögum sínum drukkna í kringum sig og geta ekki veitt þeim neina hjálp, orðið honum ærið þungt áfall.

Munaði einum faðmi

Um afdrif annarra skipverja er ekkert vitað nema lík þeirra náðust í land eða skolaði að fjöruborði. Í minningargrein um Rút Snorrason, son Snorra Þórðarsonar, hefur tengdadóttir hans eftir honum: „Það munaði einungis einum faðmi að pabba hefði verið bjargað." Og hún bætir við: Þetta „sagði hann ef maður innti hann eftir þessum atburði".

Svo tæpt stóð það, og svo skammt undan landi voru mennirnir í sjónum. Líklegt er að eins hafi verið ástatt með fleiri en Snorra í Steini og einföld björgunartæki dugað til að bjarga þeim flestum eða öllum ef þau hefðu verið til staðar á Eiðinu.

Viðbrögð í landi

Eftir að mennirnir fjórir, sem voru á Eiðinu þegar slysið vildi til, og e.t.v. einhverjir sem komu aðvífandi síðar, höfðu reynt árangurslausar björgunartilraunir á þeim sem þeir náðu til sendu þeir inn í bæinn eftir meiri mannafla og gáfu enn fremur vélbátnum, sem var úti við Esju, merki um að koma að Eiðinu. Mun maður hafa farið upp á Almenninginn (fjárréttina) í Heimakletti og veifað þaðan til að vekja athygli á slysinu. En það mun hafa dregist nokkuð að við yrði brugðist.

Að sumra sögn voru einhverjir þeirra sem fylgst höfðu með í fjörunni áður en lagt var af stað út í Gullfoss horfnir á braut og urðu slyssins fyrst varir er einhver þeirra af tilviljun leit til baka. Má rekja það til frásagnar Þorsteins í Laufási. En þetta er fremur ósennilegt, svo fljótt sem aldan reið yfir skipið við sjósetningu.

Er frekari hjálp barst úr bænum óðu menn bundnir úr fjörunni út í öldurnar eins langt að komist varð og kræktu með stjökum í líkin þar sem þau veltust í sjónum í gulum sjóstökkum eftir því sem heimildir

segja.

Páll Kolka greinir frá því að hann hafi rétt lokið sjúkraviðtölum á stofu sinni þennan dag og verið að búa sig undir vitjanir úti í bæ er hringt var til hans og hann beðinn um að koma sem fyrst inn á Eiðið því að þar hefði orðið slys. Páll gekk af stað með læknatöskuna frá húsi sínu, Sólvöllum (Höjdalshúsi, síðar húsi Einars Guttormssonar læknis) við Kirkjuveg 25 þar sem hann bjó og tók á móti sjúklingum. Er Páll var kominn áleiðis mætti hann vörubíl og sagði bílstjórinn honum að alvarlegt slys hefði orðið við Eiðið. Varð að ráði að Páll settist upp í bílinn og honum snúið við og ekið á slysstað. Þar var aðkoman vægast sagt ömurleg.

Vélbáturinn Soffí VE kemur á slysstað

Þegar tekist hafði að koma skilaboðum til skipanna úti fyrir Eiðinu var vélbáturinn Soffí VE 266, sem lá utan á Esjunni og Andrés í Baldurshaga Einarsson var formaður fyrir, leystur frá og sendur af stað til bjargar mönnum eða ná líkum skipverja við Eiðið. En það var of seint, og aðstæður e.t.v. verið mjög örðugar. Þeim á Soffí tókst að ná Halldóri lækni upp, kápa hans verið auðséð á sjónum, og náðu Ólafi Vilhjálmssyni lifandi úr árabátnum. Engin lík tóku þeir upp, e.t.v. hafði þau þegar rekið upp í fjöru, þau ekki sést af bátnum eða verið of nærri landi til að báturinn kæmist að þeim. Engar heimildir eru um hvort Soffí leitaði að þeim sem saknað var en telja verður líklegt að svo hafi verið að einhverju marki.

Vélbáturinn sigldi svo aftur að Esju og mennirnir, Halldór og Ólafur, settir þar um borð. Þá hafði verið sent skeyti í land og beðið um að læknir kæmi um borð í Esju til að sinna þeim sem til næðist.

Háskaför Páls Kolka út í Esju og til lands

Þegar Páll Kolka læknir kom á slysstað, u.þ.b. hálftíma eftir að slysið varð, hefur hann fyrst hugað að þeim sem rekið hafði á land eða síðar tókst að draga að landi og kannað hvort lífsmark væri með þeim eða lífgunartilraunir væru til einhvers. Það bar engan árangur.

Þegar beðið var um að Páll kæmi út í Esju var brugðið á það ráð að sækja sexróinn árabát á höfninni, draga hann yfir Eiðið, manna hann og koma honum á flot. Fyrir því verki stóð Jóhann Þ. Jósefsson sem þá var kominn inn á Eiði ásamt mörgum öðrum Eyjamönnum. Gekk það allt afar hratt og vel fyrir sig og var farið af stað með Pál út í Esju með Jóhann Þ. við stýrið. Líklegt er að þá hafi klukkan verið farin ganga fimm. Mjög hvasst var þá orðið, myrkur að skella á og augljóst að ferðin var ekki hættulaus. Jóhanni og félögum tókst að komast út að Esju og fór Páll þar um borð. Hann kannaði ástandið hjá Halldóri, samstarfsmanni sínum, og úrskurðaði hann látinn skömmu síðar. En Ólafur var á lífi en illa haldinn. Var hlúð að honum, reynt að koma hita í hann og segir

Ólafur Gunnarsson í Vík, skipaafgreiðslumaður.

Vélbáturinn Soffí sem Gísli J. Johnsen átti og notaði utan vertíðar til afgreiðslu skipa á Ytri-höfninni eða fyrir Eiðinu.

sonur Ólafs að þá hafi verið hellt talsverðu af konjaki í hann. Ólafur hafði ekki slasast og jafnaði sig fljótlega af sjóvolkinu.

Páll vildi komast sem fyrst í land aftur, þó að illt væri í sjóinn, því læknislaust væri annars í Eyjum þann tíma sem hann væri tepptur um borð í Esjunni. Hann vildi þá helst komast með vélbátnum Soffí en er til átti að taka var hann lagður frá og hafði haldið af stað fyrir Klettinn til að komast inn í höfn. Varð Páll þá að fara með árabátnum í land og lögðu þeir í hann þrátt fyrir hvassan vind og talsverða báru. Ferðin gekk vel í fyrstu en er þeir nálguðust Eiðisdranga bar bátinn af leið í vindhviðu og virtist stefna á sker sem er milli dranganna en færi svo yrði þeim vís bráður bani. Drangarnir eru þrír og er líklegast að þeir hafi siglt um vestara sundið milli þeirra og borist að vestasta drangnum eins og vindstaða var en þar brýtur á tveim skerjum.

Í öllum flýtinum, þegar báturinn var settur á flot utan við Eiðið, hafði gleymst að taka stýrissveifina með. Þegar Jóhann Þ. gerði sér grein fyrir í hvað stefndi kastaði hann sér flötum á borðstokkinn þreif um stýrið og tókst að sveigja það þannig að báturinn skreið naumlega fram hjá skerjunum og mönnunum var borgið. Páll segir í frásögn sinni að á þessari stundu hafi hann talið að dagar sínir væru taldir og væri illt að báðir læknarnir í Eyjum drukknuðu í sjónum sama daginn. En allt fór vel og afrek Jóhanns var lífsbjörg þeim sem um borð voru.

Sorgartíðindin berast um bæinn

Fréttir af slysinu tóku þegar að berast um bæinn og um afdrif mannanna sem voru á róðrarbáti skipaafgreiðslunnar. Mikilvægt var að mati Páls Kolka að engar lausafregnir bærust fjölskyldum um afdrif ástvina fyrr en fyrir lægi traust vitneskja og þá frá sóknarpresti eða yfirvaldi. Páll hafði því strax símasamband við sr. Sigurjón Þ. Árnason sóknarprest á Ofanleiti er hann komst í land og bar honum tíðindin. Sr. Sigurjón var þá nýr í starfi, tók við prestsþjónustu í Landakirkju fyrr þetta sama ár, 27 ára gamall. Brást hann þegar við en allnokkur vegur var að heiman frá honum á Oafanleiti niður í bæ. Bað því sr. Sigurjón Pál um að fara í nokkur hús til að tilkynna um andlát. Páll fór þá fyrst að Kirkjuhvoli þar sem ekkja Halldórs læknis bjó og færði henni harmafregn. Frú Anna Gunnlaugsson tók sorgartíðindum með stillingu segir Páll. Þaðan fór hann í annað hús skammt frá, og hlýtur það að hafa verið Hoffell við Ásaveg þar sem Bjarni bátsformaður bjó og nú ekkja hans og þrjú börn. Hún var að lesa fyrir börnin er heimilislækni þeirra bar að. Er lýsing Páls á komu hans þangað næsta átakanleg og áhrifamikil.

Ekki er kunnugt um hvernig öðrum aðstandendum voru bornar sorgarfréttirnar, en Björn Guðmundsson kaupmaður, sonur Guðmundar Eyjólfssonar í Miðbæ, segir frá því löngu síðar í blaðaviðtali að hann hafi verið í skólanum síðdegis þennan dag, þá 9 ára gamall, en hafi undrast það að kennarinn vildi fylgja honum heim í þetta sinn, og var þó ekki langt að fara. Á því fékk hann svo skýringar þegar þangað kom.

> *Greftrun þeirra sjö manna sem fundust fór fram næstu daga og eru leiði þeirra samliggjandi í kirkjugarðinum (A-04, 2-9). Á leiði Halldórs læknis var settur hár stöpull með þessari áletrun: „Minnisvarða þennan reistu Vestmannaeyingar í virðingar og þakklætisskyni.“*

Lík finnast, öll nema eitt

Lík fimm skipverja ýmist rak á land eða þau náðust eftir slysið, sennilega fljótlega á eftir eða síðar um kvöldið. Finnur í Uppsölum segir í færslu daginn eftir, 17. desember: „[Nú eru öll lík þeirra] sem fórust í gær fundin nema tvö“. Það voru lík Guðmundar Þórðarsonar og Ólafs Gunnarssonar. Þeirra var leitað næstu daga.

Samkvæmt dagbókarfærslu Finns fyrir aðfangadag 1924, þ.e. á níunda degi eftir slysið, fannst lík Guðmundar á Akri rekið inn á Eiði. Var þá einn skipverji ófundinn, Ólafur Gunnarsson. Var leit að honum haldið áfram en án árangurs. Var talið víst að lík hans hefði borist með þungum straumi og fyrir vindi vestur með og svo á haf út.

Faðir Ólafs, Gunnar Ólafsson konsúll, hafði samband við vini sína í Vík í Mýrdal og nágrenni þar sem hann hafði verið faktor hjá Bryde-versluninni áður en hann kom til Eyja, og bað þá ganga fjörur við Landeyja- og Fjallasand. Var það gert en bar ekki árangur. Fóru menn þó á vegum Gunnars annað slagið um fjörur fram á næsta vor, jafnvel sumar. En lík Ólafs fannst aldrei og hvílir hann í votri gröf. Varð það foreldrum hans, vandamönnum og vinum mikið harmsefni og greru þau sár aldrei.

Útför og greftrun bátsverja

Greftrun þeirra sjö manna sem fundust fór fram næstu daga og eru leiði þeirra samliggjandi í kirkjugarðinum (A-04, 2-9). Á leiði Halldórs læknis var settur hár stöpull með þessari áletrun: „Minnisvarða þennan reistu Vestmannaeyingar í virðingar og þakklætisskyni.“ Leiði Kristjáns Valdasonar og Guðmundar Guðjónssonar eru óskráð og minningarmark um þá finnast ekki. Nafn Guðmundar er þó á steinsúlu sem sett var á leiði foreldra hans og til minningar um bræður hans þrjá sem fórust í sjóslysum.

Við nánari eftirgrennslan Arnars Sigurmundssonar og Báru Guðmundsdóttur, systurdóttur Guðmundar á Kirkjubæ, kom í ljós að Þórarinn Guðjónsson („Tóti á Kirkjubæ“), sem lést 1992 og var bróðir Guðmundar, var jarðsettur ofan á kistu Guðmundar og kom þá í ljós að við hlið hennar var önnur kista. Mun þar vera komin gröf Kristjáns Valdasonar.

Hafa má í huga að fremur fágætt var að lík sjómanna, sem drukknuðu við Eyjar, fyndust, hvað þá lík heillar skipshafnar eins og var að þessu sinni 1924.

Nærri má geta hvílík sorg hefur ríkt við athafnir í Landakirkju þegar fimm heimilisfeður og tveir einstaklingar voru jarðsungnir þaðan dagana milli jóla og nýárs og fram að þrettánda. Það hefur reynt á sr. Sigurjón, sóknarprestinn unga og sálusorgarann, og mikill harmur verið í mörgum húsum.

Í prestþjónustubókina skrifaði sr. Sigurjón skáhallt við nöfn þeirra sem hann jarðsetti þessa daga svofellda athugasemd (stafrétt): „Druknaði við Eiðið, voru að íta frá landi, ætluðu út í „Gullfoss“.“

Hvorki er að finna auglýsingu í blöðum um minningarathöfn um Ólaf Gunnarsson né greinar um hann, og vekur það nokkra undrun, svo ágætur efnismaður sem hann var og traust fjölskylda að baki honum. Líklega hefur þess verið beðið lengi að lík hans fyndist. Enn má vera að formleg minningar- og kveðjustund hafi verið fjölskyldunni um megn, sérstaklega Gunnari Ólafssyni, þeim skapmikla manni sem hafði svo harða skel um sína viðkvæmu lund. Ekkert minningarmark er um Ólaf Gunnarsson svo vitað sé.

Minningargreinar voru aðeins ritaðar um Halldór lækni.

Hjónin á Kirkjubæ, Guðjón Eyjólfsson og Halla Guðmundsdóttir, máttu nú sjá á eftir öðrum syni sínum í hafið á þessu óskapaári og var sorgarsaga þeirra þó ekki nema hálfsögð er hér var komið. Í Steini fékk sonur Snorra Þórðarsonar, Aðalsteinn Rútur, alvarlega lungnabólgu um þetta leyti og var vart hugað líf. Og varla hefur Ólafi Vilhjálmssyni á Múla verið rótt þá daga sem í hönd fóru.

Guðmundur Eyjólfsson og Kristján voru jarðsettir 29. desember og Bjarni á Hoffelli daginn eftir. Síðan voru þeir jarðsungnir fyrstu daga ársins Halldór læknir, 3. janúar, Guðmundur Guðjónsson 4. janúar og bræðurnir Guðmundur Þórðarson og Snorri 5. og 6. janúar samkvæmt kirkjubókinni. Finnur í Uppsölum greinir réttilega frá öllu í dagbók sinni og bætir við, „mikill mannfjöldi sem von var“, „að viðstöddu miklu fjölmenni“ o.s.frv.

Samhugur var mikill með Eyjabúum um jól og áramót og allt gert sem unnt var til að lina sorg og söknuð ekkna, barna, foreldra og annarra ástvina þeirra sem fórust.

Mennirnir sem fórust

Halldór Gunnlaugsson héraðslæknir.

Halldór Gunnlaugsson læknir var þekktastur þeirra sem fórust við Eiðið í desember 1924. Hann var þá aðeins 49 ára, fæddur á Skeggjastöðum við Bakkafjörð 1875 þar sem faðir hans var prestur og þar átti hann sína bernsku. Hann fluttist síðar í Húnaþing með föður sínum og var á Breiðabólstað í Vesturhópi þangað til að hann fór í skóla. Hann átti til lærdómsmanna að telja. Halldór kom til Eyja 1906, rúmlega þrítugur að aldri, og hafði þá aðeins starfað sem læknir í þrjú ár, var á Akureyri og á Rangárvöllum. Hann hafði því þjónað Vestmanneyingum í 18 ár er hann drukknaði við Eiðið, og naut mikilla vinsælda þar og virðingar fyrir störf sín, og þá ekki síður fyrir framkomu sína við bæjarbúa og örlæti, svo og þátttöku í menningarlífi, m.a. leikstarfsemi. Þá var Halldór skáldmæltur og flugu vísur hans og kvæði um landið.

Halldórs var loflega minnst eftir slysið. Páll Kolka segist hafa sest niður að kvöldi hins hörmulega slysadags og ritað minningarorð um Halldór sem birtust í Læknablaðinu skömmu síðar:

„Hann var hvers manns hugljúfi, því að hann var hvorttveggja í senn, friðsamur og glaðlyndur, jafnvel æringi í vinahóp. Hann var ágætur hagyrðingur, sérlega sýnt um að gera smellnar kýmnisvísur og hagur „karrikatur“-teiknari, enda var mörg fyndni hans svo að segja þjóðkunn.“ Páll klykkir út með þessum orðum: „Samvinnufúsari og samvinnubetri collega en Halldór heitinn var ekki hægt að óska sér. Hann var einn þeirra fáu, sem maður dáðist að eftir fyrsta fund, virti við nána viðkynningu og elskaði við ýtrari samvistir. - Vestmannaeyjum 16. des. 1924. P. V. G. Kolka.“

Skólabræður Halldórs skrifuðu fallega um hann, Árni Pálsson prófessor sagði hann einhvern mesta „fjörkálf“ skólans á sinni tíð og honum og Sigurði Guðmundssyni, sem seinna varð skólameistari á Akureyri, varð tíðrætt um gervileika hans, íþróttir, m.a. sund, námshæfileika og vísurnar, skopteikningar og leikarahæfileika. Það kom í hlut Sigurðar skólameistara að segja Gunnlaugi, syni Halldórs, andlát föður hans en Gunnlaugur var þá við nám á Akureyri.

Þorsteinn í Laufási kallar Halldór lækni „sannan mannvin“ í frásögn sinni af slysinu.

Kona Halldórs var hálfdönsk, fædd í Kaupmannahöfn. Móðir hennar var íslensk en faðirinn danskur trésmiður með ættarnafnið Therp. Anna Gunnlaugsson fluttist upp úr aldamótum 1900 til móðurfólks síns á Akureyri og þar kynntist hún og giftist lækninum unga og fluttist með honum til Eyja. Anna Gunnlaugsson sýndi hvað í henni bjó eftir slysið þegar fyrirvinna heimilisins féll frá og tekjur þess hurfu á einni nóttu. Foreldrar hennar í Danmörku studdu hana en mestu munaði hve ákveðin hún var sjálf að halda fjölskyldunni saman, komast af, halda húsinu og koma börnum þeirra til mennta. Það tókst henni. Hún stofnaði vefnaðarvöruverslun, „Frú Gunnlaugsson“ var hún kölluð, og þar voru bíó-útstillingar sem margir eflaust muna. Upp úr 1940 stofnaði hún aðra verslun í Reykjavík á Laugavegi 37.

Þrír synir þeirra hjóna komust á legg, Ólafur læknir; hann starfaði í Eyjum 1938-1957, Gunnlaugur, einn þekktasti arkitekt landsins, bjó á Álftanesi, og Axel verslunarmaður, umboðs- og heildsali í Eyjum. Einkadóttir þeirra, Ella, bjó með móður sinni og starfaði með henni í versluninni. Einn fósturson áttu þau hjón, Gunnar, en fluttist ungur frá Eyjum. Sonardóttir Halldórs læknis, Kristrún Axelsdóttir, býr í Eyjum og á börn þar, og þar eru líka afkomendur Gunnlaugs, bróður hennar.

Þær mæðgur, Anna og Ella, fluttust til Reykjavíkur um 1960. Anna dó 1963.

Hálfbróðir Halldórs, Þórhallur Gunnlaugsson, bjó lengi í Vestmannaeyjum og var símstöðvarstjóri 1921-1956.

Í grein sinn um Halldór í jólablaði *Fylkis* 1977 dregur Jóhann Gunnar Ólafsson saman í fá orð lýsingu á þessum einstæða manni:

„Halldór læknir var mikill hæfileikamaður. Hann var einn þeirra manna, sem allt virtist prýða. Hann var með fríðustu mönnum, mikill gáfu- og námsmaður, frábær söngvari og leikari, drátthagur og hið besta skáld. Hann var gæddur mikilli kímnigáfu og gamansemi, en skáldgáfu sinni beitti hann nær eingöngu til gamanmála og gleðskapar."

Ólafur Gunnarsson skipaafgreiðslumaður.

Ólafur Gunnarsson í Vík við Bárugötu var aðeins 25 ára gamall er hann lést í sjóslysinu við Eiðið. Hann þótti mikill efnismaður, „duglegur og prúður ágætispiltur" stendur í blaði um hann. Af myndum að dæmi hefur Ólafur verið glæsimenni, enda lifir sú sögn að margar ungar stúlkur hafi grátið við fráfall hans. Hann var elstur barna Gunnars Ólafssonar á Tanganum, konsúls og annars mesta umsvifamanns í atvinnulífi Vestmannaeyja á þessum árum, og Jóhönnu Eyþórsdóttur, föðursystur Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands. Það átti því fyrir Ólafi að liggja að erfa ríkið hefði honum auðnast lengra líf. Hann var settur til náms erlendis til þess að undirbúa sig fyrir það forustuhlutverk sem beið hans. Má nærri geta hvílíkur harmur sótti að þeim hjónum, Gunnari og Jóhönnu, við slysið og miklar vonir brugðist. Sagt var um Gunnar að hann hefði aldrei jafnað sig eftir slysið og mátti aldrei um það tala heldur, en byrgði þá sorg innra með sér.

Ólafur var fæddur í Vík í Mýrdal 1899, en Gunnar, faðir hans, var þá fyrir Bryde-versluninni þar. Þau Gunnar og Jóhanna fluttust til Eyja 1909 og byggðu húsið Vík sem enn stendur við Bárugötu. Uppgangur Gunnars varð mikill á næstu árum og fyrirtæki hans, Gunnar Ólafsson & Co. hf. („Tanginn"), blómstraði. M.a. hafði hann á hendi skipaafgreiðslu Eimskips og sá Ólafur á þessum tíma um þá starfsemi, einkum að afferma og ferma skipin.

Ólafur var ókvæntur og barnlaus. Um hann er ekkert að finna í blöðum en af honum væntu menn mikils.

Gunnar Ólafsson og Jóhanna Eyþórsdóttir eiga ekki afkomendur í Eyjum svo vitað sé.

Bjarni Bjarnason á Hoffelli, bátsformaður.

Bjarni á Hoffelli, sá sem sat undir stýri á róðrarbátnum sem settur var á flot á Eiðinu hinn örlagaríka desemberdag 1924, var eins og fleiri í Eyjum Eyfellingur, f. 1885, þ.e. 39 ára er slysið varð, en hann átti rætur í Meðalland og á Síðu. Bjarni fluttist til Eyja 1905, var fyrst sjómaður en dembdi sér síðan í vélbáta-ævintýrið sem hófst um það leyti í Vestmannaeyjum, eignaðist bát og var formaður og útgerðarmaður. „Bjarni var heppnismaður á allan hátt" segir Jón Sigurðsson um hann í *Sjómannablaðinu Víkingi*. Bjarni komst í ágæt efni á sinni tíð og byggði Hoffell við Ásaveg.

Bjarni Bjarnason á Hoffelli, bátsformaður.

Nú eru fáir afkomendur Bjarna í Vestmannaeyjum en hann átti þrjú börn sem upp komust: Jóhann, sem síðast var hafnarvörður; kona hans var Oddný Bjarnadóttir leikskólastjóri sem margir muna; Bjarni rakari, seinna verslunarmaður í Kaupfélaginu; Einar, sonur hans, verkstjóri, býr í Eyjum. Loks var Sigríður sem giftist Eðvald Hinrikssyni (hinum eistneska Mikson); synir þeirra voru frægir knattspyrnumenn, Jóhannes og Atli.

Hoffell var og er fallegt hús og við það voru börn Bjarna kennd. En líka fleiri, t.d. „Óli á Hoffelli", en hann var sonur Jónínu, ekkju Bjarna, og seinni manns hennar, Þórarins Ólasonar (bróður Sigurðar Ólasonar og Kristjönu bæjarritara), og „Bússi á Hoffelli" (Bjarni Jónsson), sonur Sigríðar Bjarnadóttur fyrir hjónaband.

Bjarni á Hoffelli átti mikinn frændgarð í Eyjum og sex systkini þar. Geta margir talið til frændsemi við hann, svo sem Þórarinn Sigurðsson í Geisla; Margrét móðuramma hans var systir Bjarna.

Guðmundur Eyjólfsson, Miðbæ.

Guðmundur Eyjólfsson í Miðbæ.

Guðmundur í Miðbæ var Eyfellingur, aðeins 38 ára gamall er hann lést (f. 1886), sex barna faðir. Hann fluttist til Eyja 1914, var verkamaður og sjómaður. Fjölskyldan bjó fyrstu árin á ýmsum stöðum en var lengst í Miðbæ, litlu húsi við Faxastíg 18, og var jafnan kennd við það. Guðmundur á ekki marga afkomendur í Eyjum, helst þó frá Sigurjóni á Laugarlandi sem hann eignaðist fyrir hjónaband. Með Áslaugu Eyjólfsdóttur, konu sinni, átti hann fimm börn og voru þeir þekktastir í Eyjum Björn Guðmundsson, „Bjössi á Barnum", kaupmaður, útgerðarmaður og stjórnarformaður Ísfélagsins, og „Tryggvi á Barnum", verslunarmaður í félagi við bróður sinn. Þeir voru stórir karlar, þeir bræður, og kraftmiklir og duglegir. Systir þeirra, Rakel fluttist snemma frá Eyjum, svo og Þórarinn bróðir þeirra. Ástvaldur var yngstur barna Guðmundar, en hann lést voveiflega aðeins 14 ára gamall, hrapaði í Klifinu 1936. Áslaug, móðir þeirra, mátti margt reyna á ævi sinni. Hún bar harm sinn í hljóði, tigin kona en lágvaxin, og synir hennar báru hana á höndum sér þegar þeir komust í álnir.

Guðmundur Þórðarson vélstjóri og útgerðarmaður á Akri.

Guðmundur var Mýrdælingur, fæddur á bænum Steig 1878, og var því 46 ára er hann drukknaði. Hann missti föður sinn í æsku og fór þá austur í Meðalland þar sem hann ólst upp, lengst á bænum Efri-Ey. Hann fluttist til Eyja 1904, þá 26 ára. Hann var vélstjóri á bátum í Eyjum og bjó á Akri við Landagötu.

Guðmundur Þórðarson á Akri.



Snorri Þórðarson, Steini.

Kona Guðmundar var Guðrún Hjálmarsdóttir, systir Eiríks á Vegamótum, og átti því stóran frændgarð í Eyjum. Guðrún dó aðeins fjórum árum eftir slysið við Eiðið, á Þorláksmessu árið 1928. Þau áttu tvö börn, Lárus rafvirkja, sem starfaði hjá Haraldi Eiríkssyni við Heimatorg, greiðugur og vinsamlegur maður sem margir eldri Vestmanneyingar muna eftir, og Sigríði sem fluttist til Reykjavíkur og bjó þar, og enn fremur fósturbarn, Guðbjörgu Helgadóttur, síðar Beck; hún var fjögurra mánaða er slysið varð og fjögurra ára er Guðrún lést. Þau systkinin héldu heimili á Akri eftir að foreldrar þeirra voru fallin frá.

Lárus lærði rafvirkjun hjá frænda sínum, Haraldi Eiríkssyni, og gerðist síðar hluthafi og rafvirkjameistari hjá fyrirtækinu sem kennt var við Harald og rak það ásamt öðrum til ársins 1973 að öll hús þess fóru undir hraun í eldgosinu. Guðmundur, sonur hans, og margir fleiri lærðu rafvirkjun hjá honum. Fyrir vertíðina 1926 raflýstu þeir Lárus og Haraldur fyrsta vélbátinn í Eyjum, Emmu VE 219.

Þegar lík Guðmundar Þórðarsonar á Akri rak á Eiðinu eftir marga daga í sjónum fannst í fötum hans vasaúr sem hann átti. Þann grip fékk Lárus, sonur hans, og varðveitti.

Gréta Illugadóttir, kona Lárusar Guðmundssonar, skrifaði á efri árum hjá sér ýmis minningarbrot, þar á meðal þessi orð:

„Lárus var 17 ára þegar þetta skeði [þ.e. slysið]. Hann var staddur á Tangabryggjum ásamt fleirum. Þeir sem voru á bryggjunni sáu og heyrðu að eitthvað hafði komið fyrir á Eiðinu. Lárus og ungur maður, Magnús að nafni, tóku bát sem var við bryggjuna og reru lífróður yfir að Eiðinu. Þegar þeir komu upp á kambinn sáu þeir hvað hafði gerst, bátnum hafði hvolft. Lárusi sýndist pabbi sinn veifa til sín þar sem hann barðist um í sjónum. Þeir sem í landi voru gátu ekkert gert. Þetta var skelfileg reynsla fyrir Lárus.

Það var hinn 16. desember 1984, þegar Lárus var altekinn krabbameini, að hann gat loks talað um þetta slys. Hann sagðist vera búinn að draga þetta með sér í 60 ár." Lárus lést tveim mánuðum síðar.

Snorri Þórðarson formaður og útgerðarmaður í Steini.

Snorri í Steini var 42 ára gamall, f. 1882, bróðir Guðmundar á Akri, fjórum árum yngri, einnig fæddur á Steig í Mýrdal. Þeir bræður voru sagðir afar nánir og milli fjölskyldna þeirra var mikill samgangur og náinn vinskapur.

Snorri var aðeins nokkurra mánaða gamall er faðir hans lést. Var þá heimilið leyst upp og Snorri sendur fyrst á Höfðabrekku og síðan sem „niðursetningur" á bæinn Loftsali í Mýrdal 1890. Aðeins 17 ára gamall kom hann til Eyja, árið 1899, varð fyrst vinnumaður en síðar sjómaður og loks útgerðarmaður og formaður. Kona Snorra var Þorgerður Jónsdóttir (1880-1939), hálfsystir (samfeðra) Gísla á Arnarhóli. Þau Snorri áttu þrjú börn, Þuríði sem fluttist til Reykjavíkur, Aðalheiði sem var prestsfrú, gift sr. Jóhannesi Pálmasyni sem lengst var á Stað í Súgandafirði, og yngstur var Rútur Snorrason (Aðalsteinn Rútur), sem rak raftækjaverslunina „Haraldur Eiríksson" lengi, allt fram að gosi, og átti líka „Turninn", þá vinsælu sjoppu við Strandveg, að hálfu á móti Tóta í Turninum (Þórarni Þorsteinssyni). Snorri Rútsson kennari er sonur hans, og önnur börn Jónína og Gylfi Þór.

Í bjargveiðimannatali sem birtist í *Úr fórum Árna Árnasonar símritara* er skemmtileg lýsing á Snorra: „Snorri var lágur að vexti, tæplega meðalmaður, en vel þrekinn og allsterklegur á velli, var áður léttleikamaður mikill, snar og þéttur í átökum og fylginn sér í hvívetna. Hann var dagfarsgóður maður, stilltur og gætinn, frekar til baka gagnvart almenningi og virkaði daufur í skapgerð og ómannblendinn, en í félagsskap var hann skemmtilegur og viðræðugóður, en orðvar." Síðan segir að hann hafi verið „allsleipur veiðimaður" og „frakkur í fjöllum".

Um Snorra segir Þorsteinn í Laufási í *Formannsævi í Eyjum*: „Ég hef um ævina haft marga trúa og dygga þjóna, en engan, sem tók honum fram." (205. bls.)



Guðmundur Guðjónsson, Kirkjubæ.

Jóhann Guðjónsson, Kirkjubæ, bróðir Guðmundar. Hann drukknaði fjórum mánuðum fyrr. Guðmundur ætlaði að sækja mynd af bróður sínum um borð í Gullfossi daginn sem slysið varð í des. 1924.

Slysadagurinn 16. desember 1924 leið Aðalheiði Snorradóttur aldrei úr minni, segir Sigrún, dóttir hennar. „Hún var send að heiman með nesti í aðgerðarkróna til föður síns því að hann átti ekki að fara svangur í ferðina út í Gullfoss. Mamma var afar hænd að pabba sínum og dvaldist því hjá honum lengur en hún mátti og kom fyrir bragðið of seint í skólann. Þetta var henni afar notaleg og eftirminnileg stund með honum. Þegar leið á daginn kom skólastjóra inn í kennslustofuna og bað mömmu að koma mér sér á skrifstofuna. Hún átti þá von á að fá skammir fyrir að koma of seint. En tilefnið var annað og alvarlegra, faðir hennar hafði drukknað við Eiðið. Og skömmu síðar var hún send heim, alein."

Ekki linnti hörmungum í Steini við fráfall Snorra því að skömmu síðar veiktust börnin þar, m.a. Rútur af lungnabólgu og lá illa haldinn í marga daga. En ekkjan Þorgerður var óvenjusterk, dugnaðarforkur og forstöðukona KFUK. Í febrúar 1925 sendi hún blaðinu *Þór* í Eyjum svofellda auglýsingu:

„Öllum þeim hinum mörgu, sem hafa veitt mjer hjálp og hluttekningu í raunum mínum, við fráfall mannsins míns sál., Snorra Þórðarsonar, og í veikindum barna minna, votta eg innilegasta þakklæti, og bið algóðan guð að launa þeim er hann sjer þeim best henta. Steini, 9 febrúar 1925. Þorgerður Jónsdóttir."

Kristján Valdason í Sandgerði.

Fáar heimildir eru um Kristján Þórarin Valdason. Hann var yngstur manna um borð í árabátunum sem var á leið í Gullfoss 1924, aðeins 21 árs gamall, fæddur í Steinum undir Eyjafjöllum árið 1903. Hann var elstur margra barna foreldra sinna, þeirra sem komust á legg. Þau fluttust til Eyja 1911. Kristján var sjómaður, ógiftur og barnlaus er hann drukknaði við Eiðið.

Nokkur systkina Kristjáns bjuggu í Eyjum og eignuðust afkomendur en önnur fluttust burt. Stefán, bróðir hans bjó í Eyjum, faðir Kristínar Jónu sem var kona Agnars Angantýssonar yfirlögregluþjóns; börn þeirra eru í Eyjum. Kristný Jónína var kona Jens Ólafssonar bílstjóra, börn þeirra bjuggu í Eyjum. Heiðursmaðurinn Sigurjón Valdason (Siggi Valda), sjómaður og síðar starfsmaður hafnarinnar, var bróðir Kristjáns. Fósturbarn hans og Mínervu Kristinsdóttur, konu hans, er Sigríður Mínerva Jensdóttir (Sigga Mína) viðskiptafræðingur, systurdóttir Sigurjóns. Hálfbróðir Kristjáns var Guðjón Valdason (Gaui Valda), skipstjóri, faðir Bergs Elíasar í Ísfélaginu (Ella Bergs) sem var þekktur maður í Eyjum. Og er þá ónefndur sá þeirra systkina sem frægastur varð, Árni Valdason, sem Ási í Bæ gerði landsþekktan í „Göllavísum" sínum.

Engin ljósmynd hefur fundist af Kristjáni Valdasyni.

Guðmundur Guðjónsson frá Kirkjubæ.

Um Guðmund eru afar fáar heimildir að hafa, aðrar en þær að hann var sjómaður. Hann var fæddur á Kirkjubæ í Eyjum aldamótaárið 1900 og var því 24 ára er hann lést, ókvæntur og barnlaus.

Af foreldrum hans er mikil saga. Þau eignuðust 14 börn. Fjórir synir þeirra drukknuðu við Vestmannaeyjar, tveir á árinu 1924, og tveir á sama bát, *Víði* VE, í vondu veðri í febrúar 1938. Fjögur börn þeirra hjóna komust ekki á legg og eina dóttur misstu þau fimm ára. Eina dóttur þeirra, Emmu, ættleiddi Reyndal bakari sem um tíma bjó í Eyjum. Aðeins fjögur börn þeirra komust þannig til fullorðinsára, auk Emmu. Þórdís (1908-1995) giftist Sigurði Bjarnasyni skipstjóra í Svanhól; þau eignuðust fimm börn. Hjá þeim var Sigrún, systir Þórdísar. Og Jórunn sem giftist Guðmundi

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
LANGA

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
LÍFEYRISSJÓÐUR VESTMANNAEYJA

Gleðileg jól
Sendum viðskiptavinum okkar sem og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð og farsæld komandi ári.
BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur
Europcar
Þínar þarfir - okkar þjónusta

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
tpz teiknistofa

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
Samhentir

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
Simberg

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!
STÁLSMIÐJAN FRAMTAK EHF

Guðjónssyni frá Oddsstöðum. Þau bjuggu í Presthúsum, áttu fjögur börn. Hjá þeim bjó Þórarinn, bróðir Jórunnar (Tóti á Kirkjubæ), frægur bjargveiðimaður. En systurnar hafa ekki farið langt í makaleit. Afkomendur þeirra systra eru margir í Eyjum. Elliði Vignisson, fyrrverandi bæjarstjóri í Eyjum, er dóttursonur Jórunnar.

Maðurinn sem komst lífs af: Ólafur Vilhjálmsson á Múla.

Ólafur á Múla, skipstjóri, fluttist frá Eyjum þremur árum eftir slysið við Eiðið í desember 1924. „Hann festi ekki yndi þar lengur" segir Sigurður Jón, sonur hans, fyrrv. bókavörður sem býr á Seltjarnarnesi. „Hann fór aldrei til Eyja eftir þetta" segir hann enn fremur, „kannski óttast að endurlifa atburðinn." Ólafur bjó í Reykjavík eftir það, lést þar 1972 og á ekki afkomendur í Eyjum svo vitað sé.

Þrátt fyrir sjóslysið og það áfall sem því fylgdi hélt Ólafur áfram sjómennsku. Hann var formaður á næstu þrem vertíðum í Eyjum áður en hann hvarf þaðan og síðan lengi togarasjómaður, sigldi m.a. öll stríðsárin. Hann lenti í bílslysi á miðjum aldri og starfaði eftir það í landi, lengst hjá Reykjavíkurborg, en bjó við vanheilsu síðustu ár sín. Ólafur giftist Maríu Jónsdóttur og eignaðist þrjú börn með henni.

Af lýsingu á persónu Ólafs í minningargrein má helst ráða að hann hafi ekki verið þjakaður ævina á enda af þessari sorglegu minningu úr Eyjum. Honum er lýst sem ljúfum manni, eljusömum og æðrulausum. Hann var hlédrægur maður og lét lítið fyrir sér fara. „Faðir minn var alla jafna fámáll" segir Sigurður Jón, sonur hans. Um Ólaf segir í *Sjómannablaðinu Víkingi* 1968 (eftir Jón Sigurðsson): „Ólafur var góður sjómaður og kappsamur formaður meðan hann var við þann starfa og einnig var hann fiskimaður góður."

Systkinin á Múla, austurendanum, voru fjögur, auk fósturbróður. Þau komu úr Meðallandi þar sem Ólafur var fæddur (í Botnum) aldamótaárið 1900.

Kunnust systkina Ólafs í Eyjum er Þorgerður, „Gerða á Múla", sem var gift Steini Ingvarssyni. Þau áttu fjórar dætur og þrjár þeirra bjuggu í Eyjum og mikill ættbálkur frá þeim kominn, m.a. Magnús Sveinsson á Kletti.

Í frásögn Páls Kolka er Ólafur kallaður „unglingspiltur" er slysið varð og hefur það gengið aftur í ýmsum endursögnum. En svo var ekki, Ólafur 24 ára, þá orðinn formaður á bát. Hann var ekki heldur yngstur um borð, það var Kristján í Sandgerði.

Ekki er vitað hvernig Ólafur komst heim eftir að hlúð hafði verið að honum í Esju eftir slysið við Eiðið. En hafi hann farið í land með Jóhanni Jósefssyni á árabátnum með Páli Kolka hefur hann komist í lífshættu tvisvar sinnum þann dag.

Ólafur Vilhjálmsson, Múla, var sá eini skipverja sem komst lífs af í slysinu. Hann lést 1972 í Reykjavík.

Minning og minnismerki

Þótt hið ægilega slys við Eiðið í desember 1924 hafi snortið Eyjamenn dýpra en flest annað og um það sé talað fram á þennan dag, eða að menn a.m.k. kannist við þann atburð, hefur ekkert minningarmark verið gert sérstaklega um slysið við Eiðið.

Er Páll Oddgeirsson og fleiri beittu sér fyrir því að reist yrði stytta á kirkjulóðinni 1952 til minningar um þá sem drukknað hefðu við Vestmannaeyjar, hrapað í björgum eða farist í flugslysum var nafn mannanna sem fórust við Eiðið 1924 letruð þar á skjöld. Er það eina sýnilega minningarmarkið um þá fyrir utan legsteina á leiðum þeirra.

En nú, þegar rétt öld er liðin frá því að hið hörmulega slys varð, hafa áhugamenn, í samvinnu við Vestmannaeyjabæ og Sögusetrið, beitt sér fyrir því að setja upp skilti á Eiðinu á myndarlegan stein með upplýsingum um slysið og nöfnum þeirra sem þá fórust. Verður það vígt 16. desember 2024, eða daginn þar í kring.

Skipaferðir við Vestmannaeyjar í desember 1924

Eftir að Íslandssiglingar jukust upp úr aldamótum með stofnun Eimskipafélagsins og reglulegum skipaferðum erlendra félaga, svo sem Bergenska, Sameinaða gufuskipafélagsins danska og fleiri, auk strandsiglinga, fjölgaði skipakomum við Vestmannaeyjar mikið. Millilandaskipin komu oftast við í Eyjum á leið til og frá Reykjavík. Töllur um skipakomur má finna í gögnum hafnarinnar samfellt frá 1. september 1924. Fyrsta heila árið sem skráð er, 1925, komu um 350-360 skip til Eyja. Um helmingi þeirra, skipum sem komu utanlands frá, þurfti læknir að sinna. Þurfti hann stundum að fara tvær ferðir yfir daginn. Yfir vetrarvertíð gengu að auki á þessum árum um 80-90 fiskibátar. Má af því sjá hve gífurleg skipaumferð var við Vestmannaeyjar á fyrri hluta síðustu aldar og mikið annríki hjá héraðslækni.

Í desember 1924, þegar veður voru rysjótt, myrkur og kalt, eru 22 skipakomur skráðar í Vestmannaeyjum, og má ætla að meira en helmingur þeirra séu skip sem komu erlendis frá. Hinn 16. desember eru Esjan og Gullfoss skráð í skipakomubók. Mercur, skip Bergenska skipafélagsins, sigldi reglulega frá Bergen um Þórshöfn í Færeyjum og Vestmannaeyjar til Reykjavíkur, og er það t.d. við Eyjar 18. desember á leið utan, tveim dögum eftir slysið við Eiðið.

Stóru skipin voru afgreidd á Ytri-höfninni, ýmist róið út í þau eða farið á vélbátum, og í austanáttum voru þau afgreidd við Eiðið eins og áður er rakið. Það var fyrst árið 1931 sem unnt var að taka stór skip, t.d. 800 tonna kolaskip, inn í höfn og að Básaskersbryggju, en það var þó aðeins gert ef þau voru með mikinn farm sem átti að skipa upp eða þau áttu að fylla lest af vörum, t.d. fiski.

Árabáturinn „Kúði"

Gunnar Ólafsson, sem sá um afgreiðslu „Fossanna" á þessum tíma, átti róðrarbátinn sem notaður var til að koma lækninum út í Gullfoss hinn örlagaríka desemberdag 1924. Hann var fjórróið far, lítill uppskipunarbátur, og því auðvelt að koma honum yfir Eiðið þegar fara þurfti þaðan út í skip með afgreiðslumann og lækni.

Ekki er því lýst í heimildum hvernig tókst að ná árabátnum á land eftir slysið við Eiðið 16. desember. Vitað er að hann maraði í kafi í öldurótinu. Finnur í Uppsölum segir aðeins að vélbáturinn [þ.e. Soffí] „náði bátnum og Óla" og er því líklegast að hann hafi verið tekinn þar um borð eða í tog.



Árabáturinn „Kúði" (til vinstri) í sandfjörinni í Mýrdal um 1940. Þetta er báturinn sem skipaafgreiðslan notaði 16. des. 1924 við Eiðið og hvolfdi við sjósetningu með skelfilegum afleiðingum.

Ekki er heldur vitað hvenær Gunnar Ólafsson fékk bátinn og hvernig, hvort hann lét smíða hann eða keypti og hvort hann hafði bátinn með sér úr Vík þegar hann fluttist þaðan til Eyja eða hann var smíðaður í Eyjum. Slíka báta þurfti að nota í Vík, í hafnleysinu við Mýrdalssand. En víst er að eftir slysið vildi Gunnar ekkert með bátinn hafa í Eyjum.

Raunar eru heimildir sem benda til þess að þeir bræður, Snorri í Steini og Guðmundur á Akri, hafi átt bátinn, e.t.v. í félagi við aðra sem unnu við skipaafgreiðslu, en þær eru ekki nægilega traustar til að á þeim verði byggt.

Sundlaugin á Miðhúsatúni var byggð 1934. Sundskyldu í skólum má rekja til viðbragða við sjóslysinu við Eiðið 1924.



1924.	Nöfn skipa		Stærð	Kr.	aur	Ávitlanir
			Flutt	8907.	20.	
15/12	Mercur	ytri h.	555,51	55.	60	Borgað 31/12
16/12	Esja	-"-	426,02	42.	70	Borgað 31/12
"	Gullfoss	-"-	885,72	88	60.	Borgað -"-
4/12	H. Johnholz	-"-	86,27	34.	40.	Borgað -"-
5/12	Emma Reimer	-"-	82,32	32.	80.	Borgað -"-
11/12	Waldarf	-"-	131,84	52.	80.	Borgað 31/12
12/12	Warnberg	-"-	126,94	50.	80.	Borgað -"-
"	Sea Lion	-"-	93,39	37.	20.	Borgað 31/12
15/12	King Frederik VIII	-"-	103,37	41	20.	Borgað 31/12
18/12	Mercur	-"-	555,51	55.	60.	Borgað 31/12
"	Skakkeráfoss	-"-	6,45	2.	40.	Borgað 31/12.
21/12	Senator Schaum	-"-	79,02	31.	60	Borgað 31/12
30/12	Diana	-"-	699,16	69	90	Borgað 31/12.
31/12	Villemoes	-"-	428	42.	80	Borgað 31/12.
31/12	Gulla	-"-	7 lm.	2.	80	Borgað 31/12
31/12	Haraldur	-"-	10 tn.	4	00	Borgað 31/12
				9552	40	
	Innheimt: Rán 12/10-30/90, Gr. Hlaðsson 10/11 33/60			64	50.	
			Sk.	9487	90	

Úr skipakomubók Vestmannaeyjahafnar frá 1924.

Í grein sem Gunnar Magnússon frá Reynisdal ritaði í *Sjómannablaðið Víking* 1967 kemur fram hvað um bátinn varð eftir slysið 1924, sem hann kallar raunar „smáfleytu". Gunnar fékk hann eitt sumar lánaðan til fiskiróðra frá Vík sem ungur maður á fjórða áratug síðustu aldar; þeir voru þá aðeins tveir á honum. Gunnar segir bátinn hafi verið fluttan til Víkur frá Vestmannaeyjum af Þorsteini yngra Ólafssyni á Lækjarbakka, en hann var er hér kom sögu í eigu Jóns Jónssonar smiðs í Vík. Jón kallaði bátinn „Kúða" sem er sennilega sama nafn og á bát sem faðir hans átti áður. Útgerð Gunnars og félaga hans gekk vel og fiskuðu þeir töluvert um sumarið á „Kúðann" en hinir eldri menn voru lítt hrifnir af þessari sjósókn strákanna og höfðu áhyggjur af brimlendingunni. Gunnar segir að endalok „Kúðans" hafi orðið þau að hann var fenginn að láni austur á Bólhraunsfjöru, austan við Hjörleifshöfða, suður frá Herjólfsstöðum í Álftaveri. Togarann „Grimsby Town" strandaði þar í apríl 1946, og átti Kúðinn að verða björgunarbátur á togaranum á leiðinni frá strandstað til Reykjavíkur. Þessi stóri og nýlegi togari komst þó aldrei á flot, en þar í fjörunni brotnaði „Kúðinn" í spón í foráttubrimi um sumarið.

Sigþór Sigurðsson símaverkstjóri í Litla-Hvammi í Mýrdal kannaðist við bátinn og benti Arnari Sigurmundssyni á mynd af honum í grein eftir hann í héraðsriti Vestur-Skaftfellinga, *Dynskógum,* 1. bindi (1982), 116. bls.

Fjórróinn árabátur er til sýnis á safninu í Skógum (merktur S-3170) og má ætla að hann sé mjög líkur „Kúða". Hann hét „Farsæll", kallaður „vorbátur" og talinn 3 tonn, um 5 m að lengd og 1,9 m á breidd. Hann var smíðaður 1960 handa áðurnefndum Sigþóri í Litla-Hvammi og Gunnari, bróður hans. Það gerði faðir þeirra, Sigurður Gunnarsson.

Sundkennsla

Margir hafa talið að drukknun mannanna við Eiðið 16. desember 1924 megi skýra með því að þeir hafi ekki kunnað að synda. Vera má að svo hafi verið um nokkra þeirra, en heimildir eru um að Halldór Gunnlaugsson læknir, Ólafur Gunnarsson, umboðsmaður skipsins, og Guðmundur Guðjónsson hafi verið syndir vel, en það varð þeim ekki til lífs. Ástæðan er eflaust sú að mikil ólga var á sjónum og stríður straumur við Eiðið. Margir sem í æsku léku sér í fjörunni við Eiðið kannast við straumþungann þar og hve hættulega aðdjúpt er norðan megin þess. Vanir sjómenn segja að á aðfalli (til vesturs) hafi þeir séð sjóinn freyða við Lat, líkt og við stefni skips á ferð, en sá drangur er nokkru austan við Eiðið, nærri Faxasundi.

Talið er að fáir sjómenn hafi kunnað sundtökin um aldamótin 1900 og árin þar á eftir. Sagan segir að aðeins 6 menn hafi kunnað að synda á Íslandi 1820. Sjómenn í Vestmannaeyjum voru hvattir til að bæta þar úr, og gekk Sigurður Sigurfinnsson hreppstjóri, faðir Einars ríka, þar fremstur í flokki. Heimildir eru um sundkennslu nokkru fyrir aldamótin 1900 og víst að hún hófst að nýja upp úr aldamótum. Björgúlfur Ólafsson læknir kenndi sund 1903 í köldum sjó (10-15 gráðum) við Eiðið innanvert og Löngu. Sundskáli var reistur á Eiðinu nærri Heimakletti 1912; mátti sjá tóftir hans þar fram yfir gos. Þótt sundkennslu væri haldið uppi árum saman, m.a. undir stjórn Ásgeirs Ásgeirssonar, síðar forseta Íslands, var þátttaka í henni ekki almenn, né heldur skilningur á mikilvægi sundkunnáttu meðal sjómanna framan af. Ekki var úr því bætt fyrr er 1934 er sundlaugin á Miðhúsatúni með upphituðum og hreinsuðum sjó var tekin í notkun.

Árið 1925 voru sett lög á Alþingi um heimild fyrir sveitarstjórnir til að skylda skólanemendur til sundnáms. Tildrögin voru þau að bæjarstjórn Vestmannaeyja gerði samþykkt um það mál í janúar 1925. Jóhann Þ. Jósefsson, þingmaður Vestmanneyinga, flutti svo málið á þinginu 1925 og fékk það samþykkt. Í kjölfarið tóku nokkur bæjarfélög upp sundskyldu, m.a. Vestmannaeyjar.

Án efa hefur sjóslysið mikla við Eiðið í desember 1924 verið mönnum efst í huga þegar samþykktin var gerð í bæjarstjórn Vestmannaeyja, og síðar á Alþingi, og þannig hefur hið sorglega slys orðið upphaf sundskyldu í skólum landsins, og vafalaust mörgum sjófarendum til bjargar.

Sendum Vestmannaeyingum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár. Þökkum samskiptin á árinu.

GRÖFUÞJÓNUSTAN BRINKS
Viktors hárstofa
FVE
Heima decor
olís
Lögmannsstofan
Fasteignasala Vestmannaeyja
MIÐSTÖÐIN
Bílaverkstæði Sigurjóns Vestmannaeyjum Flatir 20 • Sími:481-3235
N1 Nesti
Steini og Olli BYGGINGAVERKTAKAR
ALÞRIF
HS VÉLAVERK
Fiskmarkaður Þórshafnar
Donna www.donna.is
Flamingó
Bylgja VE
IceMar Icelandic Export
Hellugerð AGNARS
KÆLI FÉLAGIÐ VESTMANNAEYJUM
net hamar
póley
RPV
Steini pípari
DRÍFANDI STÉTTARFÉLAG VESTMANNAEYJUM FYRST STOFNAÐ 1917
Tanginn eat. drink. enjoy.
Watt ehf.
FRÁR VE
TÖLVUN

Hús og fólk VIII

Hof við Landagötu

GREINARHÖFUNDUR:
EIRÍKUR Þ. EINARSSON

Hof í Vestmannaeyjum var eitt af reisulegri húsum í Eyjum á sínum tíma, byggt 1904. Það stóð við Landagötu, sem hafði ýmis önnur nöfn, m.a. Hofsvegur. Hann náði austur á Kirkjubæi, en austasti hluti hans voru þó moldartraðir. Húsið stóð á lítilli hæð mitt á milli Urðavegar og Landagötu og var því hærra en næstu hús. Heimreið var að húsinu frá báðum götum.

Ég hef ekki fundið neitt um hvað réð því að hús sem hýsti sýslumann og sýsluskrifstofu var reist utan helsta byggðarkjarnans eins og byggðin var þegar húsið reis. Flest húsanna í nágrenninu voru yngri en Hofið, en sennilega hefur Magnús Jónsson sýslumaður, sem byggði húsið, ætlað sér að reka búskap á jörðinni.

Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi skrifaði skýrslu um fornleifarannsóknir í Vestmannaeyjum 1906 í Árbók fornleifafélagsins árið 1907 og þar er þessi klausa sem hefur lítið sem ekkert að gera með fornleifar í Eyjum: „Geta vil ég þess að austan við Fornu-Landa túnið hefir nýlega verið byggt timburhús, sem kallað er Hof. En þar var ekkert örnefni áður og engin sögn sem minnti á hof; það fullyrtu kunnugir menn. Húsinu var gefið nafn þetta til viðhafnar, og mega seinni menn ekki láta það villa sig."

Kristinn Sigurðsson aftastur þá Eiríkur, Þórir Garðarsson, Óskar bróðir, Kristín Garðarsdóttir og Bergmundur H. Sigurðsson fremstur.

Nágrennið

Landagata lá til austurs frá Heimagötu, en þar var lítið torg fyrir ofan byggingar Gísla Gíslasonar við Heimagötu þar sem komu saman Vestmannabraut, Heimagata og Landagata.

Húsin norðan við Landagötu voru Ingólfshvoll (1902), norðan Ingólfshvols var Brautarholt (1908), Hraungerði (1910), Stóru-Lönd (1909), Mið-Lönd, (1908), Eystri-Lönd eða Litlu-Lönd (1910), Akur (er þurrabúð 1910) og síðan tvö seinni tíma steinhús, nr. 21 (Hrólfshús) og 23 (Betuhús) við Landagötu, sem höfðu ekki opinber nöfn. Austan við Hof var hús Hauks í Vatnsdal og fjölskyldu (Landagata 29) byggt eftir stríð. Sunnan við Landagötu voru Hraun sem var á horni Heimagötu og Landagötu, og síðar voru byggð þar austan við ný hús, en þau gömlu voru Gíslholt (Landagata 20) byggt 1924, Gamla Skálholt (Landagata 22) byggt 1913, á móti Hofi og Vatnsdalur austast (byggt 1925). Í kringum 1955-60 byggði Guðmundur Magnússon á Skansinum nýtt hús beint á móti Hofi, Landagötu 24. Vestan við Gíslholt bjó Sigurður á Löndum ásamt fjölskyldu sinni og gekk húsið undir nafninu Hóllinn a.m.k. heima hjá mér (Landagata 18). Þar fyrir vestan voru Ágúst og Elín á Löndum (á Landagötu 16), Guðmundur Þorsteinsson og Sigurbjörg kona hans bjuggu þar við hliðina ásamt Þráni syni þeirra (á Landagötu 14), en þessi tvö hús voru byggð 1953 og 1949. Löngu seinna byggði Hinrik Linnet læknir íbúðarhús í landi Hrauns á móti Stóru-Löndum (Landagata 12).

> *Ég hef ekki fundið neitt um hvað réð því að hús sem hýsti sýslumann og sýsluskrifstofu var reist utan helsta byggðarkjarnans eins og byggðin var þegar húsið reis. Flest húsanna í nágrenninu voru yngri en Hofið, en sennilega hefur Magnús Jónsson sýslumaður, sem byggði húsið, ætlað sér að reka búskap á jörðinni.*

Við Urðaveginn stóð Skálholt yngra, byggt á árunum 1925-26 af Gísla Magnússyni sem íbúðarhús, beint á móti Hofi. Á stríðsárunum var herstjórnin þar til húsa. Bæjarsjóður eignaðist húsið eftir það og þar var Elliheimilið vígt árið 1950. Við hlið Skálholts stóð Eiríkshús, byggt árið 1926 af Eiríki Ásbjörnssyni og bjó hann þar ásamt konu sinni þar til í gosinu. Við hlið Eiríkshúss byggði Ingólfur, sonur Eiríks Ásbjörnssonar, hús sitt (Urðavegur 39). Síðar komu fleiri hús norðan við Urðaveginn til vestur með veginum. Á móti Skálholti á Urðavegi 44, bjó Sigurður Sigurðsson, Siggi múrari, í húsi sem var byggt rétt fyrir stríð. Við hliðina, á Urðavegi 42, bjuggu Þórður H. Gíslason meðhjálpari og Jónína kona hans í húsi sem var byggt árið 1935. Við Urðaveg 36 stóð húsið Skjaldbreið sem Sigurður Ingimundarson lét byggja á árunum 1908-9. Það var eitt af stóru timburhúsunum sem stóðu í austurbænum. Þar bjuggu að jafnaði margar fjölskyldur. Á nr. 38 bjó Kristinn slökkviliðsstjóri, sonur Sigurðar á Skjaldbreið, með sína fjölskyldu í húsi sem var frá eftirstríðsárunum. Vestan við Skjaldbreið var Hjálmholt, byggt 1910-12 og stækkað 1964. Þar bjó Bergur í Hjálmholti. Þar var gjarnan tvíbýli. Húsavík, byggt 1918, stóð við Urðaveg 28a. Það voru tvö gjörólík hús en alveg sambyggð og var þar tvíbýli. Næst komu Bergstaðir, nr. 24, byggt 1902-3. Miklu lengra náði ekki það svæði sem gat kallast leiksvæði okkar krakkanna í austasta hluta bæjarins. Þó verður að geta húsanna Fagurlystar sem Jóhann Þ. Jósefsson alþingismaður reisti árið 1913, stórt hús sem stóð hátt við Urðaveginn, og Hvols, sem einnig var stórt hús á móti Fagurlyst að ógleymdri sundlauginni í Miðhúsatúni.

Ég tel þessi hús upp hér til að sýna fram á að Hofið var byggt utan við megin byggðina upp af höfninni, milli hennar og Kirkjubæja. Þetta var einnig leiksvæði okkar krakkana í austurbænum og fórum við þau yngstu helst ekki vestur yfir Heimagötu nema nauðbeygð. Ég var að verða 11 ára þegar ég flutti frá Hofi.

Landagatan var leikvöllurinn. Þar fórum við í alla þá leiki sem börn léku þá, sto, slá bolta, horfinn, síðastaleik o.s.frv. Á einhverju tímabili voru hlaup mjög vinsæl. Hlupum við þá hring sem var stéttin á Hofi, Landagatan að sundi milli Akurs og Hrólfshúss, niður á Urðaveg og síðan aftur yfir stéttina á Hofi. Þennan hring, sem varla hefur verið meira en 200 metra vegalengd, hlupum við nokkrum tugum sinnum á kvöldi, kvöld eftir kvöld þegar vel viðraði. Það var rétt að tími var til að fara í kvöldmat og síðan var haldið áfram. Stundum lengdum við hlaupið niður alla Landagötuna, niður á Heimagötu, Heimatorgið og Urðaveginn til baka. Þá var leikvöllurinn Pétó mjög vinsæll. Þar réð Ágúst hennar Elínar á Löndum ríkjum, Gústi á Pétó. Klappirnar niður af Urðunum var líka vinsæll leikvöllur okkar.

Það voru ekki margir krakkar í þessum húsum á okkar aldri, bræðranna á Hofi. Leikfélagarnir og bestu vinir voru Guðrún og Sveinn Friðriksbörn í næsta húsi, Landagötu 23, Sigurður Hauksson í Vatnsdal, bræðurnir á Hólnum, Kristinn og Bergmundur Sigurðssynir, Óli Kristinn og Hallgrímur Tryggvasynir frá Gíslholti, áttu síðar heima í Grænuhlíð en voru leikfélagar á Landagötunni. Á Urðaveginum var Eiríkur Heiðar í Eiríkshúsi, systurnar í Eiríkshúsi Svana og Erna og Þórður Hallgríms var á Urðavegi 42 um tíma.

Bakkastígurinn var einnig í næsta nágrenni og þar voru bræðurnir á Gjábakka, Kjartan og Gísli en mikið fleiri krakkar voru ekki í nágrenninu. Á þessum árum, milli 1950 og 1960 var Bakkastígurinn að byggjast til suðurs og voru þar nokkrir krakkar í nýjum húsum, en um það leyti sem gatan byggðist var mín fjölskylda að flytja frá Hofi.

Fjölskyldan á Hofi

Afi minn, Þorlákur Sverrisson var fæddur í Klauf í Meðallandi og bjó fjölskylda hans á nokkrum stöðum í Meðallandi. Þorlákur kom að Skálmarbæjarhraunum í Álftaveri árið 1899 og hefur þá sennilega kynnst Sigríði Jónsdóttur, ömmu minni sem þá bjó í Skálmarbæ með sinni fjölskyldu. Er hann svo kominn í Skálmarbæ árið 1902.

Sigurður Hauksson og við bræðurnir.

Guðrún og Sveinn Friðriksbörn með okkur bræðrunum.

Sigríður og Þorlákur giftu sig það ár og eignuðust sitt fyrsta barn, Sigríði. Sonur þeirra, Óskar Jón, fæddist svo árið 1906. Þau Sigríður og Þorlákur bjuggu í Skálmarbæ til 1911 en fluttu þá til Víkur í Mýrdal og þar er móðir mín, Guðrún, fædd í húsinu Strönd í Vík árið 1920. Þorlákur gerðist kaupmaður í Vík árið 1915 og verslaði þar til 1925 þegar fjölskyldan flutti til Vestmannaeyja. Hann lærði ljósmyndun í Reykjavík veturinn 1913-1914 og kom aftur til Víkur eftir það og tók töluvert af myndum þar, en ekki í stúdíói eins og flestir ljósmyndarar, heldur tók hann myndir að mestu utan dyra. Þorlákur tók fyrstu ljósmyndir af Kötlugosinu 1918 og myndaði það á hverjum degi meðan gosið stóð yfir. Í tímaritinu Jökli, 71. árg. frá árinu 2021 má sjá myndirnar hans af gosinu sem Guðrún Larsen jarðfræðingur raðaði upp eftir tökudegi eins og hægt var og studdist við dagbækur Guðgeirs Jóhannssonar og skýrslu Gísla Sveinssonar í Vík við það verk.

Í Vík rak Þorlákur verslun í 14 ár.

Þegar Þorlákur og fjölskylda flutti til Eyja dvöldu þau fyrstu mánuðina á Stóru-Heiði hjá Guðríði Jónsdóttur og Guðjóni Jónssyni, en hann var seinni maður Guðríðar. Hún var áður gift Sigurði Sigurfinnssyni hreppstjóra, sem var faðir Einars Sigurðssonar útgerðarmanns. Þá hafði Kristján Linnet sýslumaður nýlokið við að byggja Tindastól og flutti sýslumannsembættið þangað en Hofið var þá falt. Þorlákur keypti það árið 1925 og greiddi þá hluta kaupverðs, kr. 5000, en kaupsamningur og veðbókarvottorð voru ekki gefin út fyrr en árið 1929 og yfirtók hann þá lán við Landsbankann, kr. 10.000, og viðlagasjóðslán sem hvíldi á húseigninni, kr. 2456. Eftirstöðvar, kr. 7043, átti hann að greiða á 15 árum. Gunnar Ólafsson kaupmaður virðist hafa ábyrgst greiðslur fyrir Þorlák en þeir voru miklir vinir frá árunum í Vík. Veð var tekið í húseigninni fyrir skuldinni, en umsamið kaupverð Hofsins var kr. 24.500. Húsið keypti Þorlákur af Ríkissjóði.

Þorlákur fór að versla í Eyjum árið 1925 í Vinaminni við Urðaveg. Hann fékk borgarabréf í Eyjum aðeins til fárra vikna í byrjun en borgarabréf var nauðsynlegt til að geta stofnað verslun. Verslun í Turninum hóf hann árið 1927 en Turninn byggði Þorlákur við Strandveg, hús á tveim hæðum. Hann vildi hafa opið fram eftir á kvöldin til að þeir sem unnu í krónum í kring gætu verslað eftir vinnu. Þar verslaði hann síðan til dauðadags árið 1943 og hafði á boðstólum allt það sem nauðsynlegt gat talist. Eitt af skilyrðum fyrir versluninni á þessum stað var þjónusta við sjómenn. Móðir mín minntist þess að hún fór með veðurspá sem hún skrifaði upp á miða eftir útvarpinu og voru settir upp í glugga Turnsins. Voru miðarnir mislitir, rauðir, gulir og hvítir, allt eftir veðri, og svipaði til veðurviðvarana í nútímanum.

Móðir mín, Guðrún Þorláksdóttir, við húsið Strönd í Vík þar sem fjölskyldan bjó og móðir mín fæddist.

Þorlákur, Sigríður og Guðrún í heyskap á Hofstúninu.

Sjöfn Bjarnadóttir og Sigríður amma mín á Hofi. Í baksýn er Hofið og Eiríkshús.

Stundum bárust afa Þorláki þessar upplýsingar í síma að heiman, en sími kom fljótt á Hof og útvarp líka.

Þorlákur lést á þjóðhátíðinni 1943 af völdum tréspíra sem fannst í sjóreknum kút.

Turninn var seldur eftir að Þorlákur lést og var ávallt rekinn á og við Strandveginn. Faðir minn, Einar H. Eiríksson, minntist 50 ára afmælis Turnsins í fróðlegri grein í Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja árið 1978.

Hof 1904 - að utan sem innan

Húsið byggði Magnús Jónsson sýslumaður sem íbúðarhús og sýsluskrifstofu. Svo virðist skv. gögnum sem ég hef undir höndum og birtast hér að húsið Hof í Vestmannaeyjum hafi verið byggt árið 1904 en ekki 1906 eða 1907 eins og oft sést á prenti. Það var byggt úr jörð Eystri-Gjábakka sem Karl Einarsson eignaðist seinna skv. veðbókarvottorði frá árinu 1916. Athyglisvert er að lán sem Magnús Jónsson tók vegna byggingarinnar kom úr Viðlagasjóði sem greinilega var til þá.

Besta lýsing á húsinu og fyrirkomulagi innan húss er í eftirriti af virðingu Hofsins nýbyggðu sem staðfest er af skrifstofu Vestmannaeyjasýslu 19. september 1904 og undirritað af Magnúsi Jónssyni sýslumanni. Öll mál hússins eru í álnum og skal þess því getið að alin er 62,77 cm. Hofinu er lýst þannig orðrétt og stafrétt í virðingarskjalinu:

„Árið 1904, föstudaginn 16. septembermánaðar vorum við undirritaðir eiðsvarnir húsavirðingarmenn í Vestmannaeyjasýslu, Sigurður hreppstjóri Sigurfinnsson og Gísli sýslunefndarmaður Lárusson, staddir í húsinu „Hofi", til þess eftir fyrirmælum Magnúsar sýslumanns Jónssonar að skoða og virða tjeða húseign hans, sem er nýbyggð til húsaákalls.

Fór virðingin fram þannig:

Íbúðarhúsið sem snýr í austur og vestur, er úr timbri og allt járnvarið utan (þ.e. þak, veggir og gaflar) er 16 álnir á lengd og 12 álnir á breidd með 7 álna háum veggjum. Undir húsinu er steinlímdur kjallari með 5 tveggja rúðu gluggum, sem tekur 2 álnir upp úr jörðu. Að innanmáli er hann 10 ¼ x 14 álnir. Stærð 3¼ álnir. Kjallarinn er þiljaður í sundur í fjögur herbergi og með steinlímdu gólfi. Steinlímd reykpípa er frá kjallaragólfi og uppí mænir. Í kjallaranum er 1 fastur stigi.

Á suðurvegg hússins eru 5 fjögurra rúðu gluggar. Á norðurvegg eru 2 fjögurra rúðu gluggar og einn áttarúðugluggi. Á austurgafli eru 2 stórir fjögurra rúðna gluggar og 1 lítill gluggi. Á vesturgafli eru 2 fjögurra rúðu gluggar og 3 litlir gluggar, forstofudyr með glugga, palli fyrir utan, stiga og grind.

Við norðurvegg hússins er 6 álna hátt anddyri með 3mur hurðum og 2mur gluggum, 3x3½ álnir að gólfflatarmáli, einar dyr þess leiða inn í kjallarann. Við anddyrið eru 2 pallar og 2 stigar með grindum. Á þaki hússins eru 2 járngluggar.

Undir lopti skiptist húsið í
a) eldhús, 6 x 55/8 álnir
b) búr, 55/8 x 17/8 álnir
c) forstofu, 55/8 x 2¼ álnir
d) skrifstofu, 55/8 x 4¾ álnir
e) skrautstofu, 55/ 8 x 5¼ álnir
f) borðstofu, 7 x 55/8 álnir
g) svefnherbergi 27/8 x 55/8 álnir
að gólfflatarmáli. Stærð undir loft í hverju herbergi fyrir sig 4¼ álnir. Herbergin eru öll þiljuð og máluð innan. Í stofunum d, e, f og g er pappi innan á þiljum og lofti. Upp á neðra loftið er 1 fastur stigi með grind og handriði.

Uppi á loftinu skiptist húsið í
a) gang, 2½ x 113/8 álnir
b) svefnherbergi, 6¾ x 57/8 álnir. Stærð 37/8 álnir,
c) hliðarherbergi 25/8 x 63/8 álnir. Stærð 37/8 álnir og út við vegg 2 álnir.
d) Annað hliðarherbergi jafnstórt
e) Svefnherbergi, 5¾ x 55/8 álnir. Stærð undir loft 37/8 álnir, út við vegg 2 álnir.
f) Annað svefnherbergi jafnstórt.
Öll þessi herbergi eru þiljuð og máluð og innan á þiljum og lofti í herberginu b) er pappi málaður. Uppi á skammbitaloftið er 1 fastur stigi með handriði. Af skammbitalofti og til mænis eru 2 ½ álnir. Lengd þess er 16 álnir, breidd 55/8 álnir.

Loft og milliþil öll í húsinu eru tvöföld. Veggir og gaflar hússins eru alls og allt áttfaldir með timbri, pappa og járni. Eldavél fylgir húsinu.

Húsið er virt 8.600 krónur.

Um leið skal þess getið að húsið stendur á afmældri lóð sem er ca 550 [] faðmar að flatarmáli austan við Eystri-Lönd og sunnan við Gjábakkatún og að því fylgir steinlímdur brunnur með steinlímdu loki, steinlímd áburðarsafngröf ásamt fleiri væntanlegum mannvirkjum, sem ekki er virt með húsinu, en getur allt orðið nokkuð yfir þúsund króna virði.

Var svo virðingu lokið.
Sigurður Sigurfinnsson ,
Gísli Lárusson
Samþykkur
Magnús Jónsson
Rétt eftirrit staðfest.
Skrifstofa Vestmannaeyjasýslu 19. sepbr. 1904
Magnús Jónsson

Í þessari virðingu er ekki getið um skipulag eða skiptingu kjallarans í herbergi. Skal bætt aðeins úr því hér, þó án mála.

Húsið skiptist í tvo hluta, norður- og suðurhluta með burðarvegg sem gekk alveg í gegnum húsið frá vestri til austurs. Sunnan megin í kjallaranum var íbúð sem leigð var út. Hún skiptist í stofu austast, eldhús og svefnherbergi. Í norðurhluta kjallarans var stórt herbergi austan megin sem var þvottahús, gangur var frá kjallaratröppum og að íbúðinni og vestan megin við ganginn var stór geymsla. Þar kenndi margra grasa og var gaman að koma þangað og skoða alls kyns dót. Þarna voru líka skíðasleðar og magasleðar okkar bræðranna geymdir. Kringum 1953-4 var gert klósett í kjallaranum, í parti af þvottahúsinu, og þurftu íbúar þá ekki lengur að fara á útikamar sem mig rámar í að hafa notað og stóð á stéttinni austan og norðan við húsið. Ég man ekki eftir neinu baðherbergi í húsinu. Þvottahúsið getur hafa verið notað til baða.

Sambyggð við húsið austanvert var löng og mjó geymsla og úr henni var innangengt í hlöðuna sem var sambyggð geymslunni. Austan við hlöðuna var lítill skúr, sem notaður var sem geymsla þar sem m.a. þjóðhátíðartjöld fjölskyldunnar voru geymd en þar var áður hænsnakofi. Reyndar var hænsnakofi við jarðhýsi sem byggt var inn í lítinn hól rétt austan við húsið. Þar var líka kartöflugarður. Þar man ég eftir að slor var sett í garðinn til áburðar þar sem það lá í nokkrar vikur. Það var síðan pælt niður áður en kartöflurnar voru settar niður í garðinn

Á Hofi voru skepnur, kýr og einhverjar kindur, en það var fyrir mitt minni, en hænur voru þar enn þegar ég fæddist og rámar mig í það þegar þær voru hálshöggnar í lokin og við fengum hænur í matinn sem varla þótti mannamatur í þá daga.

Fram kemur í virðingarskjalinu að áburðarsafngröf hafi verið í túninu og fylgt húsinu. Það held ég að sé fínna orð yfir skítafor eins og við kölluðum hana, krakkarnir. Það þótti hætta á að við krakkarnir fær-

Sigurður Sigurfinnsson
Sigurður Sigurfinnsson (1851-1916) var hreppstjóri í Vestmannaeyjum og áhrifamikill í atvinnulífi og félagsmálum Eyjanna. Hann var sjómaður og útgerðarmaður og bjó fyrst í Görðum við Kirkjubæi og síðast á Litlu-Heiði. Hann kom að mörgum framfaramálum í Vestmannaeyjum svo sem stofnun kaupfélags og bátaábyrgðarfélags. Sigurður var tvígiftur og meðal barna hans voru hálfbræðurnir Högni Sigurðsson í Vatnsdal og Einar Sigurðsson athafnamaður í Vestmannaeyjum og Reykjavík. Þegar Þorlákur afi kom fyrst til Eyja fékk hann inni hjá ekkju Sigurðar á Stóru-Heiði.

Gísli Lárusson
Gísli Lárusson (1865-1935) var sjómaður, útgerðarmaður og gullsmiður í Vestmannaeyjum. Hann var mjög fróður um dýralíf Eyjanna og skráði örnefni í Eyjum sem aðrir hafa nýtt, m.a. Þorkell Jóhannesson sem gaf út bókina Örnefni í Vestmannaeyjum. Gísli átti sæti í hreppsnefnd og sýslunefnd og tók þátt í ýmsum framfaramálum í Eyjum. Hann bjó í Stakkagerði.

Magnús Ísleifsson
Magnús Ísleifsson (1875-1949) var fæddur á Kanastöðum í Landeyjum 8. ágúst 1875. Hann kom til Vestmannaeyja ungur maður um aldamótin og lauk trésmíðanámi í Eyjum. Hann var vinsæll trésmiður og kom að smíði margra húsa í Vestmannaeyjum. Auk Hofsins byggði hann m.a. Borg og Bólstaðarhlíð. Eitt hans fyrsta verk var endursmíði Landakirkju innanstokks árið 1903. Hann kom einnig að byggingu barnaskólans og rafstöðvarhússins við Kirkjuveg auk þess sem hann gerði við báta eftir skemmdir á sjó. Magnús bjó í London við Miðstræti með fjölskyldu sinni, en hann og kona hans Herdís Magnússína Guðmundsdóttir, áttu 5 börn sem öll komust upp. Síðustu árin þjáði hann heilsuleysi og hann lést í Reykjavík 25. ágúst 1949. Magnús var jarðsettur í Vestmannaeyjum.

um okkur að voða í forinni og var hún síðar fyllt. Í minnum var haft þegar strákur frá Ameríku, Sig Rogich, gestkomandi hjá frændfólki í Nýja-Skálholti, datt í forina þegar hann, Andri Hrólfsson, Borgþór Pálsson (Bokki á Hofi) og kannski fleiri peyjar léku sér þar, en Hrólfur Ingólfsson var sóttur til að draga hann upp aftur. Sig Rogich varð síðar sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi og heimsótti þá Eyjarnar.

Húsið Hof var byggt ofan á hlaðinn kjallaragrunn. Voru veggir kjallarans sérlega þykkir og var mikil steypa á milli steinanna. Yfirsmiður var Magnús Ísleifsson í London og var þetta fyrsta húsið sem Magnús sá um smíði á, en hann hafði áður séð um viðgerð á Landakirkju.

Magnús Jónsson sýslumaður var fæddur 27. desember 1865 í Laugabóli við Ísafjarðardjúp. Hann nam lög við Kaupmannahafnarháskóla og útskrifaðist þaðan árið 1894. Hann var settur sýslumaður í Eyjum árið 1896 og skipaður sama ár. Magnús gegndi því starfi þar til hann varð sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarstjóri í Hafnarfirði 1. apríl 1909 til 1930. Meðan Magnús var í Eyjum lét hann félagsmál sig miklu varða. Magnús lést í Reykjavík árið 1947.

Karl Einarsson tók við sýslumannsembættinu af Magnúsi Jónssyni árið 1909 og flutti inn í Hof árið 1910 þegar hann tók formlega við embættinu og bjó þar til 1924. Frá upphafi var Hof aðsetur sýslumanns en eftir að Vestmannaeyjar fengu kaupstaðarréttindi 1918 var Hof aðsetur bæjarfógeta, sem jafnframt var bæjarstjóri, til ársins 1924, en þá var aðsetur bæjarfógeta flutt að Tindastóli þegar Kristján Linnet tók við bæjarfógetaembættinu. Karl bjó á Hofi til 1924 eða þar til embættið var flutt í Tindastól. Embættið var þar eftir það í áratugi.

Áður en Karl Einarsson kom til Vestmannaeyja var hann settur sýslumaður í Rangárvallasýslu 1904 og sýslumaður í Skaftafellssýslu 1904-1905. Hann var aðstoðarmaður í Fjármálaráðuneytinu frá 1906 þangað til hann fór til Vestmannaeyja árið 1910. Hann var sýslumaður í Eyjum árin 1910-24, en frá 1918-24 gegndi hann einnig embætti bæjarstjóra þar til bæjarstjóri var ráðinn. Karl var einnig alþingismaður Vestmannaeyja 1914-1923. Karl mun hafa orðið gjaldþrota um það leyti sem hann flutti frá Vestmannaeyjum. Hann tók aftur til starfa í Fjármálaráðuneytinu og var þar til 1952. Karl fæddist árið 1872 í Eiðaþinghá og lést árið 1970 í Reykjavík.

Afi Þorlákur skrifað Kristjáni Linnet bæjarfógeta bréf í apríl 1926 þar sem hann var ekki ánægður með að „forstjóri gúanó Heklu [lætur] rífa niður girðingar og klippa í sundur á 10 faðma svæði og keirir bein í túnið. Þessu kann jeg illa hef bannað þessar hriðju aðfarir þeirra á friðað land, enn hann seyist gjöra þettað í yðar leifi og gjet jeg ekki trúað því, þarsem þjer voruð búnir að tilkynna mér að ég mætti fá túnin, lít ég svo á að þetta sje ofbeldisverk af forstjóra Heklu þarsem ég hef heirt að hún geti fengið nó land inn á Brimhólum fyrir bein." Fór hann fram á að girðingar yrðu settar upp aftur svo „túnin standi ekki full af hrossum bæjarins dag og nótt". Í svari fógeta virðist hann kannski hafa lofað upp í ermina á sér og segist hafa leigt Heklu móann (hólinn) fyrst um sinn. Segir hann það land ætlað til bygginga eins og túnin vestan við Hof. „Með tilliti til þessa megið þjer girða túnið á móti móanum (austurmerki túnsins) ef þjer viljið kosta verkið, jeg efnið." Svarið var handskrifað aftan á bréf Þorláks. Nákvæmlega hvar „móinn" var er ég ekki viss, en tveir hólar voru í túninu, annars vegar þar sem hænsnakofinn var og hins vegar litlu austar þar sem vatnstankur hermannanna var og finnst mér það líklegri staður.

Eigendasaga og hvaða fólk hefur búið í því fram að gosi

Eftir að aðsetur bæjarfógeta var flutt frá Hofi og Þorlákur Sverrisson og kona hans Sigríður Jónsdóttir, keyptu húsið bjó sú fjölskylda þar allt fram til ársins 1961, þegar ekkjan ásamt Guðrúnu dóttur sinni og Einari Hauki Eiríkssyni manni hennar og tveim sonum þeirra, Eiríki Þór og Óskari Sigurði fluttu í nýbyggt hús sitt að Fjólugötu 5.

Ég man vel eftir mér á Hofi, en nokkuð brotakenndar eru samt minningarnar þaðan. Mitt herbergi var í risinu, norðan megin og var þar lítill gluggi. Herbergið var inn af svefnherbergi foreldra minna þar sem Óskar bróðir minn svaf líka. Mér fannst gott að vera í húsinu.

Önnur minning úr herberginu mínu var þegar ég vaknaði snemma morguns. Þá heyrði ég Ingólf í Eiríkshúsi setja Dodsinn, lítinn vörubíl, í gang á hlaðinu og ók svo niður á Básaskersbryggju þar sem hús Emmunnar voru. Logn var úti og svo mjög hljótt að ég reyndi að geta mér þess til hvað Ingólfur væri kominn langt þegar ég hætti að heyra í bílnum. Vísast hefur hann verið kominn þá niður á Heimatorg.

Einhvern tíma hafði villiköttur átt kettlinga í hlöðunni, en það var hægt að komast á milli geymslunnar og hlöðunnar í gegnum lítið op. Einn kettlingurinn kom yfir í geymsluna og mér tókst að hæna hann að mér og fór venjulega beint út í geymslu þegar ég kom heim úr skólanum til að vitja um kettlinginn. Eitt sinn reyndi ég að fara með hann inn, en hann stökk úr fanginu á mér og beint aftur út í geymslu. Hann endaði svo líf sitt eitt sinn meðan ég var í skólanum þannig að hann festist sig á öngli á færinu mínu sem stóð upp við vegg í geymslunni. Hafði hann verið að leika sér við spottann sem lafði niður og fest sig á önglinum og var ekki hægt að losa hann. Mamma kallaði til Óla Fúsa í Gíslholti sem kom með kindabyssu og aflífaði greyið. Það var mikil sorg að frétta þetta þegar ég kom heim úr skólanum.

Oft kemur upp í hugann vetrarmynd frá Hofi, norðan vindur gnauðar fyrir utan húsið en vindur datt oft alveg niður og rauk svo upp aftur og í rokunum brakaði og brast í húsinu. Þá var þægilegt að vera inni.

Ég held að innanstokks haf aldrei verið neinu breytt. Ég man þó eftir að inn af eldhúsinu var búr, sem var tekið niður og rýmið opnað inn í eldhúsið. Þá kom ísskápur í húsið í fyrsta skipti. Þann ísskáp áttu foreldrar mínir allan sinn búskapartíma.

Á Hofi hafa einnig búið Páll Eydal Jónsson og fjölskylda í kjallaranum, í risinu Sigríður Þorláksdóttir eldri dóttir Þorláks og Sigríðar ásamt manni sínum, Bjarna Guðjónssyni og tveim börnum, Sverri og Sjöfn, og síðar sonur Sigríðar, Sverrir Bjarnason ásamt konu sinni Inger Bjarnason þar til þau fluttu í nýbyggt hús við Urðaveg (þau skildu síðar), Friðrik Welding, Magnús Jónsson sjómaður í kjallaranum á eftir Páli Eydal. Gylfi Sigurjónsson og kona hans Lilja Þorsteinsdóttir leigðu í kjallaranum á Hofi um tíma.

Einar Örn Stefánsson man eftir sér á Hofi og segir svo frá:

„Hjónin Birgir R. Ólafsson og Þóra Runólfsdóttir, móðursystir mín, keyptu Hof árið 1960. Þóra var Vestmannaeyingur, dóttir hjónanna á Hilmisgötu 7, Runólfs Jóhannssonar og Kristínar Skaptadóttur. Birgir var Hafnfirðingur, en þau Þóra höfðu áður búið í nokkur ár í Reykjavík og Kópavogi. Sonur þeirra er Ingólfur Birgisson.

Fjölskylda mín, þ.e. Gréta Runólfsdóttir móðir mín og við bræðurnir, Einar Örn, Orri og Kristinn, fluttum til Eyja haustið 1964.

Gréta keypti efri hæðina (risið) á Hofi af Birgi og Þóru, en þau bjuggu á neðri hæðinni og munu hafa leigt risið út frá 1960 til 1964. Ekki veit ég með fullri vissu um fólkið sem bjó þar á þessum árum, en þó veit ég að Reynir Sigurðsson og systir hans, Sigfríður Sigurðardóttir (Siffa), sem er gift Kjartani Mássyni, bjuggu þar á undan okkur.

Við fluttum frá Eyjum aftur til Reykjavíkur haustið 1971, eftir 7 ára búsetu á Hofi. Birgir og Þóra fluttu með Ingólf son sinn til Reykjavíkur um svipað leyti og við, e.t.v. nokkru fyrr."

Hjónin Gísli Valur Einarsson og Björg Guðjónsdóttir og börn þeirra Guðjón Þór, Helga Dís og Gylfi Rafn bjuggu í húsinu þegar byrjaði að gjósa 23. janúar 1973. Einnig bjuggu þá í húsinu Gylfi Viðar Kristjánsson, Lárus K. Árnason og einnig bjó Pálína Gunnlaugsdóttir þar ásamt börnum sínum, Svani Ólafssyni og Jóhönnu Bjarnheiði Ólafsdóttur.

Hof, Skálholt og vestasti verkamannabústaðurinn við Urðaveg.

Hof .

Landagata 21, 23 og 25.

Örn Arnarson skáld á Hofi

Þegar Karl Einarsson sýslumaður bjó á Hofi var sýsluskrifari hans hið merka skáld Magnús Stefánsson (Örn Arnarson), og bjó hann í norðurherbergi á Hofi. Magnús var fæddur 12. desember 1884 á Langanesströnd og stundaði nám, sjómennsku og kaupavinnu á æskuslóðum fram yfir tvítugt. Magnús flutti til Vestmannaeyja árið 1911 og stundaði þar skrifstofu- og verslunarstörf fram til ársins 1919, er hann flutti til Hafnarfjarðar, þar sem hann bjó eftir það. Magnús hafði augljóslega tengst Eyjunum traustum böndum því ári seinna var hann varamaður í knattspyrnuliði Eyjamanna, sem tók þátt í Íslandsmóti öðru sinni árið 1920. Í Eyjum orti Magnús mikið, m.a. ljóð, sem síðar urðu og eru enn fleyg á meðal Eyjaskeggja, s.s. „Manstu okkar fyrsta fund". Það var þó ekki fyrr en Magnús var farinn úr Eyjum, að kvæði eftir hann birtust í auknum mæli í blöðum og tímaritum, og hans höfuðverk, Illgresi, kom út árið 1924. Magnús lést í Hafnarfirði 25. júlí 1942.

Endalokin

Síðustu spýturnar úr Hofinu sjáanlegar í öskuhrúgunni fyrir framan Skálholt. Bakkastígur í baksýn

Í gosinu 1973 stóð Hofið lengi upp úr öskuskaflinum ásamt húsunum í kring, en þegar hraunið nálgaðist verkamannabústaðina var farið að huga að varnargarði til að reyna að stöðva hraunið við Elliheimilið Skálholt, og var húsinu þá ýtt upp í varnargarðinn og hvarf það þar með af yfirborði jarðar. Í nokkra daga sást spýtnabrak upp úr öskuhrúgunni, en undir miðjan mars gerði hraunið mikið áhlaup og hurfu þá síðustu leifar Hofsins undir hraun í gosinu 1973.

Lokaorð

Ég vil þakka Helga Bernódussyni fyrir að hvetja mig til að taka saman sögu Hofsins svo langt sem hún nær. Hann las einnig handritið og leiðrétti og endurbætti það. Einnig vil ég þakka Arnari Sigurmundssyni fyrir hans þátt í því að þessi greinarstúfur birtist hér. Einari Erni Stefánssyni þakka ég einnig hans hlut í sögunni.

Heimildir eru ekki margar um Hofið en ég hef ritað þetta eftir minni og nokkrum gögnum frá Þorláki afa sem varðveist hafa. Faðir minn, Einar Haukur Eiríksson hélt ýmsu til haga sem kom nú í góðar þarfir.

Aðrar heimildir eru tilgreindar í meginmáli.

Útsýnið frá Hofstúni yfir á Vatnsdalstún og Vilborgarstaðabæina. Girðingin er í kringum kartöflugarðinn og kofinn var hænsnakofi. Til hægri næst á myndinni er sennilega einhvers konar dæla sem stóð ofan á skítaforinni sem var neðan við Hofshúsin. Yfir kofann ber vatnstankann við himin en herinn byggði hann á stríðsárunum. Til vinstri ber þurrkhúsið í Bjarnarey.

Jón Helgason frá Seglbúðum:

Haraldur Bjarnfreðsson og árásin á Bisp 1940

Haraldur Bjarnfreðsson var einn þriggja Íslendinga sem fórust þegar Þjóðverjar skutu niður norska flutningaskipið Bisp í janúar 1940. Þeir voru allir búsettir í Vestmannaeyjum, en Haraldur var ættaður frá Meðallandi, fæddur á Efri-Steinsmýri en alinn upp í Seglbúðum í Landbroti. Hér segir frá Haraldi og fólkinu hans.

Haraldur Bjarnfreðsson var fæddur á Efri-Steinsmýri í Meðallandi 23. des. 1917, sonur Ingibjargar Sigurbergsdóttur og Bjarnfreðs Ingimundarsonar sem hófu þar búskap árið 1913 á einu af fjórum býlum á þeirri jörð, nyrst og efst í þeirri sveit.

Móðirin Ingibjörg

Ingibjörg var fædd í Fjósakoti í Meðallandi 3. nóv. 1893. Þar voru foreldrar hennar, Sigurbergur Einarsson og Árný Eiríksdóttir, þá orðin einu ábúendurnir, en þeir voru fjórir áður. Þegar þau fluttu þaðan vegna sandfoks árið 1909 fór jörðin í eyði. Á síðari hluta 20. aldar var reist þar nýbýli með nafninu Sandhóll. Nú býr á þeim bæ Örn Karlsson og vinnur að nokkur hundruð hektara ræktun á korni og repju með góðum árangri.

Sigurbergur og Árný fór frá Fjósakoti að Háu-Kotey með einhver barna sinna. Eftir Kötlugosið 1918 fóru hjónin ein í húsmennsku að Syðri-Fljótum þar sem Sigurbergur var m.a. ferjumaður yfir Eldvatn í 16 ár. Að lokum fluttu þau árið 1937 út í Ölfus en þar bjuggu sum af 13 börnum þeirra þá.

Árið 1910 giftist Gíslrún Sigurbergsdóttir, systir Ingibjargar, Einari Sigurfinnssyni og bjuggu þau eitt ár á Syðri-Steinsmýri, en fluttust síðan að Efri-Steinsmýri. Fór Ingibjörg þá einnig þangað til systur sinnar og mágs.

Faðirinn Bjarnfreður

Bjarnfreður Ingimundarson var fæddur 1889 á Syðri-Steinsmýri. Hann var skýr maður og átti auðvelt með að koma fyrir sig orði. Því voru honum ungum að árum falin trúnaðarstörf fyrir sveitarfélag sitt. Hann var lengi fulltrúi Meðallendinga í sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu og stóð m.a. ásamt mörgum fleiri að stofnun hlutafélags sem lét smíða flutningaskipið Skaftfelling úti í Danmörku árin 1917-18. Þar lagði Bjarnfreður sitt lóð á vogarskálina.

Bjarnfreður var líka glöggskyggn á íslenska náttúru en horfði ef til vill meira á hana frá sjónarhorni vísindamannsins en bóndans sem þurfti að heyja þrotlaust stríð til að sjá sér og sínum farborða.

Haraldur Bjarnfreðsson, f. 1917 á Efri-Steinsmýri í Meðallandi, alinn upp í Seglbúðum í Landbroti (næstu sveit). Hann var sjómaður í Vestmannaeyjum og réð sig á norska skipið Bisp í nóv. 1939, en það var skotið niður tveim mánuðum síðar.

Bjarnfreður Ingimundarson, faðir Haralds, bóndi og fræðimaður á Efri-Steinsmýri. Hann var sagður sonarsonur „Kafteins Kohls", sýslumanns í Vestmannaeyjum.

Ingibjörg Sigurbergsdóttir, bústýra á Efri-Steinsmýri, móðir Haralds. Hún ól 20 börn og bjó í sárust fátækt. Hún var móðursystir Sigurbjörns biskup og líka Einars rakara Þorsteinssonar.

Föðuramma Sigurveig

Sigurveig Vigfúsdóttir, móðir Bjarnfreðs, var fædd í Norðurhjáleigu í Álftaveri 1862. Hún ólst fyrst upp með móður sinni en var síðan niðursetningur og vinnukona á nokkrum bæjum í Álftaveri og Meðallandi. Hún var í Vestmannaeyjum 1883-89. Þar eignaðist hún soninn Konráð með Ingimundi, sem nefndur var Árnason, en í Lífssögu Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur kemur fram að Ingimundur var sonur „Kapteins von Kohl" frá Borgundarhólmi en hann var skipaður sýslumaður í Vestmannaeyjum um 1853 og hélt því embætti til dauðadags 1860.

Þegar Sigurveig átti von á öðru barni í Vestmannaeyjum sendu yfirvöld þar hana nauðuga í sína heimasveit þar sem hún var skráð vinnukona á einu af mörgum heimilum á Steinsmýri árið 1889. Þann 12. september 1889 eignaðist hún þar Bjarnfreð Ingimundarson. Sigurveig hafði þá engar aðstæður til að framfleyta þessu nýfædda barni og fékk það í hendur fullorðnum hjónum á Steinsmýri. Á Efri-Steinsmýri voru fimm ábúendur þegar Bjarnfreður ólst þar upp „við mikið ástríki fóstra síns, en lítinn aga. Hann þótti ákaflega skemmtilegur ungur maður. Og það fór líka mikið orð af því hvað hann þætti gáfaður" segir Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir í ævisögu sinni.

> *Þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður, sem íbúar í Meðallandi þurftu að glíma við á 19. öld, var margt ungt dugnaðarfólk að alast þar upp um aldamótin 1900. Það var staðráðið í að láta ekki erfiðleikana buga sig, heldur sækja fram til sigurs og lét verkin tala.*

Fátækt og basl í Meðallandi, en vonarhugur í ungu fólki

Þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður, sem íbúar í Meðallandi þurftu að glíma við á 19. öld, var margt ungt dugnaðarfólk að alast þar upp um aldamótin 1900. Það var staðráðið í að láta ekki erfiðleikana buga sig, heldur sækja fram til sigurs og lét verkin tala. Urðu Einar Sigurfinnsson og Gíslrún, kona hans, þar fljótt í fararbroddi.

Eftir Skaftárelda 1783 skiptir Eldvatnið Meðallandi í tvennt. Varð það íbúum á Steinsmýri erfiður farartálmi, m.a. fyrir sameiginleg fundarhöld, áður en dragferja og síðan brú kom yfir það hjá Syðri-Fljótum. Þess vegna stofnuðu tólf ungir menn, undir forystu þeirra hjóna, Gíslrúnar og Einars, félagið Skjaldborg fyrir Steinsmýrarbæina ofan Eldvatns. Hélt það mánaðarlega fundi og kom m.a. á laggirnar bókasafni. Um það segir í ævisögu Sigurbjarnar Einarssonar: „Vitnar fátt betur um félagslyndi og menningaráhuga þessa einangraða sveitafólks við hinar erfiðustu aðstæður fámennis og fásinnis en þetta framtak bændanna." Bjarnfreður var einn Skjaldborgarfélaganna.

En þá kom reiðarslag yfir þetta fámenna samfélag. Þeim Gíslrúnu

Árásin á Bisp í janúar 1940

Norska flutningaskipið Bisp, sem þýskur kafbátur grandaði 23. janúar 1940, var smíðað í Englandi 1889. Það var rétt tæp 1000 tonn að stærð með gufuvél. Það var í eigu Norðmanna frá 1913, síðast skráð í Haugasundi.

Bisp kom nokkuð við sögu hér á landi því að ríkissjóður leigði það til flutninga í fyrri heimstyrjöld og það var síðar oft í fiskflutningum til og frá landinu, svo og í strandferðum, en sigldi annars um heimsins höf eins og önnur fraktskip, einkum um Miðjarðarhaf en komst líka til Norður- og Suður-Ameríku, svo og Nýfundnalands. Skipið var gamaldags kláfur, engin raflýsing var um borð og brúin var opin með skjólsegli fyrir framan, sem sagt ekkert stýrishús og því gekk sjór yfir menn í brúnni. Ganghraði þess var fremur lítill.

Nokkrir Íslendingar, þar á meðal Vestmanneyingar, voru skipverjar á Bisp. T.d. réðst Hannes Tómasson frá Höfn á Bisp og var þar 1936-39 ásamt Skarphéðni Vilmundarsyni, síðar flugvallarstjóra, a.m.k. um tíma.

Hinn 12. nóvember 1939, þegar síðari heimstyrjöldin var hafin með innrás Þjóðverja og Rússa í Pólland, var Bisp í Vestmannaeyjum. Fór Hannes þá í land en þrír menn úr Eyjum voru skráðir á skipið, Þórarinn Sigurður Thorlacíus Magnússon frá Langa-Hvammi, kvæntur og tveggja barna faðir, Guðmundur Eiríksson sjómaður frá Dvergasteini, átti eitt barn, og Haraldur Bjarnfreðsson sjómaður sem var frá Seglbúðum í Landbroti en fæddur á Efri-Steinsmýri í Meðallandi.

Bisp, norska flutningskipið sem Haraldur og tveir aðrir sjómenn úr Vestmannaeyjum réðu sig á í nóv. 1939. Það var skotið niður í jan. 1940. Bisp var gamall og ganglítill dallur, en notað lengi því að skortur var á skipum til flutninga.

Vitað er að Bisp kom í skipalest frá Noregi til Sunderland við austurströnd Englands á aðfangadag 1939, en Þjóðverjar höfðu þá sett hafnbann á Bretland. Hinn 20. jan. 1940 hélt Bisp einskipa með kolafarm áleiðis frá Sunderland (eða Southend) til Åndalsnes í Noregi (skammt frá Álasundi). Þegar það var statt á miðjum Norðursjó, um 100 sjómílur suðaustur af Hjaltlandseyjum (Shetlandseyjum), gerði þýski kafbáturinn U18 tundurskeytaárás á skipið kl. 7 um morguninn og hæfði það við brúna stjórnborðsmegin. Sökk Bisp þá á innan við mínútu. Öll áhöfn á Bisp, 14 manns, fórst og þar á meðal Íslendingarnir þrír sem komu um borð í Vestmannaeyjum rúmum tveim mánuðum áður. Voru þeir fyrstu Íslendingarnir sem týndu lífi í þeim hildarleik sem hafinn var og stóð í sex ár. Hann kostaði nokkuð á þriðja hundrað íslenskra sjómanna lífið.

Þýska kafbátnum stjórnaði Ernst Mengersen sjóliðsforingi (d. 1995) en hann mun hafa grandað 12 farskipum og einu herskipi í stríðinu. Skipstjórinn á Bisp var Rolf Kvilhaug, 35 ára sonur eigandans, en bróðir hans var enn fremur um borð.

Ekkert samband var við skipið á síðustu ferð þess frá Englandi en farið var að óttast um afdrif þess er það kom ekki til Noregs á tilsettum tíma. Var það svo talið af um miðjan febrúar 1940 og helst haldið að það hefði siglt á tundurdufl. Það var fyrst löngu eftir að stríði lauk að traust vitneskja fékkst um örlög skips og skipverja.

Ýmsar heimildir eru um árásina á Bisp þótt enginn hafi orðið sjónarvottur að henni nema áhöfn þýska kafbátsins. Auk blaðafregna á sínum tíma er grein Kjartans Bergsteinssonar á Múla í Sjómannadagsblaðinu 2012 merkust, en einnig má nefna grein Ólafs Sigurðssonar sjómanns í Eyjafréttum í maí 2012, svo og afar gott viðtal í Fylki 2017 við Önnu Halldórsdóttur á Eystri-Gjábakka, ekkju Þórarins Th. Magnússonar sem fórst er Bisp var sökkt. Í Heima er best er viðtal við Hannes Tómasson í Höfn, m.a. um vistina á Bisp þegar hann var þar um borð í þrjú ár.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir getur þess í æviminningum sínum að foreldrar hennar hafi fengið greidda „háa líftryggingu" eftir Harald, son sinn, og hafi hún rífkað verulega bágan fjárhag þeirra.

– HBern.

Landbrot og Meðalland eru sveitir við suðaustur-ströndina, suður af Kirkjubæjarklaustri. Í eldgosinu 1783 (Lakagígar) rann hraun yfir efsta hluta Meðallands og þá myndaðist Eldvatn, nýtt fljót, sem rennur til austurs (ofan við bæina Langholt og Lynga).

og Einari fæddist sonurinn Sigurbjörn sumarið sem þau fluttust að Efri-Steinsmýri. Hinn 3. des. 1912 fæddist þeim annar sonur sem skyldi skírður á þriðja dag jóla. Á annan jóladag var Gíslrún því að steikja kleinur, en þá kviknaði í feitarpottinum. Einar greip þá Sigurbjörn, en Gíslrún vöggubarnið og hlupu þau til nágrannans. Synirnir og Einar sluppu óskaddaðir, en það kviknaði í fötum Gíslrúnar sem brenndist svo illa að hún dó eftir fáa daga. Synirnir fóru strax að Háu- og Lágu-Kotey til afa þeirra og ömmu og síðan faðir þeirra einnig um vorið 1913. Bjarnfreður Ingimundarson fékk þá jörðina þar sem Einar hafði búið, á Efri-Steinsmýri, og Ingibjörg Sigurbergsdóttir varð þar bústýra hans.

Óvenjuleg ómegð: 20 börn á 29 árum

Þau Ingibjörg og Bjarnfreður eignuðust fyrsta barn sitt, Björn, sumarið sem þau byrjuðu búskap, árið 1913. Á næstu tveimur árum fæddust þeim þau Vilborg og Sigurbergur. Bæði Björn og Bergur ólust upp í foreldrahúsum en munu hafa eftir fermingu fetað í fótspor margra ungra manna í Meðallandi á þeim árum og farið á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum þar sem, þegar þar fiskaðist, var hægt að fá vinnu við sjóróðra og fiskvinnslu. Vertíðirnar reyndust samt misjafnlega fengsælar og þá um leið ávinningurinn fyrir heimilin þegar heim var komið. Vilborg var heima fram yfir fermingu en varð þá vinnukona á nokkrum bæjum í sveitinni áður en hún flutti til Reykjavíkur og síðar að Stokkseyri.

Haraldur var fjórða barn þeirra hjóna, fæddur hinn 23. des. 1917, í byrjun hins mikla frostavetrar með þeim harðindum sem honum fylgdu.

Í Vestur-Skaftafellssýslu kom síðan stórt Kötlugos haustið eftir með þeim gífurlegu erfiðleikum og tjóni sem það hafði í för með sér fyrir byggðarlagið og hafði mikil áhrif næstu árin.

En börnin héldu áfram að fæðast árlega á Efri-Steinsmýri. Guðjón fæddist 1919. Hann var hjá foreldrum sínum til 1922 en fór þá í Hlíð þar sem móðir hans hafði áður alist upp. Lárus fæddist 1920 og var á Efri-Steinsmýri til 1929 en fór þá að Syðri-Fljótum þar sem Árný og Sigurbergur, amma og afi, voru líka.

Aðalheiður fæddist 1921 og átti lögheimili í heimahúsum til 1945. Hún varð þjóðkunn fyrir þrumuræðu sína á 25 þúsund kvenna útifundi á kvennafrídegi 24. okt. 1975. Síðar var hún alþingismaður 1987-1991.

Jóhanna fæddist á þriðja í jólum árið 1922. Nágrannar hennar á Efri-Steinsmýri, Jóhanna Einarsdóttir og Þorsteinn Pálsson, sem voru þar í húsmennsku, tóku hana í fóstur á fyrsta ári. Einar, eldri sonur hjónanna, annaðist hana einnig. Þegar gömlu hjónin dóu með stuttu millibili árið 1931 fór Einar í vinnumennsku til frænda síns, Þórarins Helgasonar, bónda í Þykkvabæ efri í Landbroti, og Halldóru Eyjólfsdóttur, konu hans. Þar ólst Jóhanna upp eins og þeirra barn og barnaskólinn var á hlaðinu, en árið 1940 fór hún til Reykjavíkur og giftist þar.

Níunda barn Ingibjargar og Bjarnfreðs var Ólöf, fædd 1924, alla tíð sjúklingur, og eftir það fæddust Ingibjörg 1925, Eygerður 1927,

Gamli bærinn í Seglbúðum í Landbroti þar sem Haraldur ólst upp.

> *Bæði Björn og Bergur ólust upp í foreldrahúsum en munu hafa eftir fermingu fetað í fótspor margra ungra manna í Meðallandi á þeim árum og farið á vetrarvertíð í Vestmannaeyjum þar sem, þegar þar fiskaðist, var hægt að fá vinnu við sjóróðra og fiskvinnslu.*



Helgi Jónsson, bóndi í Seglbúðum, fóstri Haralds.



Magnús Bjarnfreðsson, sjónvarpsmaðurinn kunni, var bróðir Haralds. Magnús var alinn upp í Efri-Vík í Landbroti. Fóstri hans (Páll) og fóstra Haralds (Gyðríður) voru systkini.

Fósturbróðir Haralds og fóstra: Jón Helgason, nýorðinn bóndi í Seglbúðum, og móðir hans, Gyðríður Pálsdóttir.

Efri-Steinsmýri í Meðallandi og fólkið þar

Meðallandið er afskekkt sveit við suð-austurströnd landsins milli Kúðafljóts og Skaftár. Þangað er um rúmur klukkustundarakstur frá Vík í Mýrdal sé farið yfir Skeiðarársand, um Kirkjubæjarklaustur og suður Landbrot. Móts við Meðalland, vestan Kúðafljóts, er Álftaver og þar yfir fljótið lá gamli þjóðvegurinn fyrr á öldum. Áður var ótrúlega fjölmenn byggð í Meðallandi, um 400 manns, þrátt fyrir naum landgæði og ægilegt sandfok. Síðan hefur fólki fækkað og nú búa þar einungis fáeinir tugir manna. Blómlegasta býlið er Sandhóll (áður Fjósakot) þar sem Örn Karlsson elur hundruð nautgripa og ræktar stóra akra með repju og höfrum af miklum stórhug.

Skaftáreldar 1783 léku Meðalland hart og hraun rann yfir nyrstu bæi í sveitinni, m.a. kirkjustaðinn í Hólmaseli. Í gosinu myndaðist nýtt fljót meðfram hraunjaðrinum, Eldvatn, sem rennur í austur og sker sveitina í tvennt. Norðan þess eru nokkrir bæir, m.a. Steinsmýri, efri og syðri, og þar bjó margt fólk (um 40 manns skv. manntalinu 1890) á einum níu býlum, öllum kostarýrum. Efri-Steinsmýri er efsti bærinn í Meðallandi og er nú hvað þekktust fyrir að þar fæddist sr. Sigurbjörn Einarsson biskup. Faðir hans, Einar Sigurfinnsson, var þá bóndi þar en hann bjó síðar í Vestmannaeyjum allmörg ár. Sigurfinnur Einarsson („Finnur í Fagradal"), bróðir biskups, og hálfbróðir hans, Guðmundur Einarsson, sem starfaði m.a. í kjötvinnslu Kaupfélagsins, bjuggu líka í Eyjum.

Fyrri kona Einars Sigurfinnssonar var Gíslrún Sigurbergsdóttir, en hún fórst í bruna á Efri-Steinsmýri bráðung, aðeins 25 ára gömul, frá tveim ungum sonum eins og Jón Helgason segir frá í grein sinni. Systir hennar var Ingibjörg sem giftist Bjarnfreði Ingimundarsyni á Efri-Steinsmýri, en það voru foreldrar Haralds sem segir frá í grein Jóns. Sigurbergsbörn voru 13 og ein dóttirin var Árnfríður, móðir Einars rakara Þorsteinssonar sem var þekktur borgari í Vestmannaeyjum fram undir gosið og hafði rakarastofu sína í Kaupangri (gegnt Viðey) sem stóð við hin miðlægu gatnamót Vestmannabrautar, Bárustígs og Hilmisgötu. Einar var einn af bestu leikurum Eyjanna um mörg ár.

Átta af 20 börnum Ingibjargar og Bjarnfreðs, systkini Haralds; myndin er tekin í sextugsafmæli Aðalheiðar: Jóhanna, Aðalheiður, Ólafur, Vilborg, Eygerður, Steindór, Sigurbergur og Magnús.

Bjarnfreður Ingimundarson á Efri-Steinsmýri var meiri náttúrufræðingur en bóndi eins og Jón rekur, merkur og greindur maður. Ingibjörg húsfreyja var gáfuð kona en andstæða manns síns við búskapinn, jarðbundin og dugleg og afar trúhneigð. Fátæktin var sár og ómegðin mikil, en verst var ástandið eftir frostaveturinn 1918 og Kötlugosið sama ár, en þá fór hluti sveitarinnar á flot.

Faðir Bjarnfreðs, Ingimundur Árnason, var fæddur í Vestmannaeyjum, en fullyrt var að hann væri launsonur þess fræga sýslumanns í Eyjum, kafteins Kohls.

Ingibjörg lést 1945 úr brjóstakrabbameini. Hún veiktist haustið 1944 og segir Aðalheiður, dóttir hennar, að hún hafi ekki komist til læknis veturinn 1944-45 vegna ófærðar. Eftir andlát hennar brá Bjarnfreður búi í Meðallandi og fór til Vestmannaeyja og hélt heimili með börnum símum þar í fáein missiri. Bjuggu þau á Brekastíg 31. Árið 1948 fluttist hann og börn hans flest til Reykjavíkur. Yngri börnin fóru þá til eldri systkina og ólust þar upp. Síðast dvaldist Bjarnfreður hjá Birni, elsta syni sínum og konu hans sem voru bændur í Ormskoti í Fljótshlíð en bjuggu seinna á Hvolsvelli, en hann var þá orðinn lúinn ekkjumaður, yndi sviptur og áhugalaus um náttúrufræði. Hann lést 1962.

Af 20 börnum Bjarnfreðs og Ingibjargar sýnast 13 hafa búið í Eyjum um lengri eða skemmri tíma, flest meðan Bjarnfreður var þar, lengst Aðalheiður, verkalýðsforingi og þingmaður, Björn, Lárus, Sigurbergur, Ármann, auk Haralds.

Þess má geta að Ingibjörg og Bjarnfreður giftu sig ekki fyrr en 1941, hver sem ástæðan fyrir því var. Þá höfðu þeim fæðst 19 börn, og er því aðeins eitt barna þeirra fætt í hjónabandi, Þóranna Halla, hið yngsta og tuttugasta (f. 1942). Fram að giftingu var Ingibjörg kölluð „bústýra" á Efri-Steinsmýri í sóknarmannatali Langholtssóknar í Meðallandi.

– HBern.

Ármann 1928, Aðalsteinn 1929, Steindór 1930, Valdimar 1931, Magnús 1934, Sveinn Andri 1935, d. 1941, Ólafur 1936, Vilmundur 1939 og Þóranna Halla 1942. Þá var móðirin, Ingibjörg, að verða 49 ára og átti tæp þrjú ár ólifuð.

Haraldur fer í Seglbúðir 1923, 5 ára gamall

Sama ár og Jóhanna fór nýfædd til Einars Þorsteinssonar og fjölskyldu hans taka hjónin í Seglbúðum, Gyðríður Pálsdóttir og Helgi Jónsson, Harald Bjarnfreðsson, fimm ára gamlan í fóstur. Þaðan sótti hann barnaskóla að Þykkvabæ og var í Seglbúðum til fimmtán ára aldurs. Þá fetaði hann í fótspor eldri bræðra sinna og fór í vinnu til Vestmannaeyja.

Haraldur hafði reyndar kynnst sjóróðrum í uppvextinum í Seglbúðum, þó með öðrum hætti væri en í Vestmannaeyjum. Nú var að vísu ekki hægt að sigla 10-15 km inn í land við Seglbúðir eins og áður þar sem sandburður og sandfok hafði fyllt upp hina fornu farvegi. Hins vegar höfðu bændur syðst í Landbroti og frá Steinsmýri stundað fiskiveiðar frá sandströndinni við Skaftárós innst í Meðallandsbugtinni. Smíðuðu þeir sjálfir árabátana sem þeir reru frá Seglbúðum eftir Grenlæk og Landbrotsvötnum suður að Skaftárósi. Meðal þeirra síðustu, sem gerðu þetta, var Jón, faðir Helga, síðar fóstra Haralds.

Í Verslunarsögu Vestur-Skaftfellinga segir Kjartan Ólafsson ritstjóri:

„Hátt á annan áratug lá þjóðleiðin frá Skaftárbrú að Skaftárósi um hlaðið í Seglbúðum og engir aðrir bæir á þeirri leið. Öll þau ár og lengi síðan bjuggu í Seglbúðum hjónin Helgi Jónsson og Gyðríður Pálsdóttir og stóðu þar fyrir rausn svo orð fór af. Á kauptíðinni var þar oft örtröð gesta, en Steingrímur Sveinsson, sem átti heima í Seglbúðum á árunum 1919-1929, segir að þar hafi allir ferðamenn fengið kaffi, sumir mat og talsvert verið um næturgesti. Aldrei tóku þau Helgi og Gyðríður nokkurt gjald fyrir sínar veitingar."

Haraldur hefur því getað fylgst fyrri hluta sumars með þeim mörgu sem fóru með ullina sína í verslunarferðir suður að Skaftárósi, en hún hafði um aldir verið aðalsöluvara íslenskra bænda. Í verslunarhúsinu við Skaftárós var hún vegin og metin og troðið í stóra ullarbala. Þeir voru síðan bornir á bakinu út á hestvagna og fluttir niður í flæðarmálið þar sem þeir voru aftur bornir út í uppskipunarbátinn og róið með þá út í Skaftfelling. Með sama hætti voru neysluvörurnar fluttar í land og bornar inn í hús. Reyndar var fyrsta vörubílnum í Vestur-Skaftafellssýslu,



Sigurbjörn biskup og faðir hans, Einar Sigurfinnsson, áður bóndi á Efri-Steinsmýri. Einar og Bjarnfreður, faðir Haralds, voru svilar, giftir systrum.

sem Bjarni Runólfsson í Hólmi fékk, skipað þar upp árið 1926 svo að á næstu árum tóku bílarnir við hlutverki hestvagnanna. Haraldur hefur því getað fylgst með því ungur að árum þegar Bjarni klöngraðist á bílnum fram hjá Seglbúðum eftir hestagötunum frá Skaftárósi upp að Hólmi.

Minningin um Harald

Ef til vill hafa kynni Haralds af þessari vinnu ásamt reynslu eldri bræðra hans af vertíðarferðum til Vestmannaeyja hvatt hann til að feta í fótspor þeirra árið 1933, þótt hann kæmi eitthvað aftur að Seglbúðum fram á árið 1935. Eina endurminning mín um hann mun vera frá þeim tíma. Hann hafði sterkan svip af föður sínum og aðrar lýsingar af honum gátu áreiðanlega einnig átt við Harald. Eftir þessa dvöl í Seglbúðum fór Haraldur að Hraungerði í Flóa þar sem móðurbróðir hans, Hjörleifur Sigurbergsson, var þá bóndi, ásamt Sigurði Pálsson sóknarpresti. Eftir þá veru þar var Haraldur sjómaður í Vestmannaeyjum og Reykjavík.

Hringt í sveitasímann í Seglbúðum

Í nóvember 1939 er hringt í sveitasímann til Gyðríðar í Seglbúðum. Eftir símtalið settist hún niðurbrotin við eldhúsborðið þar og sagði „Ég sé aldrei hann Halla minn aftur." Þá var Haraldur að láta hana vita að hann væri búinn að ráða sig á norska flutningaskipið e/s BISP, en það átti að fara til Englands að sækja þangað kol og flytja til Noregs. Þegar skipið kom ekki til Noregs var ljóst að það hafði farist, en síðar komu fram gögn frá Þýskalandi sem sýndu að þýskur kafbátur hafði skotið það niður með tundurskeytum og áhöfnin öll farist með því 23. janúar 1940.

Magnús Bjarnfreðsson, fæðing hans og fóstur

Öll yngri börn Ingibjargar og Bjarnfreðs, 12 að tölu, fædd 1924 og síðar, ólust upp hjá foreldrum sínum nema Magnús, sá alkunni sjónvarpsmaður.

Þegar ljósmóðirin, Hildur Jónsdóttir á Þykkvabæjarklaustri í Álftaveri, hafði lokið skyldustörfum sínum við fæðingu Magnúsar 1934 fór Hildur í næsta hús þar sem var einn af fáum nýkomnum símum í sveitina. Hildur hringdi þaðan til Gyðríðar Pálsdóttur í Seglbúðum og sagði henni að fætt væri eitt myndarlegasta barn sem hún hefði séð en hún tók á móti miklum fjölda barna. Jafnframt sagði Hildur að hún gæti ekki hugsað til þess að fara frá barninu við hinar erfiðu aðstæður á heimilinu eins og Aðalheiður lýsti síðar: „Þegar hann leit dagsins ljós var heimilið óvenju bjargarlaust." Gyðríður fór því þegar að Efri-Vík í Landbroti þar sem Páll bróðir hennar og Magnea Magnúsdóttir, kona hans, bjuggu barnlaus. Þau ákváðu þegar að taka á móti drengnum svo að Gyðríður fór því strax suður að Steinsmýri. Hún fékk Helga, mann sinn, með sér og reiddi hann hvítvoðunginn í fanginu upp að Efri-Vík.

Ævilok gömlu hjónanna

Ingibjörg Sigurbergsdóttir dó á Vífilsstöðum 20. júlí 1945, 51 árs gömul, þremur árum eftir að yngsta barn hennar fæddist. Árið eftir fluttist Bjarnfreður með yngstu systkinin til Vestmannaeyja, en fljótlega fór hann til Reykjavíkur og börnin til eldri systkina. Síðar fluttist Bjarnfreður til Björns sonar síns sem þá var bóndi í Ormskoti í Fljótshlíð. Bjarnfreður dó 16. mars 1962, á 73. aldursári, og var grafinn í kirkjugarðinum á Kotströnd við hlið konu sinnar.

Jón Helgason: bóndi, alþingismaður og ráðherra

Jón Helgason (1931-2019), höfundur greinarinnar um Harald Bjarnfreðsson og fólkið hans, var fæddur í Seglbúðum sem er bær neðarlega í Landbroti, sunnan við Kirkjubæjarklaustur. Jón var kominn að stúdentsprófi í MR þegar faðir hans lést 1949. Hann lauk prófi ári seinna, enda frábær námsmaður, en hvarf frá frekara námi og sneri heim í Seglbúðir og tók við búinu þar. Foreldrar hans voru í forustu í sveitinni, Helgi Jónsson og Gyðríður Pálsdóttir sem lifði lengi í ekkjudómi (d. 1994) og var annálaður skörungur og hjálparhella margra nágranna sinna.

Jón var kosinn þingmaður fyrir Framsóknarflokkinn 1974-95, varð forseti sameinaðs Alþingis 1979-83 og ráðherra 1983-88, forseti efri deildar 1988-91. Að lokinni þingmennsku beitti hann sér á vettvangi Þjóðkirkjunnar og var forseti kirkjuþings.

Jón var kvæntur Guðrúnu Þorkelsdóttur (1929-2021), afar mætri konu. Þau voru tengd samvinnuhreyfingunni og systir Jóns, Margrét, var gift Erlendi Einarssyni frá Vík, forstjóra SÍS, en Guðrún (Dúna) hafði starfað fyrir hann áður en hún fluttist í Seglbúðir og m.a. í New York.

Þegar ég vakti athygli Jóns á árásinni á Bisp í stríðsbyrjun, örlögum skipsins og skipverja eftir að grein Kjartans á Múla birtist í Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja 2012 kannaðist hann strax við málið. Þá sagði hann mér að einn Íslendinganna um borð, Haraldur Bjarnfreðsson frá Efri-Steinsmýri, hefði verið uppeldisbróðir sinn í Seglbúðum. Rifjaði hann þá upp atburð í æsku sem tengdist árásinni á Bisp og ráðningu Haralds á þetta norska flutningaskip haustið 1939. Haraldur var þá að verða 22 ára gamall. Bað ég Jón að skrifa þessa athyglisverðu frásögn sem birta mætti í blaði í Eyjum. Nokkru seinna barst mér frásögnin vélrituð, eflaust af Dúnu, konu hans. Segir þar ekki aðeins af Haraldi heldur líka foreldrum hans og systkinum sem voru óvenjumörg og komu nokkuð við sögu í Vestmannaeyjum. Jón sagði mér að kvittur hefði verið um í sveitinni að Haraldur ætti kærustu og barn í vonum, en vissi ekki sönnur á því. Ekki hefur tekist að fá botn í það.

Af ýmsum ástæðum hefur dregist að koma frásögn Jóns á framfæri en nú er bætt úr því. Ég hef leyft mér að stytta frásögnina örlítið, vikið við orðum og hnikað til efnisatriðum og sett fyrirsagnir til að greinin væri þægilegri í lestri.

- Helgi Bernódusson.

Jón Helgason og Guðrún Þorkelsdóttir, bændur í Seglbúðum í Landbroti.

Látnir kvaddir

Fólk sem búið hefur í Vestmannaeyjum í lengri eða skemmri tíma og látist hefur á árinu.

Jón Loftsson
áður Fjólugötu 19
f. 15. sept. 1954- d. 1. jan. 2023

Ásgeir Jón Ámundsson
áður Kirkjubæjarbraut 8
f. 1. apríl 1943 – d. 28. apríl 2023



Sigurður Guðmundsson
áður Bakkastíg 8 – vestri Gjábakka
f. 27. ágúst 1938 – d. 4. nóv. 2023



Hannes Bjarnason
áður Höfðaveg 34
f. 1. apríl 1946 – d. 7. des. 2023

Þuríður (Dússý) Ólafsdóttir
frá Suðurgarði
f. 19. febrúar 1935 – d. 12. des. 2023

Ingvar G. Engilbertsson
áður Bárustíg 9, Hólshúsi
f. 23. nóv. 1954 – d. 12. des. 2023

Þórarinn Gíslason
áður Mjölni , Skólavegi 18
f. 31. júlí 1962 – d. 12. des. 2023

Ásdís Guðný Ragnarsdóttir
áður Kirkjuvegi 26
f. 1. febrúar 1945 – d. 13. des. 2023



Svanur Jónsson
Sólhlíð 19 - áður Sóleyjargötu 1
f. 19. janúar 1933 – d. 13. des. 2023



Jóhanna Jensdóttir
áður Hólagötu 6
f. 30. ágúst 1934 – d. 14. des. 2023



Ólafur Tryggvason
Goðahrauni 1
f. 5. des. 1939 – d. 16. des. 2023

Pétur Ragnar Antonsson
frá Sandprýði við Bárustíg
f. 26. ágúst 1934- d. 19. des. 2023

Guðrún Sveinsdóttir
áður Búastaðabraut 14
f. 14. nóv. 1933 – d. 25. des. 2023

Hörður Gígja
Bröttugötu 14
f. 16. maí 1954 – d. 30. des. 2023

Ragnar Hauksson
áður Heiðarvegi 22
f. 22. mars 1962 – d. 31. des. 2023

Margrét Ólafsdóttir
Nýhöfn , Skólavegi 23
f. 29. júlí 1939 – d. 1. jan. 2024

Bryndís Torfadóttir
áður Fífilgötu 5
f. 2. febr. 1957 – d. 3. jan. 2024



Halldór Bjarnason
áður Víðidal, Vestmannabraut 33
f. 1. ágúst 1954- d. 5. jan. 2024

Sigurður Ingi Lúðvíksson
áður Heiðartúni , Höfðavegi 11
f. 10. mars 1944 – d. 6. jan. 2024

Sigríður Gísladóttir
áður Illugagötu 65 – frá Héðinshöfða
f. 3. nóv. 1938 – d. 6. jan. 2024



Lúðvík Pétursson
áður Skólavegi 45
f. 22. ágúst 1973 – d. 10. jan. 2024

Ragna María Pálmadóttir
áður Bakka – Flötum 12
f. 27. mars 1941 – 13. jan. 2024

Karl Sesar Sigmundsson
áður Hásteinsvegi 33
f. 6. febr. 1938 – d. 14. jan. 2024

Baldur Aðalsteinsson
Kleifarhrauni 2
f. 7. júlí 1943 – d. 17. jan. 2024



Ragnar Runólfsson
áður Grænuhlíð 14- frá Bræðratungu
f. 13. des. 1933- d. 23. jan. 2024

Haflína Ásta Ólafsdóttir
Höfðavegi 27
f. 8. ágúst 1932- d. 27. jan. 2024

Kristbjörg Ingileif Sigurjónsdóttir
Eyjahrauni , áður Vallargötu 4
f. 11. des. 1931 – d. 4. febrúar 2024

Sóley Traustadóttir
áður Brimhólabraut 5
f. 3. janúar 1965- d. 2. febr. 2024

Gestur Páll Gunnbjörnsson
áður Miðstræti 16
f. 29. maí 1962 – d. 4. febr. 2024

Margrét Guðmundsdóttir Brabin
áður Sólhlíð 26
f. 28. ágúst 1948 – d. 8. febr. 2024

Karl Sigurbjörnsson
áður Sóleyjargötu 2
f. 5. febrúar 1947 – d. 12. febr. 2024



Magnús Loftsson
áður Fjólugötu 19
f. 12. jan. 1957 – d. 13. febrúar 2024

Aðalsteinn Jónatansson
áður Brimhólabraut 37
f. 12. nóv. 1958 – d. 15. febrúar 2024

Helgi Scheving Karlsson
frá Heiðarhvammi- v/Helgafellabraut
f. 30. apríl 1940 – d. 10. mars 2024

Runólfur Þórðarson
áður Þrúðvangi , Skólavegi 22
f. 30. sept. 1927 – d. 13. mars 2024

Sandra Snæborg Fannarsdóttir
áður Hvítingavegi 5
f. 23. sept. 1964 – d. 18. mars 2024

Ursula Margrét Berta Quade
Guðmundsson
áður Illugagötu 11
f. 17. jan. 1931 – d. 20. mars 2024

Friðrik Ingi Óskarsson
áður Hátúni 16 – frá Hvassafelli
f. 16. febrúar 1948- d. 21. mars 2024

Sigríður Elín Guðmundsdóttir
Illugagötu 31
f. 27. júní 1938 – d. 24. mars 2024

Viktor Hjartarson
áður Skólavegi 33
f. 31. mars 1951 – d. 25. mars 2024

Margrét Jenný Gunnarsdóttir
Hrauntúni 69
f. 17. maí 1951 – d. 27. mars 2024

Jórunn Guðný Helgadóttir
Eyjahrauni 2 – frá Vesturhúsum
f. 11. júní 1929 – d. 3. apríl 2024

Jóhann Bjarnason
áður Nýjabæjarbraut 8
f. 14. okt. 1956 – d. 6. apríl 2024

Einara Sigurðardóttir
frá Hruna , Miðstræti 9
f. 17. jan. 1936 – d. 6. apríl 2024



Guðmundur Kr. Stefánsson
áður Höfðavegi 38
f. 1. maí 1943 – d. 9. apríl 2024

Jónína Þorsteinsdóttir
áður Kirkjubæjarbraut 4
– frá Vesturhúsum
f. 23. sept. 1944 - d. 11. apríl 2024

Klemens Árni Einarsson
áður Höfðavegi 25
f. 25. janúar 1958 – d. 14. apríl 2024

Björn Neuman Jensen
áður Hilmisgötu 3
f. 23. júní 1958 – d. 15. apríl 2024

Páll Bergsson
áður Suðurgerði 2
f. 30. jan. 1932 – d. 14. apríl 2024



Haraldur Júlíusson
Bessahrauni 20
f. 11. sept. 1947 – d. 24. apríl 2024



Pétur Einarsson
áður Sólvöllum , Kirkjuvegi 27
f. 31. okt. 1940 – d. 24. apríl 2024

Bjarney Sigurlín Erlendsdóttir
Kleifarhrauni 14 a)
– Baddý í Ólafshúsum
f. 20. febr. 1932 – d. 24. apríl 2024

Anna Sigríður Grímsdóttir
Kleifarhrauni 3
f. 14. júlí 1928 – d. 27. apríl 2024

Jóhannes Steingrímsson
áður Hásteinsvegi 22
f. 8. des. 1961 – d. 7. maí 2024



Smári Steingrímsson
áður Kirkjubæjarbraut 9
f. 25. nóv. 1956 – d. 9. maí 2024

Guðrún Þórarinsdóttir
frá Mjölni , Skólavegi 18
f. 14. nóv. 1940 – d. 12. maí 2024

Sigríður Guðrún Árnadóttir
áður Brimhólabraut 12
f. 6. febr. 1945 - d. 14. maí 2024



Örn Bjarnason
áður Túngötu 5
f. 20. júní 1934 – d. 16. maí 2024

Svava Svavarsdóttir
áður Hólagötu 5
f. 29. febr. 1956- d. 23. maí 2024

Sveinbjörn Guðmundsson
Hásteinsvegi 60
f. 12. apríl 1967 – d. 25. maí 2024

Guðríður Guðfinna Jónsdóttir
Eyjahrauni – áður Fjólugötu 7
f. 25. febr. 1931 – d. 28. maí 2024

Halla Steingrímsdóttir
áður Bröttugötu 11
f. 3. des. 1936 – d. 29. maí 2024

Kristján Hauksson
áður Illugagötu 42
f. 15. febr. 1958 – d. 31. maí 2024

Bergþóra Jónsdóttir
Foldahrauni 40 – frá Mandal
f. 28. sept. 1945 – d. 4. júní 2024



Eyvindur Hreggviðsson
áður Sóleyjargötu 3
f. 20. ágúst 1936 – d. 10. júní 2024

Ragnar Eðvaldsson
áður Garðsstöðum v/ Strandveg
f. 6. nóv. 1940 – d. 10. júní 2024

Jörgen Nåby
Áshamri 71
f. 10. apríl 1940 – d. 11. júní 2024

Jóna Björg Guðmundsdóttir
Ásavegi 2 – frá Nýhöfn
f. 26. okt. 1965- d. 16. júní 2024

Óli Þór Alfreðsson
f. 10. mars 1944 – d. 16. júní 2024
Kleifarhrauni 1 – áður Bröttugötu 20

Ása Ásmundsdóttir
frá Löndum
f. 7. febr. 1950 – d. 20. júní 2024

Gísli Þorsteinsson
áður Hvítingavegi 8
f. 24. sept. 1943 - d. 22. júní 2024

Pétur Þór Gunnarsson
áður Boðaslóð 18
f. 12. sept. 1958 – d. 28. júní 2024

Jes Einar Þorsteinsson
frá Hól, Miðstæti 5
f. 5. sept. 1934- d. 30. júní 2024

Símon Eðvald Traustason
frá Hjarðarholti -Vestm.br. 69
f. 1. ágúst 1948 – d. 3. júlí 2024

Guðfinna Björg Steinarsdóttir
áður Heiðarvegi 46
f. 1. oktober 1967 – d. 4. júlí 2024

Guðrún Eyland
áður Hásteinsvegi 39
f. 2. febr. 1951 - d. 6. júlí 2024



Óskar Þór Sigurðsson
áður Hásteinsvegi 31
f. 25. jan. 1930 – d. 9. júlí 2024



Engilbert Ottó Sigurðsson
Eyjahrauni – áður Fjólugötu 7
f. 14. maí 1931- d. 13. júlí 2024

Emil Sigurðsson
frá Búlandi , Skólavegi 41
f. 3. des. 1927 – d. 14. júlí 2024



Birgir Vigfússon
frá Gjábakka, Bakkastíg 17
f. 22. júlí 1941- d. 17. júlí 2024

Sigurður Kristinsson
áður Illugagötu 55
f. 7. des. 1964 – d. 22. júlí 2024

Gústaf Sigurlásson
Skólavegi 13 – frá Reynisstað
f. 11. sept. 1941 – d. 25. júlí 2024

Ólafur Kristinn Tryggvason
áður Smáragötu 22
f. 30. mars 1951 – 28. júlí 2024

Ólafur Ómarsson
áður Faxastíg 33
f. 20. febrúar 1975 – d. 1. ágúst 2024



Sævar Þór Jóhannesson
frá London , Miðstræti 3
f. 8. maí 1938 - d. 3. ágúst 2024

Þorvaldur Halldórsson
áður Hjalla Vestmannabraut 57
f. 29. okt. 1944- d. 5. ágúst 2024



Ólafur Eggertsson
Áshamri 57
f. 15. febr. 1948 – d. 8. ágúst 2024

Dalrós Gottschalk
frá Kirkjuhól, Bessastíg 4
f. 31. mars 1952 – d. 8. ágúst 2024

Guðbjörg Birna Ólafsdóttir
frá Kirkjuhól , Bessastíg 4
f. 24. februar 1934- d. 9. ágúst 2024

Þórdís Númadóttir
áður Eyri , Vesturvegi 25
f. 22. okt. 1939 – d. 10. ágúst 2024

Guðbjörg Pálsdóttir
áður Suðurgerði 12
f. 20. júlí 1937 – d. – 11. ágúst 2024

Ingibjörg Jónína Þórðardóttir
Sólhlíð 19 - áður Sóleyjargötu 1
f. 11. ágúst 1932 – d. 11. ágúst 2024

Brynja Helgadóttir
áður Dyrhólum, Hásteinsvegi 15 b)
f. 17. júlí 1961 – d. 11. ágúst 2024

Borgþór Yngvason
Fjólugötu 25
f. 3. mars 1955 – d. 23. ágúst 2024

Jón Örn Bogason
áður Ráðagerði, Skólavegi 19
f. 7. apríl 1933 – d. 24. ágúst 2024

Ásta Katrín Ólafsdóttir
áður Heiðarvegi 68
f. 25. des. 1958 – d. 24. ágúst 2024

Ólafur Ólafsson
áður Bröttugötu 28 – frá Hvanneyri
f. 17. okt. 1939 – d. 26.ágúst 2024

Helgi Vilberg Sæmundsson
Áður Hilmisgötu 7
f. 13. júlí 1953 – d. 27. ágúst 2024

Sigurður Guðmundsson
áður Bröttugötu 35 – frá Háeyri
f. 17. maí 1931 – d. 28. ágúst 2024

Guðný Gunnlaugsdóttir
Höfðavegi 37 – frá Gjábakka
f. 6. mars 1928 – d. 29. ágúst 2024

Ólöf Gestsdóttir
frá Strönd við Miðstræti
f. 24. júní 1937 – d. 2. sept. 2024

Gunnar Kristinn Gunnarsson
Brimhólabraut 28
f. 21. febrúar 1950 – d. 4. sept. 2024

Lovísa Gísladóttir
Brimhólabraut 24
f. 22. nóv. 1952 – d. 6. sept. 2024

Arnar Sighvatsson
Höfðavegi 6 – frá Ási
f. 6. ágúst 1934 – d. 20. sept. 2024

Erla Einarsdóttir
Áshamri 75
f. 14. janúar 1944 – d. 24. sept. 2024

Margrét Þórey Gunnlaugsdóttir
frá Hruna við Miðstræti
f. 19. apríl 1944 – d. 26. sept. 2024

Margrét Rósa Kjartansdóttir
frá Húsavík -Urðavegi 28
f. 25. febr. 1936 – d. 28. sept. 2024

Magnea Magnúsdóttir
áður Nýjabæjarbraut 11
f. 23. júlí 1944 – d. 2. október 2024

Margrét Bjarney Stefánsdóttir
frá Sandgerði , Vesturvegi 9 b)
f. 15. júní 1931 – d. 7. okt. 2024

Frank Walter Sands
áður Brimhólabraut 31
f. 22. jan. 1966- d. 8. okt. 2024

Ársæll Sveinsson
Litlagerði 7
f. 17. júlí 1992 – d. 22. okt. 2024

Sigurður Rafn Jóhannsson
áður Foldahrauni 42
f. 26. júní 1951 – d. 22. okt. 2024

Óskar Stefánsson
Hásteinsvegi 64
f. 13. des. 1942 - d. 24. okt. 2024

Huginn Óskarsson
áður Vestmannabraut 37
f. 11. júlí 1993 – d. 24. okt. 2024



Svanur Þorsteinsson
áður Kirkjubæjarbraut 4
– frá Vesturhúsum
f. 2. okt. 1947 – d. 26. okt. 2024

Sigurbjörg Einarsdóttir
áður Fjólugötu 19
f. 25. febr. 1956 – d. 29. okt. 2024

Guðrún Erna Sigurðardóttir
áður Kirkjubæjarbraut 17
f. 24. júlí 1966 – d. 1. nóv. 2024

Vigdís Hallfríður Guðjónsdóttir
áður Fjólugötu 8
f. 27. okt. 1946 – d. 7. nóv. 2024

Ester Agnarsdóttir Landmark
áður Áshamri 71
f. 24. nóv. 1965 – d. 7. nóv. 2024



Þorsteinn Runólfsson
áður Austurhlíð 4 – frá Bræðratungu
f. 5. apríl 1932 – d. 13. nóv. 2024

Unnur Jónsdóttir
áður Heimagötu 24
f. 26. maí 1949 – d. 15. nóv. 2024

Elín Sigríður Aðalsteinsdóttir
áður Birkihlíð 20
f. 4. júlí 1936 – d. 15. nóv. 2024

Trausti Þorsteinsson
Birkihlíð 8
f. 21. apríl 1939 – d. 30. nóv. 2024

Margrét Þorsteinsdóttir
Búhamri 78
f. 15. apríl 1977 – d. 3. des. 2024

Óskar Guðjónsson
Vesturvegi 13 a) – frá Skaftafelli
f. 26. des. 1927 - d. 7. des. 2024

Þóra Magnúsdóttir, Dídí
Vesturvegi 5 - Baldurshaga
f. 13. apríl 1930 – d. 8.desember2024

Marína Birta Sjöfn Geirsdóttir
Hraunbúðum
f. 16. des. 1940 -d. 8. des. 2024

Ólöf Jóna Sigurgeirsdóttir
frá Berjanesi
f. 16. sept. 1944 - d. 10. des. 2024

Far þú í friði,
friður Guðs þig blessi,
hafðu þökk fyrir allt og allt

Frá ritstjóra jólablaðs Fylkis

Með þessu jólablaði lýkur 76. árgangi í útgáfu Fylkis sem hóf göngu sína 18. mars 1949. Fylkir hefur að baki lengstu samfelldu útgáfu allra prentmiðla í Eyjum. Þátturinn Látnir kvaddir hefur fylgt jólablaði Fylkis frá 1975 og hefur skapað blaðinu sérstöðu á landsvísu. Á tæplega 50 árum hafa verið birtar upplýsingar og ljósmyndir af 4250 einstaklingum sem látist hafa og fæðst í Vestmannaeyjum og/eða búið í Eyjum í lengri eða skemmri tíma á lífsleiðinni. Fyrstu árin voru að mestu myndir af fólki sem búið hafði í Eyjum rétt fyrir gosárið 1973 og var síðar búsett í Eyjum eða uppi á landi þegar það féll frá. Ljósmyndadeild Morgunblaðsins hefur í tæp 30 ár útvegað flestar ljósmyndir í þáttinn. Sérstakar þakkir til Maríu Lilju Moritz Viðarsdóttur þjónustustjóra á Mbl. fyrir einstaka lipurð í öllum samskiptum. Þá færum við þakkir til þeirra sem hafa aðstoðað við öflun ljósmynda og upplýsinga um búsetu. Bjarney Erlendsdóttir – Baddý í Ólafshúsum hafði safnað upplýsingum í Þáttinn Látnir kvaddir í þrjá áratugi með aðstoð sonar síns Gríms Gíslasonar, létu staðar numið haustið 2023. Í jólablaði Fylkis 2023 var ítarlegt og fróðlegt viðtal við Baddý um hennar lífshlaup sem spannaði rúm 90 ár. Það var minnisstætt þegar við Eyþór Harðarson, ábm. Fylkis heimsóttum Baddý á Hraunbúðir fyrir réttu ári með fyrsta eintakið af jólablaði Fylkis með viðtalinu hana nýkomið úr prentsmiðju. Baddý lést á Hraunbúðum 24. apríl 2024.

Við boðuðum breytingar á verkaskiptingu við útgáfu Jólablaðs Fylkis í þessum pósti í fyrra. Guðrún Gísladóttir og Gísli Stefánsson, sonur hennar tóku að sér að afla upplýsinga í Þáttinn Látnir kvaddir frá ársbyrjun 2024 og hefur undirritaður aðstoðað við upplýsingaöflun og útvegun ljósmynda í þáttinn á þeirra fyrsta ári.

Jólablað Fylkis 2024 er 44 bls. og er það stærsta og efnismesta frá upphafi. Blaðið hefur undanfarin ár verið 40 bls., og var áformað að halda sig við þá stærð í ár. Mikið efni, greinar, viðtöl , Látnir kvaddir ásamt jólakveðjum ásamt miklu myndefni sem fylgir greinarskrifum og hefur jafnframt mikið upplýsingagildi, kallaði á stækkun blaðsins í ár. Efnistök jólablaðs Fylkis hafa á síðustu áratugum byggst mikið á greinum og viðtölum um sögu, menningu og atvinnulíf í Eyjum auk þáttarins Látnir kvaddir. Þátturinn Hús og fólk sem fylgt hefur blaðinu undanfarin ár birtist nú í áttunda sinn. Greinarskrif í næsta jólablaði liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en nokkrum mánuðum fyrir útgáfu. Nú liggur aftur á móti fyrir að næsta umfjöllun um Hús og fólk í JólaFylki 2025 verður um Þingholt við Heimagötu sem fór undir hraun í eldgosinu í lok mars 1973 og íbúa þess. Ómar Garðarsson blaðamaður og beintengdur Þingholtsfólkinu mun fjalla um húsið og íbúa þess í JólaFylki 2025.

Í mörg undanfarin ár hefur Helgi Bernódusson lagt JólaFylki mikið lið með skrifum um menn og málefni sem jafnframt hefur kallað á ómælda heimildarvinnu. Við undirbúning JólaFylkis 2024 fékk ég Helga til að koma með mér við val á efni og ræða við væntanlega greinarhöfunda auk þess að skrifa burðargrein í blaðið. Allt á sinn aðdraganda. Fyrir 3-4 árum minntist ég á það við Helga að 16. desember 2024 væru liðin 100 ár frá sjóslysinu norðan við Eiðið þar sem átta menn fórust er árabát hvolfdi á leið út í m/s Gullfoss. Frá upphafi vélbátaaldar í Eyjum 1906 voru tíð og mannskæð sjóslys við Eyjar. Þetta sjóslys hafði þá sérstöðu að það varð við bæjardyrnar og lík þeirra sem fórust utan eins fundust og voru jarðsett hér í kirkjugarðinum hlið við hlið. Tíminn leið og við ræddum ástæðu þess að tekin væri saman heilstæð grein um þennan atburð sem hafði mikil áhrif á samfélagið í Eyjum. Það varð að ráði og Helgi hóf heimildaöflun. Í upphafi þessa árs kom upp sú hugmynd að minnast þessa atburðar í Safnahúsinu mánudaginn 16. desember 2024 næstkomandi og hvort ekki væri ástæða til þess að koma upp minnisvarða á Eiðinu. Þetta er hvortveggja að verða að veruleika. Kári Bjarnason, forstm. Safnahúss, Gunnar Júlíusson, grafískur hönnuður og Marinó Sigursteinsson, pípari ásamt okkur Helga höfum komið að undirbúningi málsins með aðstoð fleiri aðila. Aflað hefur verið styrkja innanbæjar við að koma upp minnsivarðanum.

Að gefa út JólaFylki í þessari stærð útheimtir mikla vinnu við efnisval, greinarskrif, viðtöl, öflun heimilda, ljósmynda og Þáttinn látnir kvaddir. Þessu til viðbótar er ávallt töluverð vinna við dreifingu blaðsins, öflun auglýsinga og jólakveðja til að standa undir útgáfunni. Nær öll þessi vinna er unnin án endurgjalds og gerir þannig útgáfuna mögulega.

Að geta leitað til höfunda sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu við öflun heimilda og greinaskrif er ekki sjálfgefið. Að þessu sinni er jólahugvekja eftir Sunnu Dóru Möller, prest við Landakirkju í leyfi séra Viðars, grein Ívars Atlasonar um hraunhitaveituna, viðtal Ómars Garðarssonar við Sigurgeir í Skuld, viðtal Ásmundar Friðrikssonar við Sjöfn K. Benónýsdóttur, - Bobbu- , grein Eiríks Þórs Einarssonar um húsið Hof við Landagötu og íbúa þess, Kári Bjarnason fjallar um eigendasögu Vestmannaeyja, en samantekt Kára skipti miklu fyrir hagsmuni Eyjanna í samskiptum við Óbyggðanefnd, grein Helga sem fyrr sagði um sjóslysið við Eiðið 1924 og grein Jóns Helgasonar og Helga um lífshlaup Haraldar Bjarnfreðssonar, örlög hans og Bisp slysið auk Þáttarins Látnir kvaddir.

Jólablað Fylkis verður einnig í heild sinni á eyjafrettir.is út janúar 2025. Á timarit.is sem er vefur Landsbókasafns Íslands er hægt að finna miklar upplýsingar um útgáfu blaða og tímarita á Íslandi. Fylkir er þar á sínum stað og nær öll tölublöð frá upphafi er þar að finna. Þegar komið er inn á vefinn timarit.is er best að slá inn Fylkir Vestmannaeyjum, en þar er að finna nær alla flóruna í íslenskri blaðaútgáfu í yfir heila öld.

Að endingu þökkum við greinarhöfundum og auglýsendum fyrir að gera útgáfu jólablaðs Fylkis mögulega. Sæþóri Vídó Þorbjarnarsyni á Leturstofunni sem annast umbrot og uppsetningu og Landsprenti sem annast prentun er þakkað fyrir gott samstarf við vinnslu blaðsins.

Arnar Sigurmundsson,
ritstjóri Jólablaðs Fylkis.

Sendum starfsfólki okkar, viðskiptavinum og landsmönnum öllum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Með þökk fyrir samfylgdina í gegnum árin.

ÍSFÉLAG

Gleðileg jól
og farsælt komandi ár
SS
fremstir
fyrir bragðið

GLEÐILEG JÓL
Egils
MALT
APPELSÍN
Egils
MALTEXTRAKT
Egils
APPELSÍN
Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín

NÓA
Konfekt
Hver er þér svo kær?
Birkir
Þú ert mér svo kær
Sóley
Þú ert mér svo kær
Pabbi
Þú ert mér svo kær
Amma
Þú ert mér svo kær

SENDUM VESTMANNAEYINGUM
OG VIÐSKIPTAVINUM OKKAR
bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á LIÐNUM ÁRUM!
VESTMANNAEYJUM
KK
ICELAND
Karl Kristmanns
Umboðs- og heildverslun ehf.